
**SKOÐUN** Læknarnir eru þeir fyrstu sem fara, skrifar Bolli Héðinsson. 16


**MENNING** Nelson Goerner átti misgóðan leik á tónleikunum í Hörpu. 26


**LÍFIÐ** Spaugstofan er hætt á Stöð 2 eftir fjögurra ára starf og komin í pásu. 34


**SPORT** Fyrrverandi landsliðskempur segja HSÍ vera að sofna á verðinum. 30

ÓDÝRARI FARGJÖLD OG BREIÐARI BROS
WOW air


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
**5. nóvember 2014**
260. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## MARKAÐURINN



### Miklar sveiflur

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir útlit fyrir að afkoma samstæðunnar á fjórða ársfjórðungi verði talsvert lakari en á sama tíma í fyrra. Fyrirtækið kynnti metafkomu í síðustu viku.

## FRÉTTIR

**Launadeila enn í hnút** Útgjöld ríkisins vegna launa lækna aukast um helming verði farið að kröfum þeirra, segir fjármálaráðherra. 2

**Heilsufarsáhrif könnuð** Landlæknir fylgist með áhrifum gosmengunar. Kostnaður ríkisins vegna jarðvár við Vatnajökul er áætlaður tæpar 700 milljónir króna. 4

**Vígasveitir pynta börn** Fjöldi barna er sagður hafa orðið fyrir pyntingum og misþyrmingum á Kúrdasvæðum í norðanverðu Sýrlandi. 8



16

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | SA | 4 |
| Akureyri | 4° | S | 5 |
| Egilsstaðir | 3° | SA | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | SA | 8 |
| Reykjavík | 4° | SA | 6 |

**Vaxandi SA-átt** í dag og má búast við 10-20 m/s síðdegis, hvassast S- og SV-til. Úrkoma í öllum landshlutum. Hlýnar með deginum, hiti að 9 stigum S-til. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk




# Kæra Íbúðalánasjóð til ESA

**Stjórn Búseta á Norðurlandi hefur falið framkvæmdastjóra að láta útbúa kæru til eftirlitsstofnunar EFTA vegna vinnubragða Íbúðalánasjóðs varðandi leigufélagið Klett. Telur hann rekstur sjóðsins skorta lagaheimild.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Benedikt Sigurðarson, framkvæmdastjóri Búseta, telur fulla ástæðu til að kæra Íbúðalánasjóð til umboðsmanns Alþingis og Eftirlitsstofnunar Evrópu (ESA), vegna starfsemi leigufélagsins Kletts. Hann hefur látið útbúa lögfræðiálit vegna þessa og leggur á næstunni kæru fyrir stjórnarfund. Þetta kom fram á aðalfundi Búseta á Norðurlandi í byrjun vikunnar.

Málatilbúnaður Búseta byggir á að Íbúðalánasjóð skorti lagaheimild til að reka leigufélag. Eins sé það í ósamræmi við góða viðskiptahætti að eiga og reka íbúðir í samkeppni við eigin viðskiptamenn.

Árið 2012 var bætt við húsnæðislög ákvæði um að verkefni Íbúðalánasjóðs væru til að mynda að eiga leigufélag með íbúðarhúsnæði sem sjóðurinn hefur yfirtekið á nauðungarsölu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð sem ráðherra setur. Sú reglugerð sem lögin tilgreina hefur hins vegar aldrei litið dagsins ljós.

Forsvarsmenn Búseta telja þarna um markaðsskekkjandi ráðstafanir að ræða. Íbúðalánasjóður sé í of nánum samskiptum við keppinauta á markaði, þar sem þeir haldi á öllum gögnum varðandi Búseta. Í venjubundnum samkeppnisrekstri væri þetta ekki ásættanlegt ástand.

Á aðalfundi Búseta á Norðurlandi á mánudaginn var gagnrýndi Benedikt Íbúðalánasjóð harðlega og taldi félagið ekki hafa notið sannmælis í samskiptum við sjóðinn.

> **Neikvætt viðhorf einstakra stjórnenda ÍLS til húsnæðissamvinnufélaga hefur gert félaginu erfitt fyrir. Misvísandi og í sumum tilvikum röng upplýsingagjöf er alvarlegur hlutur.**
>
> *Benedikt Sigurðarson, framkvæmdastjóri Búseta.*



„Neikvætt viðhorf einstakra stjórnenda Íbúðalánasjóðs til húsnæðissamvinnufélaga hefur gert félaginu erfitt fyrir. Misvísandi, og í sumum tilvikum röng upplýsingagjöf, er alvarlegur hlutur.“

Einnig sagði Benedikt frá því á fundinum að með „pólitískum bellibrögðum“ hefði leiðrétting verðtryggðra lána ekki verið látin ná til búseta í almennum íbúðum húsnæðissamvinnufélaganna. Sagði hann frá því að félagið ynni að því í samstarfi við Búseta í Reykjavík og Búmenn að fá einnig þann forsendubrest leiðréttan.

Búseti á Norðurlandi á og rekur um 220 íbúðir á Akureyri sem félagið leigir út með búsetufyrirkomulagi. Tekist hefur að endurfjármagna lán Búseta hjá Íbúðalánasjóði. **- sa**



**Á TEPPIÐ** Fulltrúar Landhelgisgæslunnar með Georg Lárusson forstjóra í fararbroddi mættu í gær öðru sinni fyrir allsherjarnefnd Alþingis til að svara fyrir byssukaup frá Noregi. Nefndarmenn þiggja heimboð ríkislögreglustjóra í næstu viku og freista þess að fá botn í málið. Sjá síðu 6 FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Indverjar hrifnir af Íslandi:

## Ljósmyndir frá Ástu í Vogue

**TÍSKA** Tíu ljósmyndir sem Ásta Kristjánsdóttir tók á Íslandi í sumar hafa birst í indverskri útgáfu tímaritsins heimsfræga, Vogue.

„Þetta er ofsalega mikil landkynning fyrir Ísland. Vogue India er lesið í milljónum eintaka og ég reikna með að fólk eigi eftir að reka upp stór augu þegar það sér landslagið og vilji koma hingað,“ segir Ásta.


**ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Ásta Kristjánsdóttir er fyrsti Íslendingurinn sem á ljósmyndir í Vogue India og viðurkennir að það sé mikill heiður. „Maður er búinn að lesa Vogue síðan maður var lítill,“ segir hún. „Þetta er bara óskaplega gaman.“

**- fb /** sjá síðu 34

NATURA ISLANDICA
Betri heilsa náttúrulega


Engiferhylki
örva blóðrásina
www.naturaislandica.is

Vilja efla ferðaþjónustu á Árskógssandi og auka bjórframleiðsluna um 36%:

## Ætla að opna bjórspa í Eyjafirði

**FERÐAÞJÓNUSTA** Eigendur Bruggsmiðjunnar Kalda ætla að hefja framkvæmdir við nýtt bjórspa og veitingastað, sem eiga að standa við brugghús fyrirtækisins á Árskógssandi, árið 2016.

„Bjórinn er svo gríðarlega hollur fyrir húðina, og brugghúsið er við sjóinn, þannig að við munum nota hreinsaðan sjó og Kalda til að búa til spa-paradís,“ segir Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri og einn eigenda Bruggsmiðjunnar.

Bjórspö eru að sögn Agnesar vel þekkt í Tékklandi. Hugmynd eigenda fyrirtækisins gengur út á að sjór og bjórinn Kaldi verði hitaðir í þar til gerðu kari.



„Við fáum hingað gríðarlega mikið af gestum en það vantar meiri afþreyingu á staðinn og því ætlum við að fara í þessar framkvæmdir,“ segir Agnes og bætir við að framleiðsla brugghússins verði aukin um 36 prósent.


**AGNES ANNA SIGURÐARDÓTTIR**

**- hg /** sjá Markaðinn

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka


Iceland

Frábær flensufæla!


## SPURNING DAGSINS



### Ísólfur, eruð þið í rusli?

**„Við erum í rusli og stuði á víxl.“**
Ísólfur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri í Rangárþingi eystra, hyggst ræða við fulltrúa Gámaþjónustunnar vegna meintrar vanrækslu verktaka sem á að sækja rusl eins íbúa sveitarfélagsins.

SÁÁ segir ný sterk ávanabindandi verkjalyf komin á ólöglega vímuefnamarkaðinn hér á landi:

# Taflan líklega á fimm þúsund krónur

**HEILBRIGÐISMÁL** „80 mg tafla af OxyContin selst líklega á kr. 5.000.“ Þetta má lesa á vef SÁÁ þar sem greint er frá því að ný, sterk verkjadeyfandi lyf séu komin á ólöglega vímuefnamarkaðinn hér á landi.

„OxyContin hefur bæst í flokk þeirra lyfja sem fólk er að selja en ekki nota einhverra hluta vegna. Þetta er morfínskylt ávanabindandi lyf og misnotað sem slíkt. Misnotkun þess hefur verið mikið vandamál í Bandaríkjunum í langan tíma,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ.

Ólafur Einarsson, verkefnisstjóri lyfjagagnagrunns hjá Embætti landlæknis, segir að brögð hafi verið að því að einstaklingar hafi farið á milli lækna til að fá OxyContin ávísað. „Við skoðum þetta reglulega og ef við sjáum slíkt bregðumst við strax við. Við skoðun á ávísunum á OxyContin á árunum 2012 og 2013 kom hins vegar í ljós að ávísunum fækkaði.

„Það er ávísað mun meira af öðrum lyfjum í flokki sterkra verkjalyfja. En almennt eru læknar mjög á varðbergi í sambandi við þessi lyf.“

Að sögn Ólafs hefur verið meira um að einstaklingar fái önnur ávanabindandi lyf hjá fleiri læknum en einum og nefnir í því samhengi svefnlyf. Hann bendir á að gripið hafi verið til aðgerða til að auka aðgengi lækna að upplýsingum.

- ibs



**OxyContin hefur bæst í flokk þeirra lyfja sem fólk er að selja en ekki nota einhverra hluta vegna. Þetta er morfínskylt ávanabindandi lyf.**

*Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ*



**ÞINGMENN** Heyrnarhlífum og sessum veitt viðtaka. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Fjórar heyrnarhlífar og sessur fyrir hvern skóla landsins:

## Sérkennslugögn fyrir 4,5 milljónir

**ALÞINGI Styrktarfélag barna með einhverfu afhenti í gær þingmönnum sérkennslugögn sem keypt voru fyrir fé úr söfnuninni Blár apríl. Alls söfnuðust tæpar 4,5 milljónir króna sem nýttar voru til kaupa á heyrnarhlífum og kúlusessum.**

**„Eftir að hafa ráðfært okkur við sérfræðinga var þetta lendingin. Gögnin takmarka utanaðkomandi áreiti og börnin geta því einbeitt sér betur að námi,“ sagði Ragnhildur Ágústsdóttir, formaður félagsins.**

**„Þingmennirnir hleyptu söfnuninni af stað með því að ganga með bláan hálsklæðnað á degi einhverfu og því þótti vel við hæfi að þeir rækju smiðshöggið.“**

- joe

Herferð gegn ríkisfangsleysi:

## Enginn verði ríkisfangslaus

**BRETLAND, AP** Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna kynnti í gær metnaðarfulla herferð gegn ríkisfangsleysi. Stefnt verði að því að innan áratugar verði enginn maður ríkisfangslaus.

Milljónir manna búa nú við það að vera hvergi ríkisborgarar, og eru þá hvorki með fæðingarvottorð né önnur persónuskilríki.

Ástandið hefur versnað mjög undanfarin misseri, einkum vegna átakanna í Sýrlandi. Nýfædd börn kvenna, sem flúið hafa átökin þar, lenda mörg í þessari stöðu.

- gb

Ferðamenn án upplýsinga:

## Loka miðstöð vegna fjárskorts

**FERÐAÞJÓNUSTA** Upplýsingamiðstöð Austurlands á Egilsstöðum hefur verið lokað og óvíst er hvenær starfseminni verður framhaldið. Ástæðan er fjárskortur.

Svo segir í tilkynningu frá Austurbrú, sem rekið hefur miðstöðina. Þar segir að um mikla afturför í þjónustu við ferðamenn sé að ræða.

Sífellt minna fjármagn frá Ferðamálastofu Íslands auk þess sem Fljótsdalshérað ákvað nýverið að endurskoða þátt sinn í rekstrinum eru ástæður lokunarinnar, en Austurbrú leitar leiða til að opna að nýju.

- shá

# ASÍ segir ástandið á ábyrgð ríkisstjórnar

Fjármálaráðherra segir útgjöld til launa lækna aukist um helming verði farið að kröfum þeirra. Formaður Læknafélagsins segir árangur hafa náðst í viðræðum. Forseti ASÍ segir ekkert óeðlilegt við að læknar sæki launahækkanir.

**VINNUMARKAÐUR** Mikill hiti hefur færst í umræður um launakjör Íslendinga síðustu daga og búast menn við erfiðum samningaviðræðum í vetur. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í gær að ef gengið yrði að kröfum Læknafélags Íslands myndu útgjöld vegna launa lækna aukast um helming. Eins óskaði Sigmundur Davíð eftir skoðun ASÍ á háum launakröfum lækna.

Þorbjörn Jónsson, formaður læknafélagsins, vildi ekki staðfesta tölur fjármálaráðherra og kvað eðlilegt að hann svaraði fyrir þær sjálfur. „Við höfum aldrei dregið dul á það að við förum fram á verulegar launahækkanir. Við höfum ekki viljað fara í karp um tölur og prósentur í þeim efnum en það er ljóst að um umtalsverða hækkun er að ræða.“

Þorbjörn telur samt að nokkur árangur sé að nást í umræðunni. „Markmið mitt er að ná samningi sem fyrst svo að verkfallsaðgerðir stöðvist. Það þjónar ekki tilgangi að karpa um tölur og prósentur á síðum blaðanna. Stóru tíðindin eru hins vegar þau að ráðamenn þjóðarinnar telja að læknar hafi dregist aftur úr á síðustu árum. Það hafa þeir sagt opinberlega og er merki um að við séum að ná ákveðnum árangri í málflutningi okkar,“ segir hann.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagðist í viðtali við fréttastofu Sjónvarps vilja fá að heyra afstöðu ASÍ til þeirrar kröfugerðar að hækka laun lækna meira en annarra stétta.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, undrast þessa umleitan forsætisráðherra og telur hann horfa fram hjá eigin ábyrgð á stöðu mála. „Þótt maður eigi ekki að láta orð forystumanna ríkisstjórnarinnar koma sér á óvart þá tekst þeim það samt alltaf.“ Gylfi segir stöðuna sem uppi er á vinnumarkaði nokkuð slæma og búið sé að gefa tóninn. „Sigmundur og Bjarni eru á flótta frá sjálfum sér. Þeir hafa búið til nýja viðmiðun og um það standa deilurnar, að menn njóti þeirra viðmiðunar. Það þýðir ekki fyrir forsætisráðherra að benda á ASÍ í þeim efnum enda komum við ekki nálægt kröfugerð lækna eða samningaviðræðum þeirra.“

Ábyrgðina segir hann fyrst og fremst ríkisstjórnarinnar. Með því að hafa samið um 30 prósenta launahækkun framhaldsskólakennara á forsendum þess að um þjóðarsátt hafi verið að ræða hafi viðmiðið verið sett.

„Þótt óreyndir séu þá bera þeir samt sem áður ábyrgð á því ástandi sem upp er komið á vinnumarkaðnum á Íslandi,“ segir Gylfi. „Það er ástæða fyrir því að menn eru með góðar væntingar um hækkun launa. Til að mynda þegar þeir töluðu um laun menntaskólakennara. Sé það rétt að læknar hafi einnig setið eftir í launaþróun inni á spítölum þá er ekkert óeðlilegt að þeir vilji sækja ríflegar hækkanir. Ábyrgðin fyrst og fremst er ráðamanna þessarar ríkisstjórnar.“

sveinn@frettabladid.is



**Við höfum aldrei dregið dul á það að við förum fram á verulegar launahækkanir.**

*Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands*



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON — GYLFI ARNBJÖRNSSON — BJARNI BENEDIKTSSON






Lögreglustjórinn ekki reiðubúinn að segja umdeilda skýrslu vera mistök:

# Engar nýjar kærur hafa borist

**STJÓRNSÝSLA** „Það er ekki mitt að meta það hvort það hafi verið mistök eða ekki,“ sagði Sigríður Björk Guðjónsdóttir, lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, sem kom í gær fyrir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis vegna skýrslu um aðgerðir lögreglunnar við mótmæli árin 2008 til 2011.

Sigríður sagði skýrsluna einsdæmi og að slík samantekt yrði ekki gerð aftur.

Geir Jón Þórisson, þáverandi yfirlögregluþjónn sem gerði skýrsluna, sagði menn geta gagnrýnt textann og ásakað hann um hitt og þetta. „Þarna voru lögreglumenn sem sögðu sínar skoðanir og skýrslan var aldrei ætluð til húslestrar,“ sagði Geir Jón við Vísi í gær.

Einn þeirra sem nefndir eru í skýrslunni hefur kært lögregluna. „Ein kæra hefur borist og ekkert frekar um það að segja á þessu stigi,“ er svar ríkissaksóknara við fyrirspurn Fréttablaðsins.

- gar



**FYRIR ÞINGIÐ** Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri (lengst til hægri) mætir á fund stjórnskipunarnefndar í gær, ásamt Rannveigu Þórisdóttur, stjórnanda upplýsinga- og áætlunardeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Jóni H. B. Snorrasyni aðstoðarlögreglustjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## MIÐVIKUDAGINN 5. NÓVEMBER FRÁ 19:00 TIL 21:00

» **Drykkir** í boði Ölgerðarinnar

» Súkkulaðimeistarinn **Hafliði Ragnarsson** kynnir súkkulaði á heimsmælikvarða

» Gourmet matvara frá **Nicolas Vahe** og **Stonewall Kitchen**

» Jólalakkrís frá **Johan Bulow**

» Tískusýning frá **Lindinni**

» Suðræn danssveifla frá **Dansíþróttafélagi Hafnafjarðar**

» **Guðrún Finns** lífsstílsbloggari frá gudrunfinns.is veitir ráðgjöf

» Íslensk hönnun frá **Sveinbjörgu, Ihanna, Heklu og Jónsdóttir og co**

» Sýnikennsla og ráðgjöf við gerð aðventuskreytinga, hurðakransa og innpakkana.



KYNNIR KVÖLDSINS – JÓNSI



HAFLIÐI KYNNIR SITT EINSTAKA SÚKKULAÐI

LINDIN TÍSKUVERSLUN

PICCINI

## LUKKUPOTTURINN

Glæsilegir vinningar dregnir út allt kvöldið - svo sem:

» Superior class gisting fyrir 2 með morgunverði á Grand Hótel

» Gjafabréf frá Lindex

» Timberland skór

» Vinkonupakki á hádegis jólahlaðborð fyrir 4 á Spírunni

» Lifandi jólatré að eigin vali

» Glæsileg jóla/aðventuskreyting

## BJÓDDU VINKONU ÞINNI MEÐ OG NJÓTIÐ KVÖLDSINS MEÐ OKKUR!

**Frá 17 til 19 verður 2 fyrir 1**
af sérstökum vinkvennamatseðli á Spírunni

Val um:
» Humar, dill og sesam salat
» Reykt önd, mango og fennel salat
» Satay kjúklingasalat
» Gljáð rótargrænmetissúpa með Balsamic og súrdeigsbrauð fylgir öllum salötum.

GARÐHEIMAR
*fjölskyldufyrirtæki í 23 ár*

Garðheimar • Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

## SVONA ERUM VIÐ



**24** **prósenta aukning var á sölu raftækja**

**í september miðað við sama tíma í fyrra.**

Flokkar byggingavara og húsgagna vaxa hvor um sig um 15 prósent frá sama mánuði í fyrra mælt á föstu verðlagi.

*Heimild: Rannsóknasetur verslunarinnar.*

Fundað var í deilu tónlistarkennara í gær:

# Illa gengur að semja

**KJARAMÁL** Ekkert gekk í samningaviðræðum Félags tónlistarskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga hjá Ríkissáttasemjara í gær.

„Það er pattstaða. Okkur er tjáð að til þess að fá sömu laun og leik- og grunnskólakennarar þurfi að gera breytingar í kjarasamningnum sem fela í sér aukinn sveigjanleika,“ segir Sigrún Grendal, formaður Félags tónlistarskólakennara. Horft sé fram hjá því að sveigjanleiki sem sé innbyggður í samninga tónlistarskólakennara sé nú þegar langt umfram það sem stefnt er að í kjarasamningum hjá öðrum skólagerðum. „Kröfur samninganefndar sveitarfélaga eru hreinlega út úr kortinu.“

Fjöldi tónlistarkennara, auk nemenda í tónlistarnámi, mætti í Ráðhús Reykjavíkur í gær til að mótmæla og krefjast sambærilegra kjara og aðrir kennarar og stjórnendur í skólum.

Næsti sáttafundur er fyrirhugaður næstkomandi föstudag. **- glp**



**SAMSTAÐA** Ungmenni í tónlistarnámi mótmæltu í Ráðhúsi Reykjavíkur í gær og afhentu borgarstjóra yfirlýsingu og hvatningu til að semja við tónlistarkennara. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Á KJÖRSTAÐ** Yitzchok Hershowitz skrifar nafn sitt á kjörstað, en Shahnaz Kadir frá kjörstjórn fylgist með. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkjamenn kjósa:

## Kosið um fleira en öldungana

**BANDARÍKIN, AP** Bandarískir kjósendur gengu að kjörborðinu í gær og kusu sér nýtt þing, nýja ríkisstjóra í 22 ríkjum og tóku afstöðu til fjölda annarra mála sem borin voru undir atkvæði.

Þar á meðal voru kjósendur í Alaska, Washingtonborg og Oregon spurðir hvort lögleiða eigi marijúananotkun. Fóstureyðingarmál voru borin undir kjósendur í Colorado, Norður-Dakóta og Tennessee og í Colorado og Oregon voru teknar ákvarðanir um merkingar erfðabreyttra matvæla. **- gb**

Liðsforingja ekki refsað:

## Neydd í nektarsund í hernum

**NOREGUR** Norski herinn vill ekki greina frá því hvers vegna liðsforingi sem þvingaði konu í hernum til þess að vera nakin í sundi á heræfingu með körlum sleppur við refsingu. Liðsforingjanum var í upphafi gert að greiða 2.500 norskar krónur í sekt auk þess sem hann var fluttur til í starfi. Hann áfrýjaði málinu til aganefndar hersins sem felldi niður refsinguna.

Norskir stjórnmálamenn hafa krafist þess að ástæðan verði gerð opinber, að því er segir í frétt á vef norska ríkisútvarpsins. **- ibs**

# Landlæknir kannar áhrif gosmengunar á heilsu fólks

Kostnaður ríkissjóðs vegna jarðhræringanna í og við Vatnajökul er áætlaður tæpar 700 milljónir á þessu ári – miðað við óbreytt ástand. Landlæknir fylgist með áhrifum mengunarinnar líkt og gert var eftir Eyjafjallajökulsgosið.

**ÖRYGGISMÁL** „Það er í okkar augum mikilvægt að gera heilsufarskönnun til að átta okkur á því hvort mengunin frá eldgosinu hefur áhrif til lengri og skemmri tíma,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir um rannsókn sem nú er á teikniborðinu vegna mengunar frá eldgosinu í Holuhrauni. Fyrirfram telur Haraldur að áhrifin séu ekki mikil eða alvarleg, nema fyrir þá sem glíma við undirliggjandi sjúkdóma. Hins vegar sé á litlu að byggja þar sem þetta hefur lítt verið kannað.

„Þó há gildi mælist í stuttan tíma þá sýnist okkur að þetta eigi ekki að hafa varanleg áhrif á nokkurn hátt. En þetta verðum við að vita fyrir víst,“ segir Haraldur og vísar til þess að könnun sem þessi hafi áður verið framkvæmd hér nýlega.

Strax í upphafi eldgoss í Eyjafjallajökli vorið 2010 voru 207 íbúar á bæjum sunnan við jökulinn rannsakaðir af læknum með öndunarmælingum meðal annars. Rannsakaðir voru 100 karlar og 107 konur. Af þessum 207 voru 40 börn. Niðurstaðan varð að engin merki voru um alvarleg heilsufarsáhrif, en skammtímaáhrif voru nokkur hjá þeim sem veikastir voru fyrir.

Viðbrögð vegna eldgosa norðan Vatnajökuls og kostnaður ríkissjóðs var á dagskrá ríkisstjórnarinnar í gær. Þar var samþykkt að veita tæpum 700 milljónum króna til þeirra lykilstofnana sem bera hitann og þungann af aðgerðum vegna jarðhræringanna í og við Vatnajökul. Rannsókn landlæknis er innan þessara fjárheimilda, en erindi embættisins um sex mánaða rannsókn var samþykkt – en um eftirlit vegna áhrifa gasmengunar á heilsufar almennings er að ræða.

Í tilkynningu forsætisráðuneytisins kemur fram að veittar verða 329 milljónir til lykilstofnana vegna aðgerða í ágúst og september. Fyrir þá þrjá mánuði sem út af standa til áramóta eru 358 milljónir til viðbótar eyrnamerktar – til að bregðast við því ef ástandið á gosstöðvunum helst óbreytt. Féð verður nýtt samkvæmt tillögum samráðshóps vegna eldgossins og ríkisstjórnar, eftir atvikum.

Innan þessara fjárheimilda er fjölgun nettengdra mengunarmæla sem mæla styrk brennisteinsdíoxíðs sem mjög gerir vart við sig víða um land, en einnig er lagt til að hefja mælingar á styrk brennisteinssýru. **svavar@frettabladid.is**



**MENGUN** Töluverð mengun mældist víða um land í gær; hæstu mælingar voru norðanlands en einnig óvenju háar á höfuðborgarsvæðinu. Hér glyttir í fjarska í Gljúfrastein í Mosfellsdal í gegn um gosmistrið í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Þó há gildi mælist í stuttan tíma þá sýnist okkur að þetta eigi ekki að hafa varanleg áhrif á nokkurn hátt. En þetta verðum við að vita fyrir víst.**

*Haraldur Briem sóttvarnalæknir*

## Ágúst og september kosta 326 milljónir

- Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra fær 126 milljónir, þar með talið kostnað Landsbjargar og lögregluembætta við gæslu.
- Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands fær 61 milljón, m.a. vegna verulega aukins kostnaðar við starfsmannahald og ferðalög.
- Landhelgisgæslan fær 36 milljónir vegna viðbótareftirlits með flugi.
- Umhverfisstofnun fær 12 milljónir, m.a. vegna tækjakaupa.
- Vatnajökulsþjóðgarður fær 12 milljónir vegna vöktunar og þátttöku í mælingum vísindamanna.
- Veðurstofa Íslands fær 59 milljónir vegna verulega aukinnar vinnu og viðveru starfsmanna og tækjakaupa til að geta uppfyllt kröfur Almannavarna.
- Vegagerðin fær 24 milljónir vegna lokana að ósk Almannavarna og vegna varnarvirkja við brýr til að draga úr líkum á tjóni við aukna vatnavexti.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 20° | Friedrichshafen | 8° | New York | 18° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 10° | Orlando | 27° |
| Basel | 14° | Kaupmannahöfn | 10° | Ósló | 3° |
| Berlín | 11° | Las Palmas | 25° | París | 12° |
| Billund | 11° | London | 10° | San Francisco | 21° |
| Frankfurt | 11° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 6° |




**Á MORGUN** 8-16 m/s fyrrihluta dags, dregur svo úr




**FÖSTUDAGUR** 10-20 m/s, NV- og V-til annars hægari

**ÚRKOMUSAMT NÆSTU DAGA** Allhvasst eða hvassviðri NV-til á morgun og á föstudag. Talsverð úrkoma SA-lands á morgun og allhvass vindur. Kólnar heldur fram á föstudag.



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




# **Besti** *smábíllinn - aftur...*

**› Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.**

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.790.000** KR.

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hverrar gerðar er bifreið í eigu Strætó sem framkvæmdastjóri notar?
**2.** Hver er formaður SFR?
**3.** Í hvaða sveitarfélagi var starf bæjarritara lagt niður fyrir skömmu.

**SVÖR**

**1.** Mercedes Benz **2.** Árni Stefán Jónsson **3.** Mosfellsbæ

Ungur athafnamaður að koma fyrstu rafbílaleigu landsins á fót í Hafnarfirði:

# Rafbílar fyrir græna ferðamenn

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er fyrsta rafbílaleigan á landinu,“ segir Aðalsteinn Lárus Skúlason hjá fyrirtækinu ElectricCarrental í Hafnarfirði.

Aðalsteinn er aðeins 21 árs gamall og segir rafbílaleiguna því verða fyrstu skref sín í fyrirtækjarekstri. Fyrsti bíllinn verði keyptur eftir næstu helgi. Það verði bíll sem dregur um 130 kílómetra á 80 prósent hleðslu sem ná megi á tuttugu mínútum á hraðhleðslustöðvum. Síðar sé ætlunin að huga að langdrægari tegundum.

„Mest erum við að höfða til vistvæna náttúruunnenda og held að við eigum sterkan leik með því að vera með alveg grænt verkefni,“ segir Aðalsteinn.

Að sögn Aðalsteins er ætlunin að kynna rafbílaleiguna í gegn um Google-leitarvélina. Þar verði spjótunum sérstaklega beint að Bandaríkjunum og Spáni þaðan sem margir ferðamenn komi til Íslands. **- gar**



**AÐALSTEINN LÁRUS SKÚLASON** Höfðar til vistvænna ferðamanna með rafbílaleigu.

Fordæma kröfu Þóreyjar:

# Hvetja til breytinga á lögum

**DÓMSMÁL** Alþjóðlegu blaðamannasamtökin fordæma kröfu Þóreyjar Vilhjálmsdóttur, aðstoðarmanns innanríkisráðherra, um fangelsisdóm yfir blaðamönnum DV, Jóni Bjarka Magnússyni og Jóhanni Páli Jóhannssyni.

Sérstakur ráðgjafi samtakanna í ritstjórnarlegu frelsi, Scott Griffen, segir að samtökin séu slegin yfir kröfunni. Stjórnvöld eru hvött til að breyta meiðyrðalöggjöf í átt til þess sem gerist í öðrum löndum. **- kak**

Rússar ekki með á leiðtogafundi um kjarnorköryggi:

# Ætla að hunsa kjarnorkufund

**RÚSSLAND, AP** Rússnesk stjórnvöld hafa ákveðið að taka ekki þátt í leiðtogafundi um kjarnorkuöryggi, sem halda á árið 2016. Rússar hafa áður tekið þátt í leiðtogafundum af þessu tagi, en þeir hófust árið 2010 að frumkvæði Baracks Obama Bandaríkjaforseta. Talið er að spennan vegna átakanna í Úkraínu eigi sinn þátt í ákvörðun Rússa að þessu sinni.

Á síðasta leiðtogafundi komu fulltrúar 35 ríkja saman til að ræða um alþjóðlegar reglur um kjarnorkuöryggi. **- gb**



**VLADIMÍR PÚTÍN** Rússlandsforseti verður ekki með árið 2016.
NORDICPHOTOS/AFP


Ný frímerki

safnaðu litlum listaverkum

Á morgun 6. nóvember gefur Íslandspóstur út jólafrímerkin 2014 og frímerkjaröð tileinkaða íslenskri myndlist. Myndefni jólafrímerkjanna er fengið úr miðaldahandritinu Íslenska teiknibókin. Þau eru: Fæðing Jesú, boðun Maríu og tilbeiðsla vitringanna.

Jólaprýði Póstsins 2014 er tileinkuð þremur kirkjum. Hóladómkirkju, Akureyrarkirkju og Víðimýrarkirkju.






Fyrstadagsumslög fást á helstu pósthúsum. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni. Sími: 580 1050. Netfang: stamps@stamps.is Heimasíða: www.stamps.is facebook.com/icelandicstamps

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN




**Á TEPPINU** Forstjóri Landhelgisgæslunnar mætti ásamt fylgdarliði og svaraði öðru sinni fyrir allsherjarnefnd Alþingis spurningum um vopnamálið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Óeðlilegt að Gæslan þurfi að koma tvisvar

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir í allsherjarnefnd Alþingis segir að upplýsingar um vopnakaup hafi verið misvísandi. Forstjóri Landhelgisgæslunnar hitti Norðmenn í Hörpunni sem hvorki færðu honum gjafabréf né reikning fyrir hríðskotabyssum.

**STJÓRNSÝSLA** Ef Norðmenn gefa Íslendingum ekki umtalaðar hríðskotabyssur sem sendar voru hingað til lands og ríkið leggur ekki fram fé til kaupa á þeim er hugsanlegt að Landhelgisgæslan greiði fyrir byssurnar með því að veita þjónustu í staðinn.

Þetta kom fram í máli Georgs Lárussonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar, sem mætti í gær öðru sinni fyrir allsherjarnefnd Alþingis vegna hríðskotabyssumálsins.

„Það er óeðlilegt í sjálfu sér að gæslan þurfi að koma tvisvar. Af hverju lá þetta ekki bara alveg fyrir og var allt saman sagt á síðasta fundi?“ segir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir sem situr í allsherjarnefnd fyrir Vinstri græna.

Bjarkey kveðst hafa spurt forstjórann hvers vegna æft hafi verið með ótollafgreiddum hríðskotabyssum á Keflavíkurflugvelli og hvort það hafi gerst áður. „Hann sagði að þetta væri einangrað tilvik.“

Enn er óljóst hvort hríðskotabyssurnar eru gjöf frá Norðmönnum eins og Georg segir. „Hann nefndi að þeir hefðu hitt einhverja Norðmenn á ráðstefnu í Hörpunni um helgina og það var hvorki reikningur né gjafabréf sem þeir höfðu fram að færa,“ hefur Bjarkey eftir forstjóranum. „Hann heldur sig við að þetta hafi átt að vera gjafagjörningur. Bakki menn út úr því sé ekkert annað en að leita til ráðuneytisins með hvort það á þá að kaupa helminginn af þessu á móti ríkislögreglustjóra eða hvort það á að senda þetta til baka.“

Bjarkey segir enn ekki öll kurl komin til grafar. Þar vísar hún meðal annars í reglur um vopnaburð lögreglunnar sem meðlimir allsherjarnefndar fengu að sjá í trúnaði í gær. „Þar komu fram hlutir sem vöktu töluverðar spurningar og ekki má ræða – sem er auðvitað afar óþægilegt,“ segir hún og upplýsir að ríkislögreglustjóri hafi í gær boðið allsherjarnefnd í heimsókn í næstu viku. „Við ætlum að heimsækja ríkislögreglustjóra til að reyna að loka þessu máli.“

Að sögn Bjarkeyjar sagði Georg að útvega þyrfti vopn með einhverjum hætti. „Hann hefur viðrað það að greiða fyrir þetta með einhvers konar þjónustuskiptum. Það er algerlega órætt en það á ábyggilega að reyna að fara þá leið,“ segir Bjarkey.

Þá segir Bjarkey að óskað hafi verið eftir því formlega að tekin verði saman tímalína í málinu. „Þá kemur kannski að því að við sjáum hvort fólk talar einu máli í þessu eða ekki,“ segir hún.

Georg Lárusson sagði eftir fundinn hjá allsherjarnefnd í gær að byssurnar yrðu áfram innsiglaðar. „Meðan ekki er búið að leysa úr þessu eru vopnin undir innsigli og fara hvergi enda engin brýn þörf á þeim hér alveg á næstunni.“ **gar@frettabladid.is**

> **Við ætlum að heimsækja ríkislögreglustjóra til að reyna að loka þessu máli.**
> *Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, meðlimur allsherjarnefndar Alþingis.*

Tillögu um áheyrnarfulltrúa í tveimur nefndum Hafnarfjarðarbæjar hafnað:

# Vinstri grænir fá ekki fulltrúa

**HAFNARFJÖRÐUR** Vinstri grænir fá ekki áheyrnarfulltrúa í tveimur nefndum Hafnarfjarðar. Tillaga þess efnis var felld á fundi forsetanefndar 30. október síðastliðinn.

„Til stendur að gera úttekt á nefndum og ráðum bæjarins og ákvörðunin endurspeglar afstöðu meirihlutans að svo stöddu, “ segir Guðlaug Kristjánsdóttir, oddviti Bjartrar framtíðar og forseti bæjarstjórnar. Fjögurra mánaða afgreiðslutími tillögunnar segir hún að hafi ráðist af því að nefndin hafi ekki verið fullskipuð fyrr en í byrjun október.

„Fyrir skemmstu var því hafnað að minnihlutinn fengi sæti í starfshóp um skólastefnu bæjarins og nú þetta. Það fer ekki fyrir samstöðunni sem talað var um í upphafi,“ segir Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, fulltrúi Vinstri grænna. **- joe**



**GUÐLAUG KRISTJÁNSDÓTTIR**

# Nýtt bað fyrir jólin!







# Gæði



# Úrval













# og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

# i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili



**FRAMKVÆMDIR** Athafnasvæði Eimskips við Hafnarfjarðarhöfn. MYND/EIMSKIP

Eimskip í framkvæmdir:

## 10.000 tonna frystigeymsla

**FRAMKVÆMDIR** Eimskipafélag Íslands hefur ákveðið að ráðast í byggingu á 10.000 tonna frystigeymslu á athafnasvæði sínu í Hafnarfirði.

Fram kemur í tilkynningu að ákvörðunin sé tekin í ljósi þess að veruleg aukning hafi orðið í veiðum og vinnslu á uppsjávarfiski. Framkvæmdir eiga að hefjastfyrir áramót og fyrsti áfangi tilbúinn til notkunar sumarið 2015. - glp

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Vígasveitir pynta börn

Mannréttindasamtök segja fjölda barna hafa orðið fyrir pyntingum og misþyrmingum á Kúrdasvæðunum í norðanverðu Sýrlandi, fyrst af hálfu hersveita Assadstjórnarinnar og síðan af hálfu vígasveita Íslamska ríkisins.

**SÝRLAND, AP** Vígasveitir Íslamska ríkisins hafa pyntað og misþyrmt meira en 150 Kúrdabörnum sem handtekin voru fyrr á árinu skammt frá landamærabænum Kobani. Þau voru meðal annars barin með rafmagnssnúrum og vatnsslöngum.

Þetta fullyrða alþjóðlegu mannréttindasamtökin Human Rights Watch, sem hafa rætt við nokkur þeirra barna sem rænt var í vor þar sem þau voru á heimleið til Kobani eftir að hafa verið í skólaprófum í borginni Aleppo.

Samtökin segja um fimmtíu þeirra hafa sloppið fljótlega úr haldi vígamannanna, en hinum hafi verið sleppt smám saman. Þau síðustu fengu frelsið í lok október.

„Allt frá byrjun uppreisnarinnar í Sýrlandi hafa börn mátt þola þann hrylling sem fylgir handtöku og pyntingum, fyrst af hálfu stjórnar Assads og nú af hálfu Íslamska ríkisins," segir Fred Abrahams, talsmaður Human Rights Watch. „Þessar sannanir um pyntingar og misþyrmingar af hálfu Íslamska ríkisins sýna okkur hvers vegna enginn ætti að styðja glæpaverk þeirra."

Undanfarið ár hafa vígamennirnir handtekið hundruð Kúrda í Sýrlandi og jafnframt lagt kapp á að ná á sitt vald Kúrdasvæðunum í norðaustanverðum hluta Sýrlands. Á þriðjudaginn var svo skýrt frá því að tugir þessara Kúrda hafi verið látnir lausir, en engin skýring fylgdi hvort það hafi verið liður í einhverju samkomulagi við Kúrda.

Hörð átök geisa enn í Kobani, þar sem vígasveitir íslamista hafa mætt harðri mótspyrnu frá íbúum bæjarins þótt flestir hafi þeir reyndar flúið átökin. Þeir sem eftir eru tilheyra flestir þjóðvarnarsveitum sýrlenskra Kúrda, sem ganga undir skammstöfuninni YPG og hafa jafnan snúist til varnar þegar átökin í landinu hafa borist inn á Kúrdasvæðin.

Íbúarnir hafa nýlega fengið liðsinni frá Peshmarga-hersveitum íraskra Kúrda, sem tyrknesk stjórnvöld hafa leyft að fara yfir landamærin til Sýrlands.

Málið er umdeilt í Tyrklandi og hefur yfirstjórn hersins harðlega mótmælt þeirri ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leyfa vopnuðum Kúrdum að fara um tyrkneskt svæði á leið sinni frá Írak til Sýrlands. Tyrkneski herinn hefur áratugum saman varið kröftum sínum að stórum hluta í baráttu gegn sjálfstæðissinnuðum Kúrdum í suðaustanverðu Tyrklandi.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÁRÁSIR Á KOBANI** Kúrdabærinn Kobani í Sýrlandi, rétt sunnan landamæra Tyrklands, hefur verið í hers höndum um vikum saman. Fámennur hópur heimamanna hefur varist árásum vígasveitanna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Í FLÓTTAMANNABÚÐUM** Börn í flóttamannabúðum Kúrda í Tyrklandi, rétt handan landamæranna við Kobani. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GRUNNT Á ÞVÍ GÓÐA?



Dekkin eru einn mikilvægasti öryggisþáttur bílanna okkar, sér í lagi í vetrarakstri. Frá 1. nóvember gerir löggjafinn auknar kröfur um mynstursdýpt þeirra. Eftir það þurfa hjólbarðar bifreiða að hafa að lágmarki 3,0 mm mynstursdýpt yfir vetrartímann.

Markmið breytinganna er að auka öryggi þitt og þinna í umferðinni. Þetta snýst nefnilega um svo miklu meira en bílinn.



Til að einfalda þér að ganga úr skugga um að dekkin þín uppfylli þessar nýju kröfur bjóðum við þér að nálgast þar til gerða lyklakippu á næstu skoðunarstöð okkar án endurgjalds á meðan birgðir endast.

Við tökum vel á móti þér.

Aðalskoðun

www.adal.is Opið kl. 8 – 17 virka daga



**Í ÁLFSNESI** Sorpa ætlar sér að snarminnka sorpurðun með tilkomu nýrrar gas- og jarðgerðarstöðvar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kærunefnd dregur línu við 150 milljónir króna:

# Samningsgerð Sorpu við Aikan stöðvuð

**VIÐSKIPTI** Kærunefnd útboðsmála hefur ákvarðað að samningsgerð Sorpu bs. við Aikan A/S vegna byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi verði stöðvuð tímabundið.

Íslenska gámafélagið (ÍG) og dótturfyrirtæki þess, Metanorka ehf., kærðu samningsgerðina til nefndarinnar þann 9. október síðastliðinn með þeim rökum að hún stangist á við lög um opinber innkaup, og bjóða hefði átt verkið út til að gæta að miklum einka- og almannahagsmunum. Sorpa segist vera í fullum rétti og hafa haldið því fram að tæknilausn Aikan sé sú eina sem uppfylli markmið byggðasamlagsins um meðhöndlun lífræns heimilissorps, en tæknin gerir sorpflokkun óþarfa. Þessu hafa ÍG og Metanorka hafnað alfarið.

Kærunefnd útboðsmála virðist fallast á að Sorpa hafi ekki sýnt fram á með fullnægjandi hætti að aðrar lausnir séu ekki í boði, sem var kjarni kærunnar.

Í ákvörðun kærunefndarinnar segir jafnframt að sá hluti samnings sem gerður er án útboðs skuli ekki vera hærri en jafngildi einnar milljónar evra, eða rúmlega 150 milljónir íslenskra króna.

Þrátt fyrir endurteknar beiðnir Fréttablaðsins um upplýsingar um samningsgerðina, og hversu stórt hlutfall tæknilausnin er af um þriggja milljarða króna heildarkostnaði við framkvæmdina, hafa forsvarsmenn Sorpu kosið að halda þeim upplýsingum fyrir sig.

„Af þeim gögnum sem liggja fyrir í máli þessu verður ekki annað ráðið en að verðgildi þeirra samninga sem standi til að gera við Aikan A/S um fyrirhugað verk kunni að vera umfram framangreinda fjárhæð," segir í ákvörðun kærunefndarinnar. - shá

Charlotte Julien
Dream your world™

TEMPUR®
DÝNUR OG KODDAR



20,32% AFSLÁTTUR AF TEMPUR OG PLATINIUM STILLANLEGUM RÚMUM

# TAX FREE DAGAR

## AÐEINS Í NOKKRA DAGA

EKKI MISSA AF ÞESSU





Betra BAK

**Leggur grunn að góðum degi**

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100 og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566 betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Betra Bak.

# GOTT ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

Skoðaðu úrvalið á

bilaland.is

ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR




KIA CEED EX
Nýskr. 10/12, ekinn 47 þús. km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 142539.

Frábært verð!
2.860 þús.



NISSAN NOTE VISIA
Nýskr. 05/13, ekinn 31 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.570 þús.
Rnr. 141822.



HONDA ACCORD
Nýskr. 07/13, ekinn 34 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.490 þús.
Rnr. 282149.



TOYOTA YARIS HYBRID
Nýskr. 10/12, ekinn 28 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.890 þús.
Rnr. 282157.



RENAULT MEGANE SP. TOURER
Nýskr. 06/13, ekinn 55 þús. km.
dísil, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.990 þús.
Rnr. 142531.



DACIA DUSTER 4x4
Nýskr. 03/13, ekinn 75 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 2.760 þús.
Rnr. 142533.



NISSAN QASHQAI SE
Nýskr. 06/13, ekinn 36 þús. km.
dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 4.130 þús.
Rnr. 142545.

bílaland

Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is






**REIÐI** Íbúar í Chilpancingo, höfuðstað Guerrero-héraðs, kasta grjóti í hús héraðsstjórans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Bæjarstjórahjónin í Iguala handtekin

**Bæjarstjórinn sakaður um að hafa í lok september fyrirskipað árás á háskólanema sem hafi ætlað að trufla ræðu bæjarstjórafrúarinnar. Málið hefur varpað nýju ljósi á tengsl mexíkóskra ráðamanna við uppivöðslusöm fíkniefnagengi.**

**MEXÍKÓ, AP** Fyrrverandi bæjarstjóri í Iguala í Mexíkó hefur verið handtekinn ásamt eiginkonu sinni. Bæjarstjórinn er sakaður um að hafa skipað mönnum sínum að gera árás á hóp háskólanema í lok september.

Sex námsmenn létu lífið í árásinni og 43 virðast hafa verið numdir á brott. Málið hefur varpað nýju ljósi á náin tengsl ráðamanna sums staðar í Mexíkó við fíkniefnagengi, sem vaða þar uppi.

Bæjarstjórahjónin fyrrverandi, þau Jose Luis Abarca og Maria de los Angeles Pineda, sýndu engan mótþróa þegar þau voru handtekin í Mexíkóborg snemma þriðjudags. Talsmaður mexíkósku sambandslögreglunnar staðfesti handtökuna á Twitter-síðu sinni í gær.

Enn er allt óljóst um afdrif námsmannanna 43 þrátt fyrir að lögregla hafi lagt töluvert kapp á að upplýsa málið. Íbúar í Iguala og víðar í Guerrero-héraði hafa krafist svara og staðið fyrir mótmælum nánast daglega.

Það voru lögreglumenn sem réðust á námsmenn við lítinn kennaraháskóla í Ayotzinapa, sem er skammt frá Iguala, þann 26. september síðastliðinn. Þessi tiltekni hópur lögreglumanna hefur starfað náið með glæpamönnum úr fíkniefnagenginu Guerreros Unidos.

Stjórnvöld í Mexíkó segja nú að skipun um árásina á skólann hafi komið beint frá bæjarstjóranum. Hann hafi staðið í þeirri trú að námsmennirnir hafi ætlað sér að trufla ræðu bæjarstjórafrúarinnar síðar um daginn, en hún er jafnframt sögð hafa starfað með glæpagenginu. Leitin að námsmönnunum hefur meðal annars borist upp í hæðirnar fyrir ofan Iguala, þar sem um þrjátíu lík hafa fundist í fjöldagröfum. Enn hefur þó ekki fengist staðfest að neitt af þessum líkum sé af námsmönnunum.



**BÆJARSTJÓRAHJÓNIN FYRRVERANDI** Jose Luis Abarca ásamt eiginkonu sinni Mariu de los Angeles Pineda Villa. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þann 19. október tók stjórnin í Mexíkóborg ákvörðun um að senda sambandslögreglumenn til Iguala og taka þar við löggæslu. Lögreglumönnum bæjarins hefur verið vikið frá störfum.

gudsteinn@frettabladid.is







Veturinn er kominn og því þarf að sjá til þess að öryggisatriði bílsins séu í lagi. Hjá Olís fæst mikið úrval af vetrarvörum í hæsta gæðaflokki, s.s. rúðuvökvi, frostlögur, rúðusköfur, perur, tjöruhreinsir, þurrkublöð og lása- og afísunarefni. **Lykilhafar Olís og ÓB fá 10% afslátt af bílavörum hjá Olís**. Sé þess óskað sjá starfsmenn Olís um að gera bílinn kláran fyrir veturinn.

**Komdu við og njóttu framúrskarandi þjónustu á Olís.**

olís
Vinur við veginn

PIPAR\TBWA • SÍA • 143493

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

**Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2015**

Innritun í dagskóla fyrir vorönn 2015 fer fram á menntagatt.is dagana 1. nóvember til 30. nóvember 2014.
Einstakir skólar kunna að bjóða upp á lengra innritunartímabil og eru upplýsingar um það veittar á vefsíðu viðkomandi skóla. Rafrænt umsóknareyðublað og nauðsynlegar upplýsingar um innritunina má nálgast á menntagatt.is. Námsmatsstofnun hefur umsjón með innritun og eru nánari upplýsingar veittar í síma 550 2400.

**Umsóknir um nám í dagskóla**
Umsækjendur sem ekki hafa veflykil tiltækan geta sótt um Íslykil á www.island.is eða á menntagatt.is og fengið hann sendan í heimabanka sinn eða á lögheimili. Þegar umsækjendur hafa fengið Íslykilinn geta þeir opnað umsókn á Menntagáttinni. Nemum sem koma erlendis frá er bent á að setja sig í samband við þá skóla sem þeir hyggjast senda umsókn.

**Umsóknir um nám í kvöldskóla og fjarnám**
Innritun í kvöldskóla, fjarnám og annað nám en dagskóla fer fram í þeim framhaldsskólum sem bjóða upp á slíkt.
Skólarnir auglýsa umsóknarfrest sjálfir og leggja til umsóknareyðublöð. Umsækjendum er bent á að snúa sér til viðkomandi skóla. Upplýsingar um framhaldsskólana má finna á menntagatt.is

Allar nánari upplýsingar um innritun á vorönn 2015 eru veittar í framhaldsskólunum. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið innritun@namsmat.is

*Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 4. nóvember 2014.*
*menntamálaráðuneyti.is*




FUNDAÐ Í ÖRYGGISRÁÐI ÚKRAÍNU Petró Pórósjenkó Úkraínuforseti og Arsení Jatseník utanríkisráðherra takast í hendur fyrir fund þjóðaröryggisráðs landsins í Kænugarði í gær. Úkraínustjórn segist enn styðja friðarumleitanir við aðskilnaðarsinna en eykur um leið viðbúnað og segist búin undir stríð. NORDICPHOTOS/AFP

# Úkraínuher gert að auka viðbúnaðinn

Fundað var í þjóðaröryggisráði Úkraínu í gær. Stjórnin býr sig undir að geta hrundið nýrri sókn aðskilnaðarsinna í austurhluta landsins. Leiðtogi aðskilnaðarsinna í Donetsk var sór embættiseiði í gær.

**ÚKRAÍNA** Petró Pórósjenkó Úkraínuforseti hefur fyrirskipað her landsins að auka viðbúnað sinn og fjölga í herliði í hernaðarlega mikilvægum borgum í austurhluta landsins. Þetta er sagt gert vegna möguleika á nýrri sókn aðskilnaðarsinna.

Í frétt BBC kemur fram að Pórósjenkó segi að stjórnarherinn skuli leggja áherslu á að verja borgirnar Mariupol, Berdyansk, Kharkiv og norðurhluta Luhansk-héraðs.

Forsetinn ræddi við fjölmiðla að loknum fundi sínum og yfirmanna hersins sem haldinn var í gær vegna umdeildra kosninga í héröðunum Donetsk og Luhansk sem fram fóru um helgina.

Pórósjenkó sagðist vera fylgjandi núgildandi friðarsamkomulagi en að hann íhugaði að hætta við að veita Donetsk og Luhansk aukna sjálfsstjórn líkt og samkomulagið gerir ráð fyrir. Tilkynnt var um friðarsamkomulagið þann 5. september síðastliðinn eftir margra mánaða átök úkraínska stjórnarhersins og aðskilnaðarsinna á bandi Rússlandsstjórnar.

Alexander Sakharatjsenkó, 38 ára gamall leiðtogi uppreisnarmanna í hópi aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu, var í gær í kjölfar kosninganna um helgina svarinn í embætti sem æðsti maður sjálfsstjórnarsvæðis þar.

Athöfnin fór fram í leikhúsi sem varið var þungvopnuðum hermönnum í helsta vígi uppreisnarmanna a sjálfsstjórnarsvæðinu sem aðskilnaðarsinnar kalla Alþýðulýðveldi Donetsk.

Úkraínustjórn og bandamenn hennar á Vesturlöndum hafa fordæmt framkvæmd kosninganna.

atliis@frettabladid.is, olikr@frettabladid.is

Sköttum haldið óbreyttum á næsta ári:

# Borgarsjóður tapar vegna kjarasamninga

**REYKJAVÍKURBORG** Fjárhagsáætlun meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur gerir ráð fyrir 437 milljóna króna afgangi borgarsjóðs á næsta ári. Útlit er fyrir að 130 milljóna króna tap verði á rekstrinum í ár. Tapið er sagt skýrast með auknum launakostnaði í kjölfar kjarasamninga.
Í tilkynningu frá meirihluta Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, VG og Pírata segir að fjárhagsáætlun einkennist af ábyrgum rekstri. „Fyrirtækin okkar eins og Orkuveitan eru enn að greiða niður miklar skuldir en á næstu fimm árum verða skuldir OR farnar niður um 80 milljarða,“ er haft eftir Degi B. Eggertssyni borgarstjóra.

Lækka á gjaldskrár leikskóla, taka upp systkinaafslætti þvert á skólastig og hækka frístundakortið. Fjölga á almennum félagslegum leiguíbúðum um fimm hundruð á næsta ári. Framlög eru aukin lítillega til velferðarmála.



BORGARSTJÓRINN Dagur B. Eggertsson kynnti fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Útsvar verður óbreytt eða 14,52 prósent. Álagningarhlutföll fasteignaskatta og lóðarleigu verða sömuleiðis óbreytt.

Þá mun borgin fjárfesta fyrir 9,2 milljarða króna á árinu 2015. „Undirbúin verður viðbygging við Sundhöllina og Borgarbókasafnið, auk skóla, sundlaugar og menningarmiðstöðvar í Úlfarsárdal,“ segir um fjárfestingarnar. - gar





Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið

Veldu **margverðlaunuð finnsk gæðadekk** sem eru sérstaklega hönnuð fyrir **krefjandi aðstæður** norðlægra slóða.

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum út nóvember og hluti söluágóða rennur til Krabbameinsfélagsins.

- ein öruggustu dekk sem völ er á
- ítrekað valin bestu dekkin í gæðakönnunum
- breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

SENDUM UM ALLT LAND
Flutningur með Flytjanda
500 kr. hvert dekk

**Fáðu ráðgjöf frá sérfræðingum MAX1. Skoðaðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is**

Bíldshöfða 5a, Rvk
Jafnaseli 6, Rvk
Dalshrauni 5, Hfj
Knarrarvogi 2, Rvk (ath. ekki dekkjaþjónusta)

Aðalsímanúmer
515 7190

Opnunartími:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

MAX1 BÍLAVAKTIN

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í DAG






Fallegir hreindýrastjakar
fullt verð frá 4.990,-
**í dag 3.992,-**

A WORLD OF INSPIRATION · the PIER · FOR YOUR HOME

# OPIÐ TIL KL. 22.00 Í DAG
## 5. NÓVEMBER Á KORPUTORGI



Hnetubrjótar,
nokkrar stærðir og gerðir
fullt verð frá 1.990,-
**í dag 1.592,-**



**HAAG SÓFI**
áður 199.900,- **nú 159.920,-**



**SÍÐASTI DAGURINN Á KYNNINGARVERÐI**

**SUNDAY SÓFI**
kynningarverð **nú 129.900,-**
fullt verð 179.900,-

Færanleg tunga
Litir: ljósgrár, dökkgrár

Flísteppi, margir litir
fullt verð 2.990,- **í dag 2.392,-**









**DAYS SVEFNSÓFI**
áður 99.900,- **nú 79.920,-**



the PIER

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880 Erum á Facebook

# Open By Night




VEXTIR 0%*

**KAUPTU NÚNA**
og dreifðu greiðslunni á 12 mánuði, vaxtalaust.*

MasterCard VISA

*Nú getur þú fengið 12 mánaða vaxtalausa greiðsludreifingu þegar verslað er með VISA eða MasterCard. Þegar verslað er fær kaupandi að sjá yfirlit yfir greiðsluáætlun sem sýnir áætlaðar mánaðarlegar greiðslur, þ.e. afborgun ásamt lántökukostnaði og færslugjaldi.

ILVA



Cuentas-jólatré

*Jólatré með glerperlum. H 30 cm. 7.995 kr. Nú 6.396 kr. H 35 cm. 9.995 kr. Nú 7.996 kr.*



Christmas-jólastjarna

*Ludwig slim 80 cm. Silfurlituð. 6.995 kr. Nú 5.596 kr. Pera og perustæði seld sér.*



Accoster

*Jólasveinn, grár eða rauður. Nokkrar stærðir. H 56 cm. 2.995 kr. Nú 2.396 kr.*



Thit-skraut

*Pappírsskraut. Tvær gerðir. 9 x 11 cm. 1.295 kr./stk. Nú 1.036 kr./stk.*

# Dagskrá
## eftir kl. 18:30

Lifandi tónlist
fram eftir kvöldi.

Páll Óskar kemur og
heldur uppi stuðinu.

Léttar veitingar í boði:
Freystingar Thelmu,
Búrsins, Nóa Síríus
og Karls K.Karlssonar.



Jolantre

*Jólatré úr viði. H 30 cm. 1.995 kr. Nú 1.596 kr.*

## Full verslun af fallegri jólavöru

## Komdu og gerðu frábær kaup



Christmas-skraut

*Fjórar mismunandi gerðir af hjörtum 8 x 7 cm. 1.395 kr./stk. Nú 1.116 kr.*





Mista-horn

*Hreindýrahorn, kopar-eða silfurlituð. H 30 cm. 4.995 kr./stk. Nú 3.996 kr./stk.*

* gildir ekki um vörur á áður niðursettu verði og vörum merktum ”Everyday Low Price”

**ILVA Korputorgi,** s: 522 4500 **www.ILVA.is**
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

shop online

Reitt fólk og ósátt kom saman á Austurvelli:

# Hverju mótmæltu 4.500 Íslendingar?

Við erum komin hérna, fólk úr ólíkum áttum. Ég sé í þessum hópi fullt af fólki sem ég þekki og þykir vænt um: vinstri villinga, sófakomma, anarkista, stúdenta, lækna, tónlistarkennara, sjálfstæðismenn og meira að segja fólk sem hefur kosið Framsóknarflokkinn. Það kemur fyrir bestu menn. Ég þekki líka fólk sem hefur svarað Nígeríubréfi. Ágætisfólk. Tímabundinn dómgreindarbrestur gerir fólk ekki verra.



**Sigurjón Magnús Egilsson**

sme@frettabladid.is

Þetta er stuttur kafli úr ræðu Svavars Knúts, sem hann flutti við upphaf mótmælanna á Austurvelli síðdegis á mánudag. Einhver kann að segja að þar hafi verið samankominn þverskurður þjóðarinnar, meðan aðrir eru jafnvel þeirrar skoðunar að á Austurvelli síðdegis á mánudag hafi verið samankominn óaldarlýður, lýður 4.500 einstaklinga. En hvað veldur? Hvers vegna kemur allt þetta fólk saman þegar hagvísarnir sýna allir betri stöðu en í langan tíma? Enginn mótmælir að hér er hagvöxtur, enginn mótmælir að kaupmáttur hafi aukist, þetta liggur allt fyrir. Er þá eitthvað að?

Meðalþyngd Gög og Gokke er eflaust ágæt. Hitt er augljóst að annar er of feitur, meðan hinn er kannski of léttur. Meðaltal af þyngd þeirra félaga segir í raun ekkert og er til einskis nýtanlegt. Sama er um kaupmáttinn. Kaupmáttur þeirra sem hækkuðu í launum um hundruð þúsunda á mánuði hækkaði meðaltalið nokkuð mikið. Kaupmáttaraukning sem það fólk fékk bætir ekki stöðu þeirra sem sættust á um þriggja prósenta hækkun og margt af því fólki hefur það ekki gott, þó meðalkaupmáttur hafi aukist.

Ríkisstjórnin sem og stjórnarandstaðan er gagnrýnd. „Hroki, dónaskapur, dólgsháttur og fáránlegt yfirlæti eru ekki góð framkoma hjá nýrri ríkisstjórn. Ekki gamalli heldur, en hvað þá nýrri,“ sagði Svavar Knútur. Ljóst er að hann er ekki einn þessarar skoðunar. Þarna nefnir hann líka fyrrverandi ríkisstjórn, sem í dag er stjórnarandstaðan. Fólk sem starfar í stjórnmálum verður að taka þessi orð til sín. En gerir það það? Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði þetta í samtali við Ríkissjónvarpið:

„Það er sjálfsagt allur gangur á því hvers vegna menn eru óánægðir eins og þeir sem voru hér í dag. Sumum er ég sammála og sumum ekki. Ég sá til dæmis að tónlistarskólakennarar voru mjög áberandi hérna úti, ég skil afstöðu þeirra mjög vel að vilja fylgja öðrum kennurum í launaþróun. Svo eru einhverjir að mótmæla að þeirra flokkar séu ekki við völd og á vissan hátt hefur maður skilning á því líka.“

Í stað auðmýktar ákvað hann að kenna tvennu um mótmælin. Sveitarfélögunum, fyrir að semja ekki við tónlistarkennara, og svo blessaði stjórnarandstöðunni fyrir fúllyndi yfir að vera ekki í ríkisstjórn. Hvort tveggja eflaust rétt, en ástæður þess að fólk kom saman á Austurvelli voru langtum fleiri og ristu eflaust dýpra en það sem forsætisráðherrann kaus að nefna í viðtalinu.

Og það er hluti skýringarinnar. Ræðumaðurinn Svavar Knútur sagði jú: „Hroki, dónaskapur, dólgsháttur og fáránlegt yfirlæti eru ekki góð framkoma.“ Og það er örugglega rétt. Ljóst er að ekki eru allir á einu máli um hvort einhver og þá hver sýnir dólgshátt. Óaldarlýðurinn svokallaði eða stjórnmálafólkið. Trúlega verður áfram mótmælt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gamla íhaldið tekur til varna

Framganga Jóns Gnarr hjá þjóðinni veldur víða usla. Til eru menn, helst komnir af léttasta skeiði, sem geta ekki með nokkrum hætti skilið að Jón fái hljómgrunn hjá þjóðinni. Að mati þeirra var hann vondur borgarstjóri. Hann rúntaði ekki um á Kadillakk, rak ekki skúringakonuna, gekk ekki um með borgarstjórakeðjuna, vill ekki brjóstmynd af sér í ráðhúsið og kannski má telja fleira til. Gamla íhaldið með Jón Magnússon, Davíð Oddsson, Eið Guðnason og fleiri ámóta kappa berst nú um hefðunum til varnar. Nú skal ekkert til sparað og meira að segja grípa þeir í hvert það hálmstrá sem þeir finna, meira að segja Ástþór Magnússon.



### Nafnlausi ritstjórinn

Nafnlausi ritstjóri Morgunblaðsins skrifar trúlegast oftast Staksteina blaðsins. Sér til hjálpar hefur hann valið hóp manna sem hann sækir stöðugt til verði honum sjálfum orðavant. Sem greinilega kemur fyrir. Í hópi ritstjórans eru menn einsog Styrmir Gunnarsson og Björn Bjarnason, samherjar ritstjórans úr pólitíkinni, og félagarnir Páll Vilhjálmsson, sem kemur í hópinn frá vinstri, og Jón Magnússon, sem meðal annars sat á þingi fyrir Frjálslynda flokkinn. Saman skrifa þeir svo Staksteina Morgunblaðsins. Sjaldan berjast þeirra kumpánar meir og betur en þegar þeirra eigin hefðum er ógnað.



### Flugumenn lögreglunnar

Hinn nafnlausi ritstjóri Morgunblaðsins hefur nefnt það fólk, sem kemur saman til að mótmæla framferði stjórnvalda, óaldarlýð. Slíkur hópur, skipaður þúsundum karla og kvenna, kom saman í gær. Full ástæða er til að ætla að lögreglan hafi sent nýliða og rannsóknarlögreglumenn út á meðal fólksins til að skrifa niður nöfn, orðfæri og annað sem að mati hinnar gömlu valdaklíku landsins þykir gott að eiga á skrá. Sem hinn nafnlausi ritstjóri Morgunblaðsins hefur stutt. Enda hafa ráðendur þar á bæ alist upp við upplýsingaöflun um borgarana. Nú er þess að bíða að nýja samantektin verði lesin upp í musterinu að Háaleitisbraut 1, samkvæmt venju. sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þegar vonin hverfur

EFNAHAGSMÁL



**Bolli Héðinsson**
hagfræðingur

Það er mikil einföldun að halda að verkfall lækna sé aðeins afmörkuð kjaradeila hóps sem vill sækja kjarabætur. Kjaradeila lækna er aðeins toppur ísjakans, birtingarmynd þess sem koma skal í hinu hægfara hnignandi hagkerfi Íslendinga. Hagkerfi sem líður fyrir forystuleysi og skort á framtíðarsýn fyrir samfélag sem þarf að keppast um að halda í hvern einasta einstakling, ekki aðeins lækna.

Landflótti menntaðs vinnuafls er staðreynd svo eðlilegast er að horfa til þess hverju menntafólkið og aðrir sem kjósa að flytja til útlanda eru að sækjast eftir. Laun hljóta að vega þar þungt en afkoman ræðst af svo miklu fleira en greiddum launum. Þar skipta önnur lífsgæði ekki síður máli s.s. frítími en ekki síst stöðugleiki, það að vita að hverju maður gengur í rekstri heimila og fyrirtækja.

### Breytt nálgun

Stjórnlagaráð og endurskoðun stjórnarskrárinnar, loforð um innköllun fiskveiðikvóta og útleigu þeirra gegn sanngjörnu gjaldi, ESB-umsókn til að fá að vita hvort þar væri eftir einhverju að slægjast (leið sem nær allar nágrannaþjóðir okkar hafa farið), hugmyndir um að gera hlutina einfaldlega öðru vísi en gert var fyrir hrun, allt var þetta til þess fallið að skapa vonir um breytta tíma, breytta nálgun í samfélaginu þar sem þjóðin sjálf fengi einhverju ráðið, milliliðalaust, en væri ekki eilífur leiksoppur helmingaskiptaflokkanna sem fengju óáreittir að ráðskast með þjóðina og eignir hennar. Hvernig til tókst er orðið hluti af sögunni, hvernig sem okkur þykir að hafi verið að verki staðið.

**➜ Kjaradeila lækna er aðeins toppur ísjakans, birtingarmynd þess sem koma skal í hinu hægfara hnignandi hagkerfi Íslendinga.**

Allar vonir af þessu tagi hurfu endanlega á vordögum 2013 og það frumlegasta sem nýjum stjórnvöldum datt í hug voru ný helmingaskipti og reyna að vinda ofan af sem flestu sem reynt hafði verið að gera kjörtímabilið á undan. Reyna einfaldlega að færa klukkuna aftur til þess tíma er þeir réðu lögum og lofum á árunum fyrir hrun. Um leið tóku þeir í burtu vonina um breytta tíma. Þetta er almenningi nú orðið ljóst og þá fer fólk að hugsa sér til hreyfings í meiri mæli en áður. Læknarnir eru einfaldlega þeir fyrstu sem fara.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is*
**MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Norðurlönd – saman erum við öflugri

NORÐURLÖND
Elisabeth Aspaker
Carsten Hansen
Eygló Harðardóttir
Kristina Persson
Lenita Toivakka
Veronica Thörnroos
Annika Olsen
samstarfsráðherrar Norðurlanda

**➜ Norðurlönd eru mikið í umræðunni úti í hinum stóra heimi. Rætt er um að samfélagsgerð Norðurlanda sé góð fyrirmynd sem önnur samfélög geti haft til hliðsjónar þegar tekist er á við viðfangsefni framtíðarinnar.**

Fjöldi norrænna þingmanna og ráðherra sótti 66. þing Norðurlandaráðs í Stokkhólmi í síðustu viku. Á dagskrá voru málefni sem varða sameiginlega hagsmuni Norðurlanda, eins og norðurslóðir, umhverfismál, menntun og heilbrigðismál.

Sumir segja að nú, eftir áratuga samstarf, hafi norrænt samstarf runnið sitt skeið. Sagt hefur verið að það sé þungt í vöfum og skili litlu. Skiptir samstarf Norðurlanda enn þá máli árið 2014?

Okkar svar er afdráttarlaust JÁ.

Samstarf Norðurlanda er einstakt á heimsvísu. Það er einstakt að þingmenn allს staðar af Norðurlöndum komi saman, eins og nú er gert í sænska þinghúsinu, til að kryfja sameiginleg hagsmunamál til mergjar og ræða við ríkisstjórnir og forsætisráðherra landanna.

En norrænt samstarf er miklu meira en bara umræðuvettvangur. Í dag tökum við þeim mikilsverða árangri sem náðist á fyrstu árum samstarfsins sem sjálfsögðum hlut. Afnám vegabréfaskoðunar, félagsmálasamþykktin og sameiginlegur vinnumarkaður Norðurlanda eru allt norrænar lausnir sem hafa verið notaðar sem fyrirmyndir í samstarfinu innan ESB. Íbúar Norðurlanda njóta árangurs samstarfsins daglega, til dæmis með því að sækja menntun í öðru norrænu landi eða með því að leita nýrrar atvinnu í einhverju Norðurlandanna sé atvinnuástandið slæmt heima fyrir.

Norrænt samstarf lifir ekki bara á fornri frægð. Við erum enn að finna sameiginlegar lausnir sem gagnast íbúum Norðurlanda. Umhverfismerkið Svanurinn og matvælamerkingin Skráargatið hjálpa norrænum neytendum að velja vistvænar og hollar vörur. Svanurinn er um leið til marks um mikil áhrif Norðurlanda í umhverfismálum á heimsvísu. Þann áhrifamátt höfum við skapað með samstarfi. Með sama hætti höfum við í sameiningu gert samninga við meira en 40 skattaskjólsríki og þannig tryggt marga milljarða í skattatekjur, sem annars hefðu horfið í þessi skjól.

Önnur hlið á samstarfinu sem er ekki eins sýnileg en ekki síður mikilvæg er miðlun reynslu. Slík miðlun á sér stöðugt stað á margbreytilegum sviðum. Með henni má auka gæði og fá meira út úr þeirri starfsemi sem fram fer í einstökum löndum. Til dæmis liggur viðamikið norrænt samstarf um næringarfræði að baki ráðleggingum um mataræði sem stofnanir í hverju landi gefa út.

Samtakamátturinn gerir okkur öflugri. Þegar við stöndum saman getum við áorkað meiru en hvert í sínu lagi.

**Nær nútímanum**

Í framtíðinni viljum við, samstarfsráðherrar Norðurlanda, efla norrænt samstarf til þess að fækka svokölluðum landamærareða stjórnsýsluhindrunum milli Norðurlandanna þannig að þau verði sveigjanlegra og opnara atvinnusvæði þar sem nýsköpun blómstrar. Við viljum að Norðurlönd finni sameiginlegar lausnir þegar það er hagkvæmara – til dæmis varðandi sérhæfðar læknismeðferðir og sameiginleg rannsóknarverkefni. Við viljum að Norðurlönd markaðssetji sig á heimsvísu og noti hugtakið „Norden“ sem vörumerki á alþjóðavettvangi. Eftir því sem fjarlægðin frá Norðurlöndum verður meiri, þeim mun hagkvæmara er að markaðssetja löndin sem heild í stað þess að hvert land fyrir sig reyni að koma sér á framfæri. Almenningur á fjarlægum slóðum þekkir Norðurlönd oft betur en einstök norræn ríki. Við viljum að Norðurlönd nýti sameiginlega styrkleika í alþjóðasamstarfi – til dæmis í alþjóðlegum loftslagsviðræðum og innan ESB þegar það á við.

Norðurlönd eru mikið í umræðunni úti í hinum stóra heimi. Rætt er um að samfélagsgerð Norðurlanda sé góð fyrirmynd sem önnur samfélög geti haft til hliðsjónar þegar tekist er á við viðfangsefni framtíðarinnar. Í skýrslunni „The Nordic model – challenged but capable of reform“ segir að Norðurlandabúar verði að vera opnir fyrir umbótum ef norræna velferðarríkið á áfram að vera fyrirmynd fyrir aðra í framtíðinni.

Það sama á við ef við ætlum að ná markmiðum okkar um landamæralaus, nýskapandi, sýnileg og opin Norðurlönd. Þá þarf norrænt samstarf að vera kraftmikið og vera fært um að endurnýjast í takt við breytta tíma.

Vegna þessa höfum við, samstarfsráðherrar Norðurlandanna, ákveðið að færa norrænt samstarf nær nútímanum. Við ætlum að leggja áherslu á þau mál sem ríkisstjórnir og íbúar Norðurlanda telja mikilvæg. Við ætlum að tryggja að norrænt skattfé sem fer til norræns samstarfs sé nýtt á skynsamlegan hátt. Við ætlum að tryggja að árangur náist með skilvirku samstarfi án óþarfa skrifræðis og seinagangs.

Nú þegar velferðarsamfélög Norðurlandanna standa frammi fyrir alþjóðavæðingu, hækkandi meðalaldri íbúanna, loftslagsbreytingum, efnahagskreppu, átökum á nærsvæðum okkar og hryðjuverkaógn er ekki tímabært að draga úr samstarfi. Þvert á móti: við þurfum að efla samstarfið og forgangsraða betur. Það er þetta sem við, samstarfsráðherrar Norðurlandanna, ætlum að beita okkur fyrir.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi. Sendu greinina þína á **greinar@visir.is** og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Skuldir lækka um 80 milljarða

FJÁRMÁL


Ásmundur Einar Daðason


Frosti Sigurjónsson


Willum Þór Þórsson

alþingismenn Framsóknarflokksins

Höfuðstólsleiðrétting ríkisstjórnarinnar skilar hátt í 70 þúsund heimilum lækkun á húsnæðisskuldum sem nemur samtals 80 milljörðum. Aðgerðin er fjármögnuð með hækkun skatta á fjármálafyrirtæki og ekki síst með því að afturkalla skattundanþágu sem fyrri ríkisstjórn hafði veitt slitabúum gömlu bankanna.

Það er dapurlegt að ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur (JS) hafi ákveðið að undanskilja slitabúin og þar með erlenda kröfuhafa frá skatti upp á tugi milljarða. Þess í stað var í þrígang reynt að koma skuldum fallinna einkabanka á herðar íslenskra heimila með Icesave-samningum. Það er ljóst að sá gríðarlegi niðurskurður í heilbrigðis- og velferðarkerfi sem ríkisstjórn JS fór í hefði ekki þurft að koma til hefði ríkisstjórnin ákveðið að skattleggja eignir erlendu kröfuhafanna eins og Framsóknarmenn bentu á.

Um 69 þúsund heimili sóttu um niðurfærslu lána vegna húsnæðiskaupa. Sýnir það hve þörfin var brýn, enda þurftu heimilin í landinu að bera uppi kostnaðinn á hruninu, með auknum sköttum, hækkandi verðlagi á sama tíma og húsnæðislán heimilanna hækkuðu mikið. Meðalfjárhæð niðurfærslu á hvert heimili verður líklega vel yfir 1 mkr.

110%-leið fyrri ríkisstjórnar nýttist aðallega tekjuhæstu heimilum en skildi þau tekjulægri eftir með vandann. 110%-leiðin fól í sér að bankar afskrifuðu lán sem voru yfir 110% af markaðsvirði fasteigna. Leiðin nýttist aðeins um 10% heimila með verðtryggðar húsnæðisskuldir. Um 1% heimilanna hreppti helming niðurfærslunnar, rúmlega 20 milljarða króna. Þessi 775 heimili fengu hvert yfir 15 mkr. niðurfærslu og var meðaltal niðurfærslu um 26 mkr. Dæmi eru um einstaklinga sem fengu meira en 100 milljónir afskrifaðar. Fyrri ríkisstjórn ber þannig ábyrgð á 20 milljarða króna niðurfærslu á lánum auðugasta hluta þjóðarinnar. Ríkisstjórn JS lækkaði skuldir tekjumesta fólksins á sama tíma og erlendir kröfuhafar voru undanskildir eðlilegum skattgreiðslum.

**Skuldaleiðrétting**

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fór aðra og sanngjarnari leið. Hámarksleiðrétting á hvert heimili var ákveðin fjórar milljónir króna. Skuldaleiðréttingin er þannig útfærð að þeir tekjulægri fá hlutfallslega meira. Hátt í helmingur leiðréttingarinnar fer til heimila með undir 6 milljón krónur í árslaun. Heimili þar sem tveir einstaklingar eru hvor um sig með undir 250 þús. krónur í mánaðarlaun.

Skuldaleiðréttingin er efnahagsleg aðgerð og fær jákvæðar umsagnir hjá erlendum aðilum og lánshæfismatsfyrirtæki hafa t.d. hækkað lánshæfismat Íslands. Þá hefur alþjóðlegt lánshæfismat fjármálafyrirtækja hér á landi einnig hækkað. Lækkun skulda er að mati margra erlendra hagfræðinga skilvirkasta leiðin til að draga úr neikvæðum afleiðingum efnahagsáfalls og flýta fyrir endurbata hagkerfisins.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar, sem á hátíðarstundum kenna sig við velferð og jöfnuð, reyna að gera lítið úr leiðréttingu ríkisstjórnarinnar á skuldum heimilanna. En hið rétta er að leiðréttingin dreifist mun jafnar en aðgerðir fyrri ríkisstjórnar og heimilin munar um að fá skuldalækkun upp á 80 milljarða. Í stað þess að slá ryki í augu almennings ættu þingmenn stjórnarandstöðunnar að styðja ríkisstjórnina í því að lækka skuldir íslenskra heimila.

Allir velkomnir!
evrópu samvinna
Kynning á tækifærum og styrkjum í Evrópusamstarfi
Háskólatorgi, 6. nóvember 2014 kl. 15:00-17:00
Fulltrúar evrópskra samstarfsáætlana og þjónustuskrifstofa kynna styrki og samstarfsmöguleika.
Kjörið tækifæri fyrir skóla, fyrirtæki, stofnanir og samtök að kynna sér möguleika til samstarfs á flestum sviðum menntunar, menningar og atvinnulífs.
Komdu og hittu okkur á Háskólatorgi:
Horizon 2020 rannsókna- og nýsköpunaráætlun
Erasmus+ menntun, æskulýðsmál og íþróttir
Evrópa unga fólksins
EURES – evrópsk vinnumiðlun
Enterprise Europe Network
ESPON – byggðaþróun
Creative Europe – kvikmyndir og menning
eTwinning – rafrænt skólasamstarf
Norðurslóðaáætlun
Europass – evrópsk ferilskrá og færnipassi
Erasmus for Young Entrepreneurs
NORA – Norrænt Atlantshafssamstarf
COST rannsóknasamstarf
Almannavarnaráætlunin
Euraxess – evrópskt rannsóknastarfatorg
Nordplus – norræn menntaáætlun
PROGRESS – jafnrétti og vinnumál
Daphne – gegn ofbeldi
Evrópustofa
Heilbrigðisáætlun ESB
Uppbyggingarsjóður EES
evrópu samvinna
www.evropusamvinna.is

# Miklu fegurri kona í dag

**Helga Braga Jónsdóttir leikkona er fimmtug í dag en auk þess fagnar hún á þessu ári 35 ára leikafmæli og 25 ára útskriftarafmæli úr leiklistarskóla. Það er sko tilefni til partís.**

Hálf öld, takk fyrir, það verður sko partí!“ segir Helga Braga Jónsdóttir leikkona sem á fimmtugsafmæli í dag. „Reyndar bara fjölskylda og vinir sem ætla að hittast og fagna, en alvörupartí engu að síður.“

Spurð hvort hún muni ekki verja deginum í dekri segir Helga Braga það nú ekki alveg ganga upp. „Það þarf að græja snittur,“ segir hún og hlær.

„Systir mín, Ingveldur Ýr, hefur reyndar yfirumsjón með veitingum, en ég hjálpa til. Fór samt í ondúleringu í gærmorgun og skelli mér svo í smink fyrir partíið. Lét meira að segja klippa á mig topp í tilefni tímamótanna, hálfrar aldar topp.“

Fimmtugsafmælið er ekki eina afmælið sem Helga Braga fagnar í ár því hún á líka 35 ára leikafmæli og 25 ára útskriftarafmæli sem leikkona. Spurð hvað henni sé efst í huga við þennan áfanga grípur hún til klisjunnar og segir: „Þakklæti, vinir mínir, þakklæti,“ og skellihlær. „Ég er bara að springa úr hamingju,“ bætir hún við. „Það er bara eitthvað svo gaman að lifa, í alvöru!“

Helga Braga er á fullu í uppistandi, fyrirlestrahaldi og að skemmta á kvennakvöldum og segir það hafa verið aðalatvinnu sína síðan 1998, þótt hún hafi auðvitað alltaf verið að leika í leikhúsum, bíómyndum og sjónvarpsþáttum meðfram því. „Ég er bara að gera alls konar ofsalega skemmtilegt,“ segir hún.

„Mér líður svo miklu, miklu betur og ég lít miklu betur út en ég hef nokkurn tíma gert. Jú, ég var ógurlega krúttaralegt barn en ég er miklu fegurri kona núna en ég var um tvítugt eða þrítugt. Það er eins og það hafi bara ræst úr mér.“

Spurð hvort hún hafi einhver plön fyrir seinni hluta ævinnar neitar Helga Braga því en segist hins vegar hafa plön fyrir seinnihluta þessa mánaðar. „Ég er að fara til New York og á tónleika með Billy Joel í Madison Square Garden, hvorki meira né minna. Þar er langráður draumur loks að rætast. Það er ein af mörgum afmælisgjöfum sem ég gef sjálfri mér, ég er nefnilega búin að vera að gefa mér afmælisgjafir allt þetta ár, enda á ég svo mörg afmæli.“

fridrikab@frettabladid.is



**HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR** „Það er bara eitthvað svo gaman að lifa, í alvöru!“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**„Jú, ég var ógurlega krúttaralegt barn en ég er miklu fegurri kona núna en ég var um tvítugt eða þrítugt. Það er eins og það hafi bara ræst úr mér.**

---

†



**MARK BELL**
**tónlistarmaður**

er látinn. Við þökkum hlýhug og stuðning við andlát hans. Útförin fór fram fimmtudaginn 30. október sl. frá Wakefield Chapel í Yorkshire, Englandi.

**Adam Marksson Bell**
**Daníel Marksson Bell**
**Móeiður Anna Sigurðardóttir**
**Tony Bell, Susan Bell, Helen Bell**
**Ásdís Skúladóttir**
**Skúli Á. Sigurðsson**
**Sigurður G. Lúðvígsson**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,

**SIGRÚN BIRNA HELGADÓTTIR**
**Leirubakka 8, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 2. nóvember á líknardeildinni í Kópavogi. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 7. nóvember kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Karitas hjúkrunar- og ráðgjafaþjónustu.

**Kristín Berg Bergvinsdóttir**
**Alexandra, Lea og Kristófer**
**Helgi Bergvinsson** **Linda Björgvinsdóttir**
**Brynjar, Róbert, Bergvin og Viktor**
**systkini og fjölskyldur.**

---

†



Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGURLAUG INGÓLFSDÓTTIR**
**dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,**

lést laugardaginn 1. nóvember.

**Guðbjörg Inga Ragnarsdóttir** **Kristinn Tómasson**
**Soffía Ragnarsdóttir** **Steindór Sigurðsson**
**Ingibjörg Ragnarsdóttir** **Axel Bragason**
**Ragna Sigurlaug Ragnarsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



Móðir okkar, tengdamóðir, systir og amma,

**HELGA K. EINARSDÓTTIR**
**bókasafnsfræðingur,**
**síðast til heimilis að Melgerði 15 í Kópavogi,**

er látin. Jarðarförin fer fram frá Salnum í Kópavogi fimmtudaginn 6. nóvember kl. 15.

**Einar Torfi Finnsson** **Ingibjörg G. Guðjónsdóttir**
**Hjörleifur Finnsson**
**Glóey Finnsdóttir** **Scott Riddell**
**Örn Þorvaldsson**
**Rannveig Þorvaldsdóttir**
**barnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR GUÐNÝ MATTHÍASDÓTTIR**
**frá Arnardal,**

lést á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða á Ísafirði þann 30. október. Útförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju, laugardaginn 8. nóvember kl. 14.00.

**Matthías Berg Stefánsson** **Eyrún Þóra Guðmundsdóttir**
**Guðmunda Björk Matthíasdóttir** **Garðar Rafn Eyjólfsson**
**Sigríður Guðný Matthíasdóttir** **Tryggvi Ölver Gunnarsson**
**og langömmubörn.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURJÓN JÓNSSON**
**Mánagötu 29, Grindavík,**

lést á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi laugardaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 7. nóvember kl. 14.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Samtök sykursjúkra og Hjartaheill.

**Sigríður Ágústsdóttir**
**Ásdís Sigurjónsdóttir** **Reimar Ásgeirsson**
**Tryggvi Hrafn Reimarsson** **Hrafnhildur Eik Reimarsdóttir**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR MAGNÚSDÓTTIR**
**f. 23. apríl 1928,**
**áður til heimilis að Melgerði 26, Kópavogi,**

lést á Droplaugarstöðum, mánudaginn 27. október sl. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Kári Stefánsson** **Bjarnheiður Elísdóttir**
**Björg Stefánsdóttir** **Þorsteinn Steinþórsson**
**Ernir, Dúna, Elísa, Sunna, Sigríður Björg og Steinþór Örn**
**Emma Stefanía og Fálki Stefán**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**EYJÓLFUR EINAR BRAGASON**
**arkitekt,**

lést á Akershus-sjúkrahúsinu í Lørenskog, Noregi, mánudaginn 27. október. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 13. nóvember kl. 13.00.

**Kristín Kristmundsdóttir**
**Pétur Örn Eyjólfsson** **Elín Ösp Gísladóttir**
**Elísabet Björt Eyjólfsdóttir** **Jónas Ingi Jónasson**
**Edda Björg Eyjólfsdóttir** **Stefán Már Magnússon**
**og barnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,

**SIGNÝ ÁGÚSTA GUNNARSDÓTTIR**
**áður til heimilis í Jöldugróf 7,**

lést á dvalarheimilinu Eir 20. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Gunnar Loftsson** **Halldóra Ragnarsdóttir**
**Magnús Loftsson** **Elsa Bjarnadóttir**
**Reynir Loftsson** **Guðný Jónasdóttir**
**Birgir Loftsson** **Helga Ágústdóttir**
**Rúnar Loftsson**
**Arnar Loftsson**
**Björg Sigurlaug Loftsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær bróðir okkar og mágur,

**STEINAR EINARSSON**
**sjómaður,**
**Hringbraut 136, Reykjanesbæ,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 22. október sl. Útförin hefur farið fram.

**Vilborg Einarsdóttir** **Hörður Kristinsson**
**Jökull Einarsson** **Björg Sigurðardóttir**
**Helga Björk Einarsdóttir**

---

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM
VÖNDUÐ VINNA



Steinsmiðjan Mosaik
Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.




ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.michelsen.is

MARKAÐURINN
Miðvikudagur 5. nóvember 2014 | 30. tölublað | 10. árgangur
Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM AÐ PRENTA!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN



# MIKLAR SVEIFLUR Í AFKOMU ICELANDAIR GROUP

**Afkomumet slegið á þriðja ársfjórðungi en stefnir í lakara gengi á síðustu mánuðum ársins.**

**Hærri launakostnaður og aukin samkeppni í ferðum yfir Norður-Atlantshafið.**

**Forstjórinn Björgólfur Jóhannsson hefur fulla trú á að samningar náist við flugmenn.**

SÍÐA 6

## Opinber afskipti auka sveiflur

Ásdís Kristjánsdóttir hagfræðingur segir að aðkoma stjórnvalda auki sveiflur í byggingarstarfsemi. Nýleg byggingarreglugerð sé dæmi um það. Hún segir að staða byggingargeirans hafi batnað mikið frá hruni.



„Við erum á svipuðum stað og árið 2003 þegar hagkerfið var í þokkalegu jafnvægi. Skuldastaðan hefur skánað verulega samfara afskriftum skulda og auknum umsvifum í hagkerfinu. Eigið fé í greininni var verulega neikvætt á árinu 2010 þegar hagkerfið gekk í gegnum alvarlegan samdrátt, en hefur nú byggst upp og afkoman batnað,“ segir Ásdís. ➜ SÍÐA 4

## Opna bjórspa og brugga meira

Eigendur Bruggsmiðjunnar Kalda ætla að opna bjórspa og veitingastað í Eyjafirði á næstu tveimur árum. Framleiðsla brugghússins verður aukin um 36 prósent.

„Bjórinn er svo gríðarlega hollur fyrir húðina, og brugghúsið er við sjóinn, þannig að við munum nota hreinsaðan sjó og Kalda til að búa til spaparadís,“ segir Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækisins. ➜ SÍÐA 2

## Stýrir álverinu í Reyðarfirði



Magnús Þór Ásmundsson hefur tekið við starfi forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Hann heldur með Liverpool, býr á Egilsstöðum og stefnir að því að gera álverið í Reyðarfirði að hagkvæmasta álveri í heimi.

„Hér eru góðar aðstæður og gott starfsfólk og við erum kannski að sumu leyti enn að slíta barnsskónum en framtíðin er björt fyrir álið og Alcoa.“

➜ SÍÐA 8



Á LEIÐ TIL ÚTLANDA

OPTICAL STUDIO
FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ

Verslaðu á hagstæðara verði í okkar fullbúnu gleraugnaverslun á fríhafnarsvæðinu í Leifsstöð

ALLT AÐ 50% ÓDÝRARI
EN SAMBÆRILEG VARA Á MEGINLANDI EVRÓPU

Ábyrgðar- og þjónustuaðilar:
**Optical Studio Smáralind, s. 528 8500** og **Optical Studio Keflavík, s. 421 3811**

# Hver vaktar vörðinn?

Skjóðan

**STJÓRNARFORMAÐUR** Fjármálaeftirlitsins (FME) hyggst ekki sækjast eftir endurskipun. Fjölskylda stjórnarformannsins varð fyrir ónæði af hálfu fjölmiðlamanna eftir að opinskátt varð að stjórnarformaðurinn hafði hagnast gríðarlega á hlutafjáreign í Skeljungi, sem geymd var á bak við nokkur lög eignarhaldsfélaga. Ekki vill stjórnarformaðurinn kannast við að hafa átt önnur samskipti eða viðskipti við Skeljung en að kaupa þar eldsneyti, rétt eins og hver annar bíleigandi.



**NÚ ER** ekkert að því að hlutabréfaeign sé í eignarhaldsfélögum og heldur ekki að búin séu til nokkur lög eignarhaldsfélaga. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður og flestar lögmætar.

**ÖLLU** máli skiptir hins vegar að aldrei leiki vafi á því hver hinn endanlegi eigandi er (e. beneficial owner). Þetta þekkja bankastarfsmenn sem séð hafa um fjárfestingar fyrir viðskiptavini bankanna. Strangar reglur gilda um að ávallt verði að kanna uppruna fjármuna sem varið er til fjárfestinga. Tilgangurinn með slíkum reglum er að koma í veg fyrir peningaþvætti, sem yfirleitt er stundað í þrenns konar tilgangi; að komast undan skattgreiðslum, skjóta sér undan reglum hlutabréfamarkaða t.d. um yfirtökuskyldu og loks til að hreinsa illa fengið fé.

**ÞAÐ ERU** fjármálaeftirlitin sem fylgjast með því að bankar fari eftir þessum reglum. Þess vegna er sérlega óheppilegt þegar lítur út fyrir að stjórnarformaður FME reyni að fela eignarhald sitt á verðmætri hlutabréfaeign. Einnig er óheppilegt að um er að ræða hlutabréf í fyrirtæki sem Íslandsbanki, fyrrverandi vinnuveitandi stjórnarformannsins, leysti til sín og ráðstafaði. Fyrrverandi starfsmenn bankans virðast sumir hafa hagnast vel á þeirri ráðstöfun.

**FRAM** hefur komið að bankinn kærði stjórnarformanninn til FME og Sérstaks saksóknara við starfslok fyrir að taka upplýsingar í óleyfi út úr bankanum. Ekki virðist sú kæra hafa vakið sama áhuga og verkgleði á þeim bæjum og kærur á hendur fyrrverandi eigendum og stjórnendum íslenskra fjármálafyrirtækja sem féllu í hruninu.

**FME** er ætlað að hafa eftirlit með því að farið sé að reglum á íslenskum fjármálamarkaði en hefur allt frá hruni einbeitt sér að starfsemi fjármálafyrirtækja fyrir hrun en ekki þeirra sem starfa á íslenskum fjármálamarkaði í dag. Frá hruni hafa mörg helstu fyrirtæki landsins verið yfirtekin af bönkum og ráðstafað til nýrra eigenda. Bankastarfsmenn hafa dúkkað upp sem auðmenn í kjölfar endurskipulagningar og ráðstöfunar á þessum fyrirtækjum. Öðrum virðist hafa verið ráðstafað til handvalinna vildarvina bankanna.

**FME** á að fylgjast með því að farið sé að leikreglum í þessum stórræðum. En hver fylgist með FME?

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**4** Á UPPLEIÐ
Félög sem hækkuðu í verði

**5** Á NIÐURLEIÐ
Félög sem lækkuðu í verði

**5** STÓÐU Í STAÐ
Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**
NÝHERJI
57,5% frá áramótum
TM
4,9% í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**
VÍS
-24,0% frá áramótum
REGINN
-2,3% í síðustu viku

### Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 109,00 | -16,2% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 223,00 | -14,9% | -0,7% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 31,55 | 15,8% | -0,8% |
| Hagar | 42,05 | 9,5% | -0,4% |
| Icelandair Group | 18,50 | 1,6% | 0,8% |
| Marel | 122,50 | -7,9% | -2,0% |
| N1 | 19,50 | 3,2% | 2,9% |
| Nýherji | 5,75 | 57,5% | 0,0% |
| Reginn | 14,41 | -7,3% | -2,3% |
| Tryggingamiðstöðin | 24,50 | -23,6% | 4,9% |
| Vátryggingafélag Íslands | 8,20 | -24,0% | 0,0% |
| Össur | 360,00 | 57,2% | 0,0% |
| HB Grandi* | 29,90 | 7,9% | 0,0% |
| Sjóvá* | 12,00 | -11,2% | 2,4% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1199,65 | -4,8% | 0,3% |

### First North Iceland

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Century Aluminum | 2.500,00 | 117,4% | 0,0% |
| Hampiðjan | 20,20 | 52,5% | 1,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,33 | 9,0% | 0,0% |

*upphafsverð m.v. útboð í apríl

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan
dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 5. NÓVEMBER**
**Seðlabankinn** - Vaxtaákvörðun og útgáfa Peningamála
**Þjóðskrá** - Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
**Fjarskipti hf.** - Uppgjör þriðja ársfjórðungs
BankNordik P/F - Níu mánaða uppgjör

**FIMMTUDAGUR 6. NÓVEMBER**
**Hagstofan** - Gistinætur á hótelum í september 2014
**Landsbankinn hf.** - Uppgjör þriðja ársfjórðungs

**FÖSTUDAGUR 7. NÓVEMBER**
**Seðlabankinn** - Helstu liðir í efnahagsreikningi SÍ og gjaldeyrisforði
**Moody's** - Lánshæfismat ríkissjóðs

**MIÐVIKUDAGUR 11. NÓVEMBER**
**Hagstofan** - Efnahagslegar skammtímatölur í nóvember 2014
**Þjóðskrá** - Fjöldi þinglýstra leigusamninga um íbúðarhúsnæði eftir landshlutum

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Ætla að opna bjórspa og brugga 36% meira

***Eigendur Bruggsmiðjunnar Kalda ætla að opna bjórspa og veitingastað í Eyjafirði. Framleiðsla brugghússins verður aukin um 36 prósent en fyrirtækið framleiðir um 550 þúsund lítra af bjór á ári.***

**FERÐAÞJÓNUSTA**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Við stefnum að því að auka framleiðsluna um 36 prósent á næstu tveimur árum og opna hér bjórspa og lítinn veitingastað," segir Agnes Anna Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri og einn eigenda Bruggsmiðjunnar Kalda á Árskógssandi í Eyjafirði.

Agnes segir framkvæmdir vegna framleiðsluaukningarinnar þegar hafnar. Þeim eigi að ljúka árið 2016.

„Við erum að stækka örlítið núna og erum að byggja 50 fermetra hús og láta smíða fyrir okkur þrjá nýja fjögur þúsund lítra tanka. Við sjáum svo fyrir okkur að geta bætt aðstöðuna fyrir átöppun og róbóta og farið í örlitla stækkun í tönkum á næsta ári. Við ætlum svo að klára þessu stækkun árið 2016 og þá vil ég fara í bjórspa-ið," segir Agnes.

Bruggsmiðjan framleiðir nú um 550 þúsund lítra af bjórnum Kalda á ári. Framleiðslugetan eykst um 200 þúsund lítra með stækkuninni.



**BJÓRINN** Bruggsmiðjan hefur framleitt Kalda frá árinu 2006.



**AGNES ANNA SIGURÐARDÓTTIR**

„Við teljum að það sé markaður fyrir það. Síðasta sumar var allt að þriggja vikna biðlisti eftir því að fá Kalda á veitingastaði."

Bjórspö eru að sögn Agnesar vel þekkt í Tékklandi. Hugmynd eigenda Bruggsmiðjunnar gengur út á að sjór og Kaldi séu hitaðir í þar til gerðu kari.

„Bjórinn er svo gríðarlega hollur fyrir húðina, og brugghúsið er við sjóinn, þannig að við munum nota hreinsaðan sjó og Kalda til að búa til spa-paradís." Agnes tekur fram að fyrirtækið hafi alltaf verið byggt upp í smáum skrefum og að skynsemin verði áfram höfð að leiðarljósi. Bruggsmiðjan var stofnuð í desember 2005 og hagnaður af rekstri hennar nam tæpum 40 milljónum króna á síðasta ári.

„Við fáum hingað gríðarlega mikið af gestum en það vantar meiri afþreyingu á staðinn og því ætlum við að fara í þessar framkvæmdir."





Þjónusta við fyrirtæki

# Við bjóðum fyrirtækjum sérþekkingu

Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við út á hvað starfið gengur.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af þjónustu við íslensk fyrirtæki, þekkir fjölbreyttan atvinnurekstur af eigin raun og býður fram þekkingu sína og áhuga til að efla þinn rekstur.

Þekking sprettur af áhuga.

Rósa Guðmundsdóttir hefur í tólf ár veitt stærri fyrirtækjum fjármálaþjónustu með sérstakri áherslu á verkefni á fasteignamarkaði.

Rósa er viðskiptastjóri fasteignateymis Íslandsbanka.

islandsbanki.is    Netspjall    Sími 440 4000    Facebook

Íslandsbanki

Skiptum á Ask Yggdrasils lokið:

## 15 milljóna gjaldþrot

Skiptum á þrotabúi Asks Yggdrasils er lokið, en búið var tekið til skipta í byrjun apríl. Engar eignir fundust í búinu en lýstar kröfur námu 15 milljónum króna. Askur Yggdrasils var upphaflega heildsöluverslun og smásöluverslun sem seldi lífrænt ræktaðar matvörur. Heildsöluverslunin er áfram rekin á annarri kennitölu en smásöluverslunin sameinaðist Lifandi markaði. Það fyrirtæki var tekið til gjaldþrotaskipta fyrr á árinu. - jhh

Hagnaður Yrsu Sigurðardóttur ehf. nam tíu milljónum króna á síðasta ári en er þó einungis brot af hagnaði eignarhaldsfélags Arnaldar:

## Greiddi sér fimm milljónir króna í arð

Yrsa Sigurðardóttir ehf., eignarhaldsfélag rithöfundarins Yrsu Sigurðardóttur, hagnaðist um tæplega 9,8 milljónir króna í fyrra, en hagnaðurinn nam 12,2 milljónum króna fyrir tekjuskatt. Ársreikningnum var skilað til ársreikningaskrár þann 9. október síðastliðinn.

Hagnaður félagsins í fyrra er öllu minni en árið á undan en þá nam hagnaður ársins eftir skatta tæplega 13,6 milljónum króna og hagnaður fyrir skatt var tæplega 17 milljónir króna.

Yrsa greiddi sér fimm milljónir króna í arð á síðasta ári. Eftir arðgreiðsluna nemur eigið fé félagsins rúmlega 19 milljónum króna. Bækur Yrsu hafa notið mikilla vinsælda hér á Íslandi en þær eru einnig gefnar út erlendis. Í fyrra gaf hún út bókina Lygi en árið á undan kom bókin Kuldi út. Hagnaður félags Yrsu er þó einungis brot af hagnaði Gilhaga ehf., félags Arnaldar Indriðasonar. Fram kom í Viðskiptablaðinu í september að Gilhagi hagnaðist um 82,6 milljónir króna í fyrra eftir skatta. Árið 2012 var hagnaðurinn 139,2 milljónir.

Eigur Gilhaga eru metnar á tæpar 540 milljónir. Þar af eru 104 milljónir bundnar í verðbréfum en 434 milljónir í handbæru fé. - jhh



**VERKFRÆÐINGUR** Aðalstarf Yrsu eru ekki skapandi skrif heldur er hún afkastamikill verkfræðingur. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Aðkoma stjórnvalda ýkir sveiflur

***Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir að aðkoma stjórnvalda ýki sveiflur í byggingastarfsemi. Hún segir að staða byggingageirans hafi batnað frá hruni, en sé enn þá viðkvæm. Ásdís segir að byggingarreglugerð frá árinu 2012 auki kostnað og dragi úr hvata til nýframkvæmda.***

**VIÐTAL**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Þegar horft er til byggingaframkvæmda síðastliðna áratugi má sjá að framkvæmdatoppar skýrast með einum eða öðrum hætti vegna aðkomu stjórnvalda, segir Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins.

Nærtækasta dæmið sé óheppileg tímasetning byggingarreglugerðar sem innleidd var fyrst í ársbyrjun 2012. Ásdís segir í samtali við Fréttablaðið að reglugerðin hafi leitt til aukins byggingarkostnaðar. „En á meðan byggingarkostnaður er hærri en fasteignaverð er lítill hvati til nýbygginga,“ segir hún. Þess vegna skapist þær aðstæður að ekki sé nægt framboð til að mæta væntri eftirspurn „Áhrifin eru því til þess fallin að ýkja niðursveifluna sem að lokum leiðir til íbúðaskorts, áhrif sem hafa líklega nú þegar komið fram“ segir Ásdís.

„Aðkoma stjórnvalda hefur í gegnum tíðina ýkt sveiflur í byggingarstarfsemi. Mikilvægt er að greinin fái að vaxa út frá undirliggjandi efnahagsþáttum fremur en út frá aðgerðum stjórnvalda“ segir Ásdís.

### Háð sveiflum í efnahagslífinu

Ásdís hélt erindi á ráðstefnu Samtaka iðnaðarins um stöðu íslensks byggingariðnaðar sem fram fór í gær. Ásdís segir það vera mjög einkennandi fyrir byggingariðnaðinn hve mikinn óstöðugleika hann býr við. Geirinn sé útsettur fyrir íslenskri hagsveiflu og sé því fremur afleiðing hagsveiflna en orsök.

„Og að einhverju leyti er hann líklega útsettari en ella fyrir sveiflum vegna þess að hér á landi er ríkjandi eigendastefna. Við eigum flest okkar eignir og auðsáhrifin eru því mjög sterk. Þegar vel árar og eignaverð hækkar þá eykst svigrúm heimila til skuldsetningar og spenna myndast á byggingarmarkaði. Þegar kreppir að þá snýst þessi spírall við og samdrátturinn verður hraður. Atvinnugreinin skreppur því hraðar saman þegar kreppir að en tekur jafnframt hraðar við sér þegar hagkerfið vex á ný,“ segir Ásdís.

Hún bendir að auki á að byggingargeirinn í öðrum löndum sveiflist einnig í takt við ganginn í hagkerfinu, það að atvinnugreinin sé útsett fyrir hagsveiflunni á því einnig við í öðrum löndum. Hins vegar er það séríslenskt fyrirbrigði hvað óstöðugleikinn er mikill í byggingariðnaði, enda hagsveiflan hér á landi almennt meiri en gengur og gerist í öðrum iðnríkjum. Ásdís segir að með því að skoða vinnumarkaðstölur megi glöggt sjá óstöðugleikann, bæði í uppsveiflunni og niðursveiflunni. Starfsfólki í byggingariðnaði fjölgaði um 6.700 á þensluárunum en hefur fækkað um ríflega 7.000 frá árinu 2008.

Staðan á byggingarmarkaði fer batnandi. „Nýjustu tölur frá Samtökum iðnaðarins benda til þess að fullgerðar íbúðir verði fleiri en þær hafa verið á síðustu árum. Aftur helst þetta í hendur við umsvifin í hagkerfinu. Efnahagsbatinn hefur gengið vonum framar, það ríkir hér stöðugleiki og spár gera ráð fyrir áframhaldandi hagvexti. Smám saman erum við að rétta úr kútnum,“ segir Ásdís.



**VOND TÍMASETNING** Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður efnahagssviðs Samtaka atvinnulífsins, segir byggingareglugerðina hafa komið á óheppilegum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Þegar vel árar og eignaverð hækkar þá eykst svigrúm heimila til skuldsetningar…**

### Fjárhagsleg staða nokkuð góð

Ásdís segist telja að fjárhagsleg staða geirans sé í heild nokkuð góð. „Við erum á svipuðum stað og árið 2003 þegar hagkerfið var í þokkalegu jafnvægi. Skuldastaðan hefur skánað verulega samfara afskriftum skulda og auknum umsvifum í hagkerfinu. Eigið fé í greininni var verulega neikvætt á árinu 2010 þegar hagkerfið gekk í gegnum alvarlegan samdrátt, en hefur nú byggst upp og afkoman batnað. Byggingargeirinn var í verulegu ójafnvægi árið 2007 og því viljum við fremur miða okkur við stöðuna eins og hún var 2003 sem var mun eðlilegra ár. Það eru sterkar vísbendingar um að geirinn er að rétta úr kútnum,“ segir Ásdís. Reyndar sé staðan enn viðkvæm og það megi sjá á því að fjórðungur fyrirtækja sem eru með eignir yfir 10 milljónir króna sé enn þá að glíma við neikvætt eigið fé, en það er ekkert óeðlilegt. „Þetta var mikill skellur sem varð við efnahagshrunið og það tekur einfaldlega tíma fyrir atvinnugreinina að vinna sig út úr þessu,“ segir Ásdís.

Ásdís segir að óvissa og sviptingar í rekstrarskilyrðum fyrirtækja veiki samkeppnisstöðu og leiði til minni framleiðni og lakari kaupmáttar. „Slíkt á ekki aðeins við um fyrirtæki í byggingariðnaði heldur almennt um allar greinar. Saga byggingariðnaðarins endurspeglar mikilvægi þess að hér ríki stöðugleiki og göguð hagstjórn.“




Hundraða milljóna skuldir gera rekstur Keiluhallarinnar afar erfiðan:

## 77 milljóna tap hjá Keiluhöllinni í fyrra

Tap af rekstri Keiluhallarinnar nam 77 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt samandregnum ársreikningi félagsins.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam hins vegar tæplega 42 milljónum króna. Árið áður nam tap ársins 34,7 milljónum króna en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði nam 39,2 milljónum króna.

Eignir félagsins nema tæplega 740 milljónum króna en skuldirnar nema tæplega 652 milljónum króna. Eigið fé er því um það bil 88 milljónir króna. Helstu eignir félagsins eru fasteignir sem eru bókfærðar á rúmar 549 milljónir króna, bifreiðar á níu milljónir króna og áhöld og tæki á 59 milljónir. Í ársreikningnum segir að á meðal viðskiptaskulda séu gjaldfallnar skuldir við birgja, en ekki hafi verið færðir dráttarvextir inn í reikningsskilin. - jhh



**Í ÖSKJUHLÍÐ** Starfsemi hefur verið rekin í Keiluhöllinni Öskjuhlíð frá árinu 1985. FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL.

BERNAL®

TORANTRIEBE




## GAMMA 60

**600N**
Hámarksþyngd hurðar 60 kg
Hámarkshæð 2,3 m
Hámarksbreidd 3,5 m
Hámarksstærð 6,5 $m^2$
2 fjarstýringar
Auto Close / soft stop-start
Einfaldur í uppsetningu
Einfaldar stillingar
**Verð: 24.975**

## GAMMA 80

**800N**
Hámarksþyngd hurðar 90 kg
Hámarkshæð 2,3 m
Hámarksbreidd 4,5 m
Hámarksstærð 10 $m^2$
2 fjarstýringar
Auto Close / soft stop-start
Einfaldur í uppsetningu
Einfaldar stillingar
**Verð: 29.963**

# Vippaðu bílskúrs-hurðinni upp með Bernal

Með því að þrýsta létt á handhæga og netta fjarstýringu opna þýsku Bernal bílskúrs-hurðaopnararnir dyrnar að bílskúrnum þínum þýðlega hvenær sem þér hentar.

---

LÁS HÚSIÐ EHF.

Sölustaðir:

**Verkfæralagerinn**

Láshúsið, Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík, Sími 557 5100

Verkfæralagerinn, Smáratorgi 1, Kópavogi, Sími 588 6090




**FORSTJÓRINN** Björgólfur Jóhannsson segir félagið hafa staðið í miklum framkvæmdum við hótel samstæðunnar og að viðsnúningur hafi orðið í rekstri Icelandair Cargo. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stefnu Icelandair verður ekki breytt

***Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, segir útlit fyrir að afkoma fyrirtækisins á fjórða ársfjórðungi verði talsvert lakari en á sama tíma í fyrra. Nýtt afkomumet samstæðunnar var kynnt í síðustu viku. Forstjórinn hefur fulla trú að samningar náist við flugmenn. Lóðin í Hafnarfirði gæti borið nýjar höfuðstöðvar.***

**VIÐTAL**
**Haraldur Guðmundsson**
haraldur@frettabladid.is



„Við reiknum með að afkoman á fjórða ársfjórðungi verði talsvert lakari en hún var á sama fjórðungi í fyrra og að EBITDA, hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði, verði neikvæð,“ segir Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group.

Fyrirtækið hagnaðist um 85,8 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 10,5 milljarða króna, á þriðja ársfjórðungi og sló þá ársgamalt afkomumet samstæðunnar. Hún var rekin með 26,7 milljóna dala, um 3,3 milljarða króna, tapi á fyrstu þremur mánuðum ársins en með hagnaði að jafnvirði 2,6 milljarða króna á tímabilinu frá apríl til júníloka. Árstíðabundnar sveiflur halda því áfram að setja mark sitt á afkomu fyrirtækisins sem hyggur á frekari landvinninga á næsta ári.

**Besti fjórðungurinn**

*Tímabilið frá byrjun júlí til septemberloka er vanalega ykkar mikilvægasti fjórðungur. Hvað skýrir afkomumetið sem þið kynntuð í síðustu viku?*

„Þetta er jú mikilvægasti fjórðungurinn okkar og sá tími ársins þegar við erum með langmestu tekjurnar. Við teljum að orsaka sé að leita í þeirri auknu þjónustu sem Icelandair veitir, sem fjölgar farþegum og ferðamönnum, en einnig hafa önnur dótturfélög okkar verið að njóta góðs af fjölgun ferðamanna. Einnig höfum við lagt aukna áherslu á vetur, vor og haust og þar með aukið vægi þessara árstíða í afkomu fyrirtækisins,“ segir Björgólfur.

> **Auðvitað er verð hjá félögum sem stunda flug mjög breytilegt frá einum tíma til annars. En við erum ekki að fara að breyta okkar stefnu á neinn hátt.**

Hann segir fjárhagsstöðu samstæðunnar hafa styrkst, skuldir hafi meðal annars lækkað og því sé fyrirtækið vel undirbúið undir þær fjárfestingar sem séu fram undan.

„Það er töluvert af fjárfestingum fram undan í nýjum flugvélum og styrkingu innviða ferðaþjónustunnar í landinu með opnun hótelbygginga í eigu Icelandair Group.“

Björgólfur tekur fram að kaup fyrirtækisins á nýjum flugvélum hafi verið kynnt í fyrra þegar Icelandair undirritaði samning um kaup á sextán Boeing 737 MAX-vélum.

„Við horfum til þess að þær verði notaðar í leiðakerfinu og höfum sagt að það styrki Icelandair að fá smærri vélar og gefi fyrirtækinu meðal annars aukinn sveigjanleika til að takast á við minni áfangastaði.“

*Þið hafið bætt við áfangastöðum og fjölgað ferðum. Eru þessar breytingar að skila viðunandi árangri?*

„Þessar nýju leiðir hafa reynst vel. Síðan bætast við tvær á næsta ári en reyndar tökum við St. Pétursborg út. Ný leið styrkir kerfið í heild sinni en auðvitað verðum við að horfa til þess að þær gangi líka fjárhagslega og þær hafa verið að gera það,“ segir Björgólfur.

**Hærri laun og aukin samkeppni**

*Þú segir að fjórði ársfjórðungur verði fyrirtækinu að öllum líkindum erfiður. Hvað spilar þar helst inn í fyrir utan mögulegan samdrátt í tekjum?*

„Í fyrsta lagi er auðvitað hærri launakostnaður því laun hafa hækkað. Síðan er aukin samkeppni. Við erum reyndar með mjög mikla samkeppni á sumrin, en þegar ég er að tala um samkeppni þá er ég auðvitað ekki einungis að að tala um ferðir til og frá Íslandi. Ég er að tala um þessa stóru mynd yfir Norður-Atlantshafið þar sem við erum að horfa á mjög stór félög eins og Lufthansa, British Airways, Norwegian og SAS sem eru að fljúga þar yfir. Við höfum séð aukna samkeppni þar og auðvitað líka á heimamarkaðinum.“

*Hvernig ætlið þið að bregðast við þessari auknu samkeppni?*

„Við ætlum að gera það sem við erum best í og bregðast við þeim aðstæðum sem upp koma. Þar skiptir þjónustan mestu máli sem kemur meðal annars fram í aukinni tíðni á áfangastaði og meiri dreifingu í áætlanakerfinu í heild sinni.“

*Má gera ráð fyrir að aukinni samkeppni verði mætt með lækkun fargjalda?*

„Auðvitað er verð hjá félögum sem stunda flug mjög breytilegt frá einum tíma til annars. En við erum ekki að fara að breyta okkar stefnu á neinn hátt. Styrkur okkar liggur auðvitað í því hvað við erum dreifð í báðum heimsálfum og getum boðið, með einni millilendingu, flug yfir Norður-Atlantshafið. En þetta snýst líka um þægindi og þjónustu og við horfum á hvað markaðurinn er að gera og þurfum að sjálfsögðu að bregðast við í ljósi aðstæðna á hverjum tíma,“ segir Björgólfur.

**Blæs á ásakanir um einokun**

Skúli Mogensen, forstjóri Wow air, sagði í viðtali í Markaðinum í september síðastliðnum að einokunarstaða ríki í Norður-Ameríkuflugi. Wow hefur gagnrýnt úthlutun Isavia á afgreiðslutímum á Keflavíkurflugvelli, eða stæðum, og sagt Icelandair hafa fengið þá tíma sem séu nauðsynlegir fyrir tengiflug milli Evrópu og Bandaríkjanna. Málið hefur nú ratað alla leið til EFTA-dómstólsins sem mun á næstunni kveða upp sinn úrskurð vegna afgreiðslutíma í Keflavík.

„Þó það sé talað um það í orðræðunni að það sé ekki samkeppni til Norður-Ameríku þá er það auðvitað bara rangt. Við erum auðvitað í mjög mikilli samkeppni við stór erlend flugfélög á þessari leið. Delta hefur svo verið að fljúga á milli Íslands og New York þannig að það hefur ekki heldur verið einokun þar,“ segir Björgólfur og heldur áfram:

„Hins vegar er til eitthvað sem heitir hefðarréttur og við höfum 30 ára reynslu af þessum tengibanka í Keflavík. Ég hef aldrei skilið af hverju flugfélag sem ætlar að hefja flug til Ameríku þarf að fara inn á nákvæmlega sömu tímasetningar og fyrirtæki sem er fyrir þegar völlurinn býður upp á takmarkað pláss. Enda hefur komið í ljós að viðkomandi félag, sem kvartaði, ætlar að fljúga á öðrum tíma og hefur tilkynnt að sá tími sé betri en sá sem það var að sækjast eftir.“

**Félagið þoli vöxtinn**

*Leiðakerfi fyrirtækisins hefur tvöfaldast frá árinu 2009. Þið spáið því að farþegar ykkar verði um 2,9 milljónir á næsta ári og fjölgi þá um 300 þúsund milli ára. Eruð þið ekki að stækka of hratt?*

„Það er nú góð spurning. Við höfum nú verið að stækka meira en þetta undanfarin ár enda hefur stærð félagsins tvöfaldast. En Icelandair er auðvitað bara einn angi af því og hryggjarstykkið í samstæðunni. Hins vegar þurfa menn auðvitað að passa sig á því að vaxa ekki of hratt. En ég tel að okkur hafi tekist að vaxa þannig að félagið þoli það innan

**TÓNLIST Í HÁSKÓLA**
**Japönsk og frönsk tónlist um fegurð og fjúk verður flutt í kapellu Háskóla Íslands í dag klukkan 12.30 til 13. Allir eru velkomnir en frítt er inn.**



# NAGLASVEPPIR – NÝ LAUSN ÁN LYFSEÐILS

**LYFIS KYNNIR** *Amorolfin ratiopharm-lyfjalakk á neglur við naglasveppum fæst nú án lyfseðils í næsta apóteki.*

Hingað til hefur ekkert lyf fengist við naglasveppum án lyfseðils í apótekum“ segir Hákon Steinsson, lyfjafræðingur hjá LYFIS. „Það er því mjög ánægjulegt að bæta lyfinu við úrval lausasölulyfja LYFIS, en við höfum markvisst unnið að því að auka framboð lyfja sem hægt er að kaupa án lyfseðils.“

Lyf sem innihalda amorolfin eru komin í lausasölu í nokkrum öðrum Evrópulöndum og hefur tilkoma lyfsins í lausasölu aukið aðgengi almennings að meðferðarkosti við naglasveppum. Amorolfin er breiðvirkt sveppalyf sem er mjög virkt gegn algengum tegundum af naglasveppum. Amorolfinið smýgur úr lyfjalakkinu inn í og í gegnum nöglina og getur þar af leiðandi útrýmt sveppnum sem er illa aðgengilegur í naglbeðnum. Þar sem meðferðin er staðbundin eru aukaverkanir mjög sjaldgæfar og þá aðallega svæðisbundnar, sem er mikill kostur fyrir notandann.

Algengustu einkenni naglasveppasýkingar eru þykknun naglarinnar og litabreyting. Nöglin getur t.d. orðið hvít, svört, gul eða græn. Verkir og óþægindi geta einnig komið fram.

Bera skal lyfjalakkið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Amorolfin ratiopharm má nota með öðrum lyfjum en ekki má nota naglalakk eða gervineglur á meðan verið er að nota lyfið.

Mikilvægt er að lesa fylgiseðil lyfsins fyrir notkun og kynna sér helstu varúðarreglur. Stutta samantekt um lyfið má sjá hér fyrir neðan.



**AMOROLFIN RATIOPHARM**
er ætlað til notkunar á bæði tá- og fingurneglur.



**AMOROLFIN RATIOPHARM**
er notað einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Með í pakkningu eru einnig hreinsigrisjur, naglaþjalir og fjölnota spaðar til að dreifa úr lakkinu.

ratiopharm

LYFIS
Traust í lyfjum

**Notkunarsvið:** Amorolfin ratiopharm lyfjalakk inniheldur amorolfin og er notað til meðferðar við sveppasýkingum í nöglum sem áður hafa verið greindar af lækni eða til meðferðar á endurteknum sveppasýkingum. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir amorolfini eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins. **Varúð:** Forðast skal að lyfjalakkið komist í snertingu við augu, eyru og slímhúðir. Sjúklingar með undirliggjandi sjúkdóma sem eru móttækilegir fyrir sveppasýkingum í nöglum ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Slíkir sjúkdómar eru útlægir blóðrásarkvillar, sykursýki og ónæmisbæling. Sjúklingar með visnaðar neglur og ónýtar neglur ættu að ræða viðeigandi meðferð við lækni. Eldfimt. **Meðganga og brjóstagjöf:** Notkun lyfsins skal ákveðin af lækni. **Skömmtun:** Lyfjalakkið er borið á sýktar fingur- eða táneglur einu sinni í viku eða samkvæmt ráðleggingu læknis. Meðferð skal haldið áfram óslitið þar til nöglin hefur endurnýjað sig og viðkomandi svæði er læknað. Ekki ætlað börnum. **Aukaverkanir:** Aukaverkanir eru mjög sjaldgæfar, helst staðbundnar, s.s. neglur geta orðið mislitar eða losnað frá naglbeðnum. **Lesið vandlega fylgiseðilinn sem fylgir lyfinu.** SmPC: Mars 2014.

Vandaðir þýskir herraskór úr leðri og skinnfóðraðir frá




Misty skór
Laugavegi 178
Stærðir:41 - 46
Verð: 15.485.-
Erum á facebook
Sími 551 2070
Opið:
Mán - Fös: 10:00 - 18:00
laugard: 10:00 - 14:00



ÍÞRÓTTA HALDARI

20% afsláttur
AÐEINS MIÐVIKUDAG OG FIMMTUDAG

teg ROYCE SPORT
fæst í stærðum 32-40
D,DD,E,F,FF,G,GG,H

fullt verð
kr. 10.950,-
en mið og fim
kr. 8.760,-

Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-18 virka daga
Laugadag opið frá kl 10-14
Vertu vinur



# BORGIR OG BÆIR ÁRSINS 2015

**MÆLT MEÐ** *Sérfræðingar Lonely Planet hafa útbúið lista yfir tíu borgir og bæi sem skemmtilegt væri að heimsækja á næsta ári.*



**WASHINGTON DC Í BANDARÍKJUNUM** Frábær borg með tilliti til safna og minnisvarða. Smithsonian-safnið trónir þar efst. Árið 2015 verða 150 ár liðin frá morðinu á Abraham Lincoln og verða ýmsir munir tengdir morðinu til sýnis á safninu. Til dæmis hattur forsetans auk byssunnar sem varð honum að bana.



**EL CHALTÉN Í ARGENTÍNU** Hið 3.405 metra háa fjall Monte Fitz Roy gnæfir yfir bænum El Chaltén. Allt í kring eru hátt í átta hundruð þúsund hektarar af ósnertri náttúru, jöklum, vötnum, skógi og fossum innan þjóðgarðsins Parque Nacional Los Glaciares. Bærinn á 30 ára afmæli á næsta ári en hefur á stuttum tíma orðið afar vinsæll meðal útivistarfólks.



**CHENNAI Á INDLANDI** Ný lestarstöð í Chennai á að lyfta ferðamannaiðnaðinum í borginni á annað stig. Margt er að sjá. Ýmis musteri, áhugaverð söfn, virki frá tímum Breta í landinu, strönd og næststærsta kvikmyndaveldi Indlands, Kollywood.



**ZERMATT Í SVISS** Vinsæll bær meðal göngufólks, klifurkappa og skíðaáhugamanna. Fjallið Matterhorn (4.478m) gnæfir yfir bæinn en 2015 verða 150 ár frá því það var klifið fyrst. Fjórir af sjö göngumönnum hröpuðu til bana á leið niður fjallið. Einhverjar uppákomur verða í bænum í tilefni af tímamótunum.



**MÍLANÓ Á ÍTALÍU** Glæsileiki er einkennismerki Mílanó. Borgin er sú næststærsta á Ítalíu og er vinsæl meðal allra tegunda ferðamanna. Á næsta ári verður haldin þar Expo 2015 með áherslu á mat.



**VÍN Í AUSTURRÍKI** Á næsta ári verða 150 ár frá því að keisarinn Franz Josef lét byrja á Ringstrasse, sem liggur frá ráðhúsinu að óperunni í Vín, og er meistaraverk með tilliti til arkitektúrs. Fjöldi viðburða verður vegna þessa auk þess sem borgin mun hýsa Eurovision-keppnina þetta árið.



**VALLETTA Á MÖLTU** Mikil endurbygging hefur átt sér stað í Valletta sem þykir hafa heppnast vel í borginni þar sem margar byggingar eru frá 17. öld. Árið 2015 verður þess minnst að 450 ár eru frá umsátrinu mikla á Möltu.



**SALISBURY Í BRETLANDI** Áður stoppuðu ferðamenn stutt í Salisbury á leið sinni að Stonehenge en á því verður breyting á næsta ári. Þá mun Salisbury halda upp á að 800 hundruð ár eru liðin frá undirritun Magna Carta, frelsisskrár Englands. Best varðveitta eintakið af skjalinu er að finna í borginni.



**TORONTO Í KANADA** Mikið verður um að vera í borginni á næsta ári. Til dæmis er búist við 250 þúsund gestum á Pan American-leikana. Veitingastaðamenningin þykir með betra móti í Toronto sem nýtur þess að vera í nálægð við New York og Montreal.



**PLOVDIV Í BÚLGARÍU** Plovdiv þykir einn af fallegri eldri bæjum Evrópu. Í fjarska eru Rhodope-fjöllin, í bænum má finna sögulegar minjar auk frábærs náttúrulífs. Fornminjar og söguleg hús í miðbænum hafa nýlega verið gerð upp og breytt í söfn, veitingastaði og hótel.

Jólagjafir í úrvali
fyrir skapandi fólk á öllum aldri.




**Amma mús – handavinnuhús**
Grensávegi 46, Reykjavík
Opið mán. – fös. 9-18, lau. 11-15 sími 511 3388

# OFURFÆÐA GEGN VEIKINDUM

**BALSAM KYNNIR** *HAWAIIAN NONI-ÁVÖXTUR Nýjasta frá Natural Health Labs. Tilvalið fyrir þá sem vilja stuðla að langlífi, styrkja ónæmiskerfið, auka orku, hreysti og bæta líðan. Verðu þig gegn veikindum í vetur!*

**SÍGRÆNN HEILSUÁVÖXTUR**

Noni-ávöxturinn er sígrænn allan ársins hring og er rómaður fyrir að stuðla að langlífi, betri heilsu og betri líðan. Ávöxturinn kemur upprunalega frá Kyrrahafseyjum og flokkast sem ofurfæða vegna þess hve einstaklega ríkur hann er af næringarefnum. Hann er þekktur af innfæddum sem veikindabaninn og í pólýnesískum goðafræðum er greint frá því að guðinn Maui hafi verið endurlífgaður með þessum magnaða ávexti.



**ÓMAR ÞÓR ÓMARSSON** framkvæmdastjóri Balsam.

**ALLRA MEINA BÓT**

Rannsóknir sýna að Noni-ávöxturinn styrkir ónæmiskerfi og varnarkerfi líkamans. Hann gefur aukna orku, jafnar blóðþrýsting, bætir meltinguna, eflir starfsemi hjarta, lifrar og nýrna, linar verki, styrkir liði, minnkar bólgur ásamt því að gefa fallegt og unglegt útlit. Þá er Noni þekktur fyrir að auka vellíðan þar sem hann er ríkari af pro-xeroníni en aðrir ávextir, en efnið er nauðsynlegt frumum líkamans og styður við myndun serótóníns í heila.

**BURT MEÐ VEIKINDIN**

„Noni-ávöxturinn er tilvalinn fyrir þá sem vilja bæta heilsuna, hreysti og verja sig gegn veikindum í haust og vetur," segir Ómar Þór Ómarsson, framkvæmdastjóri Balsams. Hann inniheldur um 150 þekkt næringarefni sem líkaminn þarf til vaxtar, viðhalds og heilsu. Hann er auðugur af A-, B-, C- og E-vítamíni, járni, kalki, kalíum, sinki og inniheldur 17 af 20 lífsnauðsynlegum amínósýrum.

**HREIN AFURÐ FRÁ HAVAÍ**

Noni sem ræktað er af heimamönnum á Havaí er oft talið það hreinasta og áhrifaríkasta í heiminum. Fæðubótarefnið er 100% náttúrulegt, lífrænt vottað, framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað) og frábær lausn fyrir þá sem vilja njóta næringar ávaxtarins á þægilegan máta.






**RÁÐLÖGÐ NOTKUN:** Taktu eitt til þrjú grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.



**VISSIR ÞÚ** að Noni inniheldur um 150 þekkt næringarefni sem bæta heilsuna?

**SÖLUSTAÐIR**

Fáanlegt í nær öllum apótekum, Lyfju, Apótekinu, Heilsuhúsinu, Heilsutorgi Blómavals, Hagkaupi, Heimkaupum, Fjarðarkaupum, Sportlífi og Heilsulausn.is.

# CURCUMIN-GULLKRYDDIÐ FYRIR LÍKAMA OG SÁL

*Allt að fimmtíu sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik.*

■ Ég lifi heilsusamlegu lífi og vil hugsa vel um líkamann. Eftir að ég byrjaði að taka inn tvö Curcumin-hylki á dag hafa liðamótin og vöðvarnir styrkst til muna.
■ Dregið hefur verulega úr bólgumyndun.
■ Ég hef aukna og jafnari orku yfir daginn. Finn ekki lengur fyrir þreytu og orkuleysi seinnipartinn.
■ Ég finn að ég er í betra jafnvægi og að hugsun er skýrari.
■ Hárið mitt átti það til að vera þurrt en núna finnst mér það mun heilbrigðara og fallegra.
■ Ég hef tekið eftir því að appelsínuhúðin hefur minnkað.

***Monika Jagusiak kundalini-jógakennari og svæðanuddsnemi***

**SÖLUSTAÐIR**

Nær öll apótek, Lyfja, Lyf og Heilsa, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heimkaup, Heilsutorgið Blómaval og heilsulausn.is.




**CURCUMIN** (gullkryddið) er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og matargerðar í Asíu í yfir 2.000 ár. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að Curcumin getur unnið kraftaverk fyrir líkama og sál.



**MONIKA JAGUSIAK**















**MILLJÓNAMÓT** Á mótinu voru 560 þátttakendur frá 44 löndum. Heildarverðlaunafé mótsins var ein milljón dollara.

# Á SKÁKMÓTI Í VEGAS

**LAS VEGAS** *Bóndinn og skákáhugamaðurinn Hermann Aðalsteinsson er nýkominn heim frá Las Vegas þar sem hann tók þátt í Milljónamótinu í skák.*

Hermann Aðalsteinsson, formaður Skákfélagsins Hugins, fór á sitt fyrsta skákmót sem haldið var í útlöndum fyrir nokkrum dögum. Hann byrjaði með trompi en mótið var haldið í Las Vegas í Bandaríkjunum. „Las Vegas er auðvitað þekkt fyrir allt annað en skák en þetta mót var sérstakt að því leyti að peningaverðlaunin voru þau hæstu sem hafa verið greidd á opnu skákmóti. Mótið hét „Millionaire Chess“ eða Milljónamótið og voru fyrstu verðlaun hundrað þúsund dollarar eða rúmlega tólf milljónir íslenskra króna.“

Á mótinu voru 560 þátttakendur frá 44 löndum og þar af voru 34 stórmeistarar og 28 alþjóðlegir meistarar. Fimm íslenskir keppendur tóku þátt en hópurinn sem fór héðan taldi níu manns því kvikmyndagerðarmaður og aðstoðarmenn hans voru með í för en verið er að vinna að heimildarmynd um skák á Íslandi. „Við vorum úti í rúma viku en mótið stóð í fimm daga. Ég tók þátt í U-1600 flokki sem er flokkur keppenda með 1400-1600 skákstig og endaði í 23. sæti með fjóra vinninga af sjö mögulegum. Alls tóku 67 skákmenn þátt í þessum flokki og var ég einn Íslendinga í honum. Ég er svona sæmilega sáttur við það en ætlaði mér að ná inn á topp tíu, en það mistókst,“ segir Hermann léttur í bragði. Hann stefnir þó á að gera betur næst en hann langar að fara á annað Milljónamótið sem haldið verður en hvorki er búið að ákveða stað né tíma fyrir það.

Öryggisgæslan á skákmótinu var mjög ströng en ekki mátti fara inn í salinn sem mótið var haldið í með raftæki af neinu tagi. „Það voru málmleitarhlið sem allir þurftu að ganga í gegnum áður en þeir fóru inn í salinn. Þetta var bara eins og á flugvöllunum og er gert til að koma í veg fyrir svindl. Þetta er orðið svona á öllum stærri mótum.“

Hermann segir Las Vegas hafa verið meira spennandi og allt stærra í sniðum þar en hann hafi búist við. „Það var alls staðar gríðarlega margt fólk. Líka eldsnemma á morgnana. Ég fór nokkra morgna mjög snemma í göngutúr og það kom á óvart hve margir voru á ferðinni, og líka hversu heitt var orðið en það var um þrjátíu stiga hiti klukkan átta á morgnana. Við náðum að skoða okkur um í borginni og vorum mest á „The Strip“ sem er aðalgatan þar sem öll spilavítin eru. Við prófuðum að sjálfsögðu að spila fjárhættuspil en það fór enginn illa út úr því. Annars er það náttúrulega þannig að það sem gerist í Vegas verður eftir í Vegas,“ segir hann og hlær.



**THE STRIP** Í Las Vegas er margt að sjá og þá sérstaklega við aðalgötuna, The Strip. MYND/GETTY



**SKÁKSTJARNA** Keppendur á skákmótinu fengu að upplifa það hvernig er að vera stjarna og mátuðu sig á rauða dreglinum. AÐSENDAR MYNDIR

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kkolbeins@365.is, s. 512 5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

2014

# Villibráð

*Villibráðarhlaðborð Perlunnar er frá 23. október til 19. nóvember*







*10.500 kr.*

*Tilboð mánud.-miðvikud.*

*8.500 kr.*

# Jólahlaðborð

*Perlunnar er frá 20. nóvember til 30. desember.*
*Hádegistilboð kr. 5.900 föstudagana & laugardagana*
*5. & 6. - 12.& 13. og 19.& 20. desember*

**Gjafabréf Perlunnar**

**Góð gjöf við öll tækifæri!**



*9.500 kr.*

*tilboð mánud.-miðvikud*

*7.500 kr.*









## Skötu og Jólahlaðborð

*Í hádeginu á Þorláksmessu*

Veitingahúsið Perlan - Sími: 562 0200 · Fax: 562 0207 - Netfang: perlan@perlan.is - www.perlan.is




SOFÐU RÓTT Í ALLA NÓTT

Inniheldur aðeins náttúrulegar jurtir td. Sítrónu Melissu og Chamomillu ásamt blöndu B vítamína og magnesíum.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU




**KRÆSINGAR** Matur hefur alltaf leikið stórt hlutverk á mörkuðum Portobello og margir heimsækja götuna einungis til að fá sér eitthvað gott í gogginn.

# MATUR ÁVÍSUN Á IÐANDI MANNLÍF

**FERÐIR** *Matarmarkaðir og skransölur eru ávísun á iðandi mannlíf. Portobello-markaðurinn er vinsæll viðkomustaður þeirra sem heimsækja London.*

Upphaflega var Portobello Road einungis bugðóttur sveitavegur sem kallaður var Green Lane. Þegar uppbygging Portobello-býlisins hófst árið 1740 var vegurinn nefndur eftir býlinu og rúmlega hundrað árum síðar, eða 1850 fór gatan að taka á sig mynd líka þeirri sem fólk þekkir í dag. Staðsetningin hafði þar mikið að segja en gatan kúrði milli tveggja rísandi hverfa á þessum tíma þar sem bjuggu vel stæðir Lundúnabúar, Paddington og Notting Hill. Þar blómstruðu því verslanir og sölubásar. Aðallega var verið að selja mat í sölubásunum en árið 1945 var farið að selja notaða heimilismuni og húsgögn sem vatt síðar upp á sig og í dag er antíksala stór hluti markaðsstemmingarinnar í götunni. Maturinn leikur þó enn þá stórt hlutverk og margir heimsækja Portobello einungis til að fá sér gott að borða.



**OSTAR** Bragðlaukarnir verða ekki fyrir vonbrigðum þegar frægasti markaður Lundúnaborgar er heimsóttur.



**BLÓMSTRANDI VERSLUN** Portobello var heppilega staðsett milli vaxandi hverfa þeirra vel stæðu, Paddington og Notting Hill. Þar blómstruðu því verslanir og sölubásar snemma á nítjándu öld.



**GOTT Í GOGGINN** Við götuna standa ótal veitingastaðir og krár þar sem hægt er að borða en til að fá mannlífið beint í æð er skemmtilegt að borða eitthvað á ferðinni.


HÆTTU Í
MEGRUN
VERTU FIT
FIT kjúklingasalat
430 kcal. 1.890 KR
NÝTT
Mexíkósk kjúklingasúpa
1.490 KR
Classic burrito
1.490 KR
Classic quesadillas
1.590 KR
Culiacan
MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4. s. 533 1033
www.culiacan.is
Culiacan HollurogGóður



## BÍLAR & FARARTÆKI

BÍLAHÖLLIN
S: 567-4949

www.bilarydvorn.is
S. 587 1390



Toyota Rav4 Gx Diesel 5/2013 ek.34þús. Sjálfskiptur. Álfelgur. Ásett verð 5.990.000.- Rnr.104661



Honda CR-V Lifestyle 12/2012 ek.49þús. Sjálfskiptur. Leður. Ásett verð 4.390.000.- Rnr.310882



Hyundai I10 GL 4/2011 ek.90þús. Sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1.090.000.- Rnr.287116



Toyota Yaris Terra 1/2004 ek.87þús. Beinskiptur. Möguleiki á 100% visa láni. Ásett verð 790.000.- Rnr.104699

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

Bílalíf



**ÞVÍLÍKT EINTAK!!!**
VOLVO V50. Árgerð 2008, ekinn 103þ.km. sjálfskiptur. Fjölskyldubíll í sérflokki. Toppþjónusta af Brimborg! Tilboðsverð 2.290þ. Rnr.351542. Er á staðnum - Bílalíf

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



BMW 320d f30. Árgerð 2014, ekinn 9 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.890.000. Rnr.990959.



MERCEDES-BENZ B 180 CDI. Árgerð 2013, ekinn 32 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.490.000. Rnr.240449.



Kia Sportage EX 4wd. Árgerð 2013, ekinn 44 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.190.000. Rnr.210358. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

KRÓKUR



**KRÓKUR**
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

ASKJA NOTAÐIR BÍLAR



AUDI A4 limousine. Árgerð 2012, ekinn 58 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.890.000. Rnr.210490.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

MB bílar



VW Golf Trendline TDI skráður 01/2014 Ekinn 10 þkm. Dísil, sjálfskiptur, álfelgur. Verð kr. 3.790.000



VW Golf Trendline skráður 06/2012 Ekinn 53 þkm. Dísil, beinskiptur. Verð kr. 2.650.000

**MB Bílar**
**Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík**
**Sími: 415 1150**
**Opið virka daga 10-18, laugard. 12-16**
**http://www.mbbilar.is**

TOYOTA
Toyota Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Yaris hybrid. Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.790.000. Rnr.142485.

**Toyota Kletthálsi**
**Kléttháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotakletthalsi.is**

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
holl og góð fæða stuðlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga rétt á

# BÍLABORG.is

BÍLA BORG

**Stórhöfði 26**
**við Gullinbrú**
**Sími: 517 1111**



**M.BENZ S 500 4matic long.** Árgerð 1/2005, ekinn 79 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Hlaðinn búnaði. Óskjubíll. **Verð 5.900.000.** Rnr.132545.



**FORD F350 crew 4x4 44" 38".** Árgerð 4/2005, ekinn 144 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 3.290.000.** Rnr.125267.



**LAND ROVER Discovery 4 hse 256hö.** Árgerð 2012, ekinn 54 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Hlaðinn búnaði. Stóra vélin. **Verð 13.900.000.** Rnr.133529.



**TOYOTA Land cruiser 200 vx.** Árgerð 2008, ekinn 130 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Verð 7.990.000.** Rnr.126049..



**LAND ROVER Range rover HSE diesel.** Árgerð 5/2003, ekinn 245 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Tilboðsverð 2.490.000.** Rnr.125567.



**KIA Rio ex 1.4 bensín.** Árgerð 5/2013, ekinn 55 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.590.000.** Rnr.126271.



**CHEVROLET Lacetti station.** Árgerð 5/2005, ekinn 90 Þ.KM, bensín, sjálfsk.. Einn eigandi. Þjónustubók **Verð 890.000.** Rnr.133943.



**OPEL Astra gtc opc.** Árgerð 4/2007, ekinn 90 Þ.KM, bensín, 6 gírar. **Verð 1.490.000.** Rnr.150016.



**SUBARU Forester.** Árgerð 10/ 2009, ekinn 198 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Þjónustubók frá upphafi. **Tilboðsverð 1.790.000.** Rnr.125669.



**TOYOTA Land cruiser 100 diesel.** Árgerð 8/ 2002, ekinn 247 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. **Tilboðsverð 2.890.000.** Rnr.133790.



**LINCOLN Navigator 4wd.** Árgerð / 2003, ekinn 128 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. 7 manna . **Tilboðsverð 1.790.000.** Rnr.125944.



**HONDA Cr-v i-v-tec 150 hö leður.** Árgerð 2003, ekinn 182 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.190.000.** Rnr.125805.



**M.BENZ C 200 kompressor avantgarde .** Árgerð 2007, ekinn 79 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 3.990.000.** Rnr.133905.



**ADRIA Classica 663uk kojuhús .** Árgerð 2007, ekinn -1 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Er á staðnum. **Verð 3.390.000.** Rnr.133914.



**SKODA Octavia ambiente combi.** Árgerð 2003, ekinn 161 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 640.000.** Rnr.126385.



**TOYOTA Yaris sol.** Árgerð 2013, ekinn 55 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 2.490.000.** Rnr.150185.



**VW Transporter kasten v6.** Árgerð 2/ 2006, ekinn 170 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. **Verð 1.590.000.** Rnr.133938.



**TOYOTA Aygo h/b.** Árgerð 2013, ekinn 45 Þ.KM, bensín, 5 gírar. **Verð 1.590.000.**

ergo

**www.bilaborg.is**

ergo

frá en tek það fram að menn þurfa oft að vanda sig mjög vel í slíkum vexti, hvort sem um er að ræða þjónustu sem Icelandair er að bjóða eða hótelin okkar.“

*Verkfallsaðgerðir flugmanna höfðu bein áhrif á afkomu fyrirtækisins á öðrum ársfjórðungi. Tímabundinn samningur ykkar við flugmenn rann út í lok september. Áttu von á að samningar náist á næstunni?*

„Já ég hef fulla trú á því að við náum að semja. Það er rétt að við vorum í verulega erfiðri baráttu við ákveðnar stéttir innan félagsins. Það voru verkfallshótanir og það kom til verkfalls hjá okkur. Því miður var samningurinn við flugmenn stuttur. Við erum nú að vinna í nýjum samningi,“ segir Björgólfur og tekur fram að kröfur flugmanna séu enn miklar.

„Eins og ég hef sagt þá þurfum við að ná að tengja betur hagsmuni starfsmanna og félagsins, svona í ljósi þess sem var að gerast í vor, þannig að góður hagur félags skili sér til starfsmanna, og við munum vinna í því.“

*Óttastu ekki að þessi 10,4 milljarða hagnaður sem þið voruð að kynna veiki samningsstöðu ykkar?*

„Það getur vel verið að hann geri það í núinu. En þetta er auðvitað tvíbent sverð. Ég hef auðvitað áhyggjur gagnvart starfsfólki okkar ef það fer að ganga verr. Það er ekkert svo langt síðan við vorum í þeirri stöðu mánaðamótin maí-júní 2008 þegar við sögðum upp 600 manns hjá félaginu þar sem við sáum að það var ákveðin hnignun í gangi. Ef menn ætla sér að ná hærri launum við góða afkomu verða þau væntanlega lægri við lélega afkomu.“

*Eru teikn á lofti um að þið séu að fara inn í verri tíma?*

„Nei, nei, langt því frá. Auðvitað hefur maður þó áhyggjur af Íslandi, kjarasamningar eru lausir og það virðist vera ákveðin ólga í þeim efnum. Ég sé



hins vegar aukin tækifæri hvað varðar Ísland sem ferðaþjónustuland og held að við eigum mikið inni þar sama hvað einhverjir aðrir segja.“

**Höfuðstöðvamálin í skoðun**

Icelandair hefur byggt nýtt þjálfunarsetur í Vallahverfinu í Hafnarfirði undir flughermi þar sem flugmenn á Boeing 757 verða þjálfaðir. Fyrirtækið ætlar einnig að reisa þar skrifstofuhúsnæði og Björgólfur segir þau áform vera á áætlun.

„Núna erum við að fara að byggja þjálfunarsetrið í annarri byggingu og síðar koma skrifstofur í kjölfarið. Það hefur hins vegar ekki verið tekin nein ákvörðun um að færa höfuðstöðvar fyrirtækisins þangað. En við eigum þarna tækifæri til þess, lóðin ber það, og það skiptir máli hvað gerist hérna í Vatnsmýrinni. En þetta er í skoðun og er opið eins og allt annað.“

## FÆKKUN FARÞEGA Í INNANLANDSFLUGINU

Björgólfur segir fjölgun erlendra ferðamanna ekki hafa skilað aukinni sölu í innanlandsflugi. Hann telur að Flugfélag Íslands, dótturfélag Icelandair Group, eigi mikið inni.

„Þar er fækkun á farþegum en félagið hefur einnig verið að sækja meira til Grænlands. Og auðvitað er mjög erfitt að vera með félag sem á möguleika á sama tíma og starfsaðstaða þess er ákveðið bitbein. Það þarf að koma einhver lína í Reykjavíkurflugvöll og þetta er auðvitað erfið staða ofan í fækkandi farþega í innanlandsflugi því við teljum að við eigum enn inni sóknarfæri í erlendum ferðamönnum.“



## HELMINGUR VELTUNNAR Í KAUPHÖLLINNI Í GÆR



**GENGI BRÉFA FÉLAGSINS**

| Á fimmtudag | Í gær |
|---|---|
| 18,35 | 18,5 |

Velta með hlutabréf í Icelandair Group í gær nam tæpum 1,24 milljörðum. Viðskipti með bréfin skiluðu um helmingi af heildarveltunni á Aðalmarkaðinum í gær. Gengi bréfanna hækkaði þá um 2,78 prósent og endaði í 18,5.



# Of slæmur í hnjánum fyrir Anfield

***Magnús Þór Ásmundsson hefur tekið við starfi forstjóra Alcoa Fjarðaáls. Hann lærði rafmagnsverkfræði við DTU og vann hjá Marel í 19 ár. Magnús stefnir að því að gera álverið í Reyðarfirði að hagkvæmasta álveri í heimi.***

**SVIPMYND**
**Haraldur Guðmundsson** | haraldur@frettabladid.is

„Starfið krefst meiri yfirsýnar og vinnu, en ég er tilbúinn í verkið," segir Magnús Þór Ásmundsson, sem tók við starfi forstjóra Alcoa Fjarðaáls í lok síðustu viku.

Magnús hefur gegnt starfi forstjóra eignarhaldsfélags Fjarðaáls, Alcoa á Íslandi, frá árinu 2012. Hann mun sinna því starfi áfram ásamt því að bera ábyrgð á rekstri álversins í Reyðarfirði.

„Ég þarf nú að koma mér inn í nýtt hlutverk og við erum nýkomin út úr mikilli stefnumótunarvinnu og verkefnið fram undan er að fylgja eftir þeirri stefnumótun og fá alla starfsmenn með í það verkefni," segir Magnús.

Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Hamrahlíð árið 1982. Eftir það lá leiðin í rafmagnsverkfræði í Háskóla Íslands og þaðan til Danmerkur þar sem Magnús lauk meistaragráðu í greininni frá Danmarks Tekniske Universitet (DTU).

„Eftir það vann ég meðal annars hjá Marel í 19 ár. Þar starfaði ég meðal annars sem framkvæmdastjóri framleiðslu og vann að uppbyggingu framleiðslu Marels í Slóvakíu og samhæfingu framleiðslunnar í Evrópu. Það var skemmtilegur tími enda fyrirtækið í mikilli uppbyggingu þá."



**STÝRIR ÁLVERINU Í REYÐARFIRÐI** Magnús situr einnig í stjórn Tækniskólans og Samáls. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Magnús var ráðinn til Fjarðaáls árið 2009. Hann flutti þá ásamt fjölskyldunni til Egilsstaða en Magnús er kvæntur Soffíu G. Brandsdóttur snyrtifræðingi og þau eiga þrjú börn.

„Ég vildi vinna í alþjóðlegu umhverfi og það vakti líka áhuga minn hversu mikla áherslu fyrirtækið lagði á straumlínustjórnun í sínum stjórnkerfum og þátttöku starfsfólksins. Straumlínustjórnun er hugmyndafræði sem á uppruna sinn hjá Toyota í Japan og ég tel vera afar góða nálgun við skipulag og starfsemi fyrirtækja."

Vinnan er það fyrsta sem Magnús nefnir þegar blaðamaður spyr um áhugamál.

„En ég er fjölskyldumaður og eyði miklum tíma með fjölskyldunni. Svo hef ég mikinn áhuga á íþróttum. Ég fékk Liverpool-treyju í fimmtugsafmælisgjöf fyrir stuttu en ég hef nú þurft að yfirgefa drauminn um að leika nokkurn tíma á Anfield bara því ég er svo slæmur í hjánum," segir Magnús og hlær. „Ég hef þó meiri áhuga á körfubolta en fótbolta í dag enda starfað mikið fyrir körfuknattleiksdeild Hattar á Egilsstöðum. Svo spila ég golf, fer á skíði og les góðar bækur."

Magnús segist stefna að því að gera álverið í Reyðarfirði að besta og hagkvæmasta álveri í heiminum. „Þannig að það skili verðmætum til allra hagsmunaaðila, samfélagsins, starfsmanna, eigenda og viðskiptavina. Hér eru góðar aðstæður og gott starfsfólk og við erum kannski að sumu leyti enn að slíta barnsskónum en framtíðin er björt fyrir álið og Alcoa."

## ELDKLÁR OG VANDAR TIL VERKA



„Ég kynntist Magnúsi Þór fyrst þegar hann tók sæti í háskólaráði Háskólans í Reykjavík fyrir nokkrum árum og svo enn betur þegar hann kom inn í stjórn Viðskiptaráðs Íslands þegar ég var þar framkvæmdastjóri. Það sem er auðsýnt, eftir okkar ágæta samstarf á þessum vettvangi, er að hann sinnir verkefnum sem hann tekur að sér af mikilli alvöru. Það sést kannski best á því að þrátt fyrir að þurfa að sækja fundi um langan veg, komandi að austan, þá mætir hann manna best, ávallt vel undirbúinn og afar lunkinn við að greina aðalatriðin frá aukaatriðunum. Það kann að vera að við fyrstu kynni virki hann aðeins alvörugefinn, en sú upplifun gufar fljótt upp, enda stutt í glettnina."

**Finnur Oddsson,** forstjóri Nýherja.



„Magnús er gegnheill og drengur góður, sem er ekki lítill kostur fyrir mann í hans starfi. Hann er þessi 100% maður, sem ávinnur sér fljótt traust samstarfsmanna. Hann mætir undirbúinn til leiks og vandar til allra verka. Þá er hann eldklár, fróður um margt og virkilega skemmtilegur í samstarfi. Það vill svo til að við erum gamlir bekkjarfélagar úr grunnskólanum. Hann var hæglátur ef ekki feiminn sem drengur, sagði ekki margt og hafði sig lítið í frammi. En svo til dæmis átti Maggi það líka til að mæta á skákmót í bekknum og beinlínis rústa andstæðingunum."

**Helga Guðrún Jónasdóttir,** markaðs- og upplýsingafulltrúi Fjarðabyggðar.

# Hagræðið ræður tækniþróuninni

***Fjármálafyrirtæki þurfa að keppa við upplýsingatæknifyrirtæki sem farin eru að láta til sín taka á sviði hefðbundinnar fjármálaþjónustu. David Rowan, ritstjóri Wired Magazine UK, deildi framtíðarsýn sinni á ráðstefnu RB.***

**UPPLÝSINGATÆKNI**
**Óli Kristján Ármannsson** | olikr@frettabladid.is

Framtíðin hverfist um fartæki þegar kemur að greiðslumiðlun og framtíð fjármálaþjónustu, að mati Davids Rowan, ritstjóra Wired Magazine í Bretlandi. Undir skilgreininguna fartæki falla hvers konar farsímar, spjaldtölvur og önnur snjalltæki tengd neti eða fjarskiptakerfi.

Rowan hélt erindi á Fagráðstefnu Reiknistofu bankanna sem haldin var fyrir helgi á Icelandair Hótel Reykjavík Natura, sem sumir þekkja líka undir nafninu Hótel Loftleiðir. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Framtíðin í upplýsingatækni fjármálafyrirtækja 2.0".

Erindi Rowans var sprækleg og hann vann yfirfullan ráðstefnusalinn þegar á hann þegar hann hóf mál sitt með bjöguðu „gaman að sjá ykkur". Restin var svo reyndar á ensku.

Til gamans og upplýsingar varpaði Rowan gjarnan á skjá myndskeiðum og myndbrotum. Þar á meðal var auglýsing frá Ford í Bandaríkjunum frá árinu 1967 þar sem horft var fram í tímann og reynt að spá fyrir um umhverfi fólks og innkaupahegðan á því ári framtíðarinnar, 1999.

Auglýsingin var vissulega skondin. Konan sat við innkaupaskjáinn sinn og valdi varning. Heimilisfaðirinn góðkenndi svo kaupin (eða ekki) á fjársýsluskjá sínum.

En þótt þankagangur og þjóðfélagsskipan þess tíma hafi verið dálítið ráðandi í auglýsingunni var framtíðarspáin ekki fjarri lagi. „Þetta snýst um að einfalda og auðvelda líf fólks," sagði Rowan og benti á að grunnhugsunin væri ef til vill ekki fjarri því sem fólk notaði tæknina til núna, þótt ekki hafi tekist eins vel upp að spá um útfærsluna. Þarna veifaði hann snjallsímanum til áhersluauka. Innkaupin, eða hver önnur viðskipti, er nefnilega hægt að annast hvar og hvenær sem er.

Fartækin; snjallsíma, spjald- og fartölvur, segir Rowan tækni sem breytir hegðunarmynstri fólks. „Síminn og smáforrit hans eru svo áhrifamikil breyting að meira að segja er til app til þess að segja til um hversu oft fólk notar öppin sín."

Snjallsímavæðingin hafi ör áhrif á hvernig fólk hagar lífi sínu og útgjöldum. Það sé krafan sú að tæknin virki og sé einföld. Fólk kæri sig ekki um hraðahindranir sem endurspeglist í aðgangsorðum, PIN-númerum og textainnslætti til staðfesta að um alvörufólk sé að ræða. Og þar sem slík ljón séu í veginum velji fólk fremur aðrar leiðir, bendir hann á og vísar til margvíslegra lána- og fjármögnunarleiða sem sprottið hafa upp á netinu. Við þessa hluti sé fjármálakerfi heimsins að keppa og megi hafa sig allt við til að verða ekki undir. Hjá „peer-to-peer" lána- eða fjármögnunarfyrirtækjum sé gagnsæi allsráðandi. „Og gagnsæi er mjög gott, þótt það sé ekki allaf hefðbundnum fjármálafyrirtækjum að skapi." Tæknin hafi hins vegar gert að verkum að þröskuldurinn til að reka margvíslega fjármálaþjónustu, sem og annan rekstur, sé lægri. Þar sé Orchardlánaþjónustan eitt dæmi, AirBnb annað (þar sem tekið hafi fjögur ár að ná sama herbergjaframboði og tók Hilton-hótelkeðjuna áratugi að byggja upp). Þá mætti nefna þjónustu á borð við TransferWise sem bjóði fólki að senda peninga á milli landa gegn lægra gjaldi en bankar.




**FLUTTI ERINDI** David Rowan, ritstjóri Wired Magazine í Bretlandi, er heimsþekktur fyrirlesari sem sérhæfir sig í framtíðar-„trendum" auk þess að fjalla um nýsköpun og tækifæri í rafrænum viðskiptum. Auk þess að ritstýra Wired skrifar hann um tækni fyrir tímarit á borð við GQ og Condé Nast Traveller. Þá hefur hann starfað fyrir The Guardian, Telegraph Magazine, Sunday Times Magazine og The Observer. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

## GERA ÞAÐ GOTT

Fram kom í erindi Davids Rowan á ráðstefnu RB fyrir helgi að tækniframþróunin hafi gert fjölmörgum fyrirtækjum kleift að ná undraverðum árangri á skömmum tíma. Lykillinn að velgengni sé hins vegar greinilega að reyna að færa notendum það sem þeir vilja. Dæmi um það sé WhatsApp-smáforritið í farsíma sem gefi fólki kost á að senda skilaboð án tilkostnaðar sem felist í SMS-sendingum. Og þótt forritið hafi á skömmum tíma orðið mjög vinsælt hafi höfundar þess ætíð haldið sig fast við einfalda virkni, enga leiki eða auglýsingar. WhatsApp er með yfir 430 milljónir virkra notenda í mánuði hverjum og var í haust selt Facebook á 19 milljarða dollara, eða sem svarar 2,3 milljörðum króna.

## STAÐLAÐAR LAUSNIR Í STAÐ SÉRSNIÐINNA



HREINN JAKOBSSON

Stærsta verkefni Reiknistofu bankanna á næstu árum er útskipting grunnkerfa í bankaþjónustu að mati Hreins Jakobssonar, stjórnarformanns RB. „Jafnframt er ljóst að staðlaðar lausnir munu taka við af sérsniðnum kerfum sem við búum við í dag." Þetta kom fram í máli Hreins við opnun ráðstefnu RB, Framtíðin í upplýsingatækni fjármálafyrirtækja 2.0, síðastliðinn föstudag.

Hluta ráðstefnunnar var varið í að fjalla um staðlaðar lausnir og úrlausnarefni sem taka þyrfti á þegar þær koma í stað sérsniðinna. Inn á þetta kom meðal annars, Jean Yves Bruna, framkvæmdastjóri stefnumála og þróunar hjá Soipra Banking Software, í erindi sínu á ráðstefnunni.

Eins fjölluðu Friðrik Þór Snorrason, forstjóri RB, og Þorsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaþróunar og ráðgjafar RB, um stöðu mála og hvernig gengi í nýju tækniumhverfi. Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, kynnti framtíðarsýn Íslandsbanka og áherslur í upplýsingatæknimálum og Theódór Gíslason, sérfræðingur í tölvuöryggismálum hjá Syndis, fjallaði um upplýsingaöryggi fjármálafyrirtækja. Þá flutti Ragnheiður Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Hugsmiðjunnar, erindi um skort á konum í upplýsingatækni og velti upp leiðum til úrbóta, að ógleymdu erindi Davids Rowan sem fjallað er um hér að ofan.

Uppselt var á ráðstefnu RB og húsfyllir þar sem um 400 manns mættu.




## Brennsla - Mýkt - Styrkur

Jumpsport trampólínin fara mun betur með líkama og liðamót heldur en hefðbundin gorma trampólín



| Jumpsport 220 | Jumpsport 250 | Jumpsport 350 Pro | Jumpsport 370 Pro | Jumpsport 570 Pro |
|---|---|---|---|---|
| 44.995 kr. | 49.995 kr. | 69.995 kr. | 79.995 kr. | 89.995 kr. |

*Í fyrsta sinn á Íslandi*

# *kennaranámskeið*

*verður haldið þann **8. nóvember næstkomandi kl. 9.00 - 16.00** í World Class í Laugum. Jumpsport fitness er ein heitasta nýjungin í líkamsræktarheiminum í dag. Jumpsport fitness er skemmtilegt æfingaform sem veitir mikla brennslu og eykur styrk og þol þátttakenda, auk þess sem kjarnavöðvar líkamans styrkjast til muna. Lítið álag myndast á hné og bak við æfingarnar og hentar Jumpsport fitness bæði í námskeiða- og hóptímakennslu auk þess sem þær eru tilvalin viðbót í stöðva- og einkaþjálfun.*

*Kennari námskeiðisins er Krista Popowych frá Vancouver Canada.*
*Krista hlaut nýverið þann eftirsóknarverða titil „IDEA instructor of the year 2014“.*

*Þetta er námskeið sem sannir líkamsræktarunnendur ættu ekki að láta fram hjá sér fara!*
*Þátttakendur námskeiðsins hljóta að auki Level 1 réttindi til þjálfunar á Jumpsport Trampolin.*



***Verð: kr. 29.900.-*** *Skráning á námskeiðið er hafið og eru takmörkuð pláss í boði*
*Nánari upplýsingar eru veittar hjá iris@hreysti.is og thor@hreysti.is*



**Komdu og fáðu ráðleggingar hjá fagfólki**

allt fyrir kroppinn
**HREYSTI**
Skeifunni 19 - S. 568 1717
NETVERSLUN: WWW.HREYSTI.IS
OPIÐ MÁN - FÖST.10:00 - 18:00 - LAUGARD. 11:00 - 16:00
Sendum um land allt.

Mikil mótmæli þrátt fyrir gerbreyttar aðstæður.

# Samtal við þjóðina

Mótmælin á Austurvelli í fyrradag voru fjölmennari heldur en mig hafði grunað að þau gætu orðið. Samkvæmt fréttum taldi lögreglan að 4.500 manns hefðu lagt leið sína þangað. Mótmælin voru friðsamleg og það er ekki annað hægt en að fagna því að fólk beiti þessum lýðræðislega rétti sínum til þess að koma skoðunum á framfæri.

Hugurinn reikar til loka ársins 2008 og byrjunar ársins 2009 þegar gríðarleg reiði skók samfélagið eftir bankahrunið og búsáhaldabyltingin svokallaða stóð sem hæst. Þá var reiðin skiljanleg. Stjórnvöld höfðu beinlínis tilkynnt fólkinu í landinu að hagkerfið hefði hrunið. Fólk mátti búast við verulegri kjararýrnun. Sumir stóðu frammi fyrir beinni launaskerðingu, verðbólgan fór hátt í tuttugu prósent, margir misstu vinnuna og sumir misstu húsnæðið sitt.



**Markaðshornið**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is

**Þess vegna er svo áhugavert að velta því fyrir sér hvers vegna 4.500 manns eru reiðubúnir til þess að koma saman og mótmæla þegar aðstæður í efnahagslífinu virðast vera svo miklu betri.**

Aðstæður virðast vera allt aðrar núna, eins og lýst er í nýlegri hagspá hagdeildar Alþýðusambands Íslands. „Horfur í íslensku efnahagslífi eru þannig bjartari en um langt árabil en fjárhagsleg staða heimilanna hefur batnað og lagt grunn að umtalsverðum vexti einkaneyslu á þessu ári. Skuldir heimilanna fara lækkandi, kaupmáttur launa vaxandi, væntingar hafa aukist og dregið hefur úr efnahagslegri óvissu. Þetta, samhliða skuldalækkunaraðgerðum stjórnvalda og skattkerfisbreytingum, mun ýta undir töluverðan vöxt einkaneyslunnar á tímabilinu,“ segir beinlínis í hagspá ASÍ.

Þess vegna er svo áhugavert að velta því fyrir sér hvers vegna 4.500 manns eru reiðubúnir til þess að koma saman og mótmæla þegar aðstæður í efnahagslífinu virðast vera svo miklu betri og hagur fólks almennt að vænka. Þegar rætt er við mótmælendur um ástæður þess að það tók þátt voru fjölmargar ástæður nefndar. Samfélagið logar vegna kjaradeilna, fólk hefur áhyggjur af heilbrigðiskerfinu, fólki finnst vanta réttlæti í skattkerfið og fólki finnst stjórnmálamenn ekki bera ábyrgð á gjörðum sínum.

Allir stjórnmálaflokkarnir á Íslandi eiga í grunninn sameiginleg markmið. Stefnt skal að bættum kjörum almennings, góðri menntun og öflugu heilbrigðis- og velferðarkerfi. Forystumenn Sjálfstæðisflokksins og Framsóknarflokksins hafa lagt upp með ákveðna stefnu til að ná þessum markmiðum. Þá stefnu má meðal annars finna í stjórnmálaályktunum flokkanna, stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og þingræðum ráðherra. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði í útvarpsviðtali í gær að hann hefði hlustað eftir því sem fólk væri að segja í mótmælunum. Það er mikilvægt að hann og forsætisráðherra bæði hlusti og skýri betur hvert þeir ætla að stefna það sem eftir er af kjörtímabilinu. Annars er hætt við því að mótmælafundum á Austurvelli fjölgi.

# Það sem við höfum lært



**Skoðun**
**Yngvi Örn Kristinsson,**
hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja.

Í Markaðshorni síðustu viku mátti lesa þá fullyrðingu Þorbjörns Þórðarsonar fréttamanns að engin raunveruleg verðmætasköpun eigi sér stað í bönkum. Fullyrðingin var sett fram til að skjóta fótum undir umræðu um launamál í bönkum og hagnað þeirra. Hugsunin var sú að þar sem fjármálafyrirtæki skapa ekki raunveruleg verðmæti en væru bakhjarlar raunverulegrar verðmætasköpunar ættu laun og hagnaður í geiranum að vera lág.

Hér er ekki ætlunin að draga úr gildi þess að hagkvæmni sé gætt í allri efnahagsstarfsemi. Hagfræðin kennir og reynslan sýnir að það er líklegast til að gerast þegar saman fer frelsi á markaði og lýðræðislegt skipulag í stjórnmálum.

Sú hugsun sem Þorbjörn styðst við er býsna gamaldags. Hún tilheyrir þeim kenningum sem skildar voru eftir í vegkantinum við framgang hagfræðinnar, þó hún fyrirfinnist enn í marxískri hugmyndafræði. Uppruni þessara hugmynda um að skipta megi efnahagsstarfseminni í framleiðslu raunverulegra verðmæta og aðra starfsemi, með áherslu á gildi þeirrar fyrri, má rekja til frönsku búauðgistefnunnar frá miðri átjándu öld. Búauðgistefnan taldi að landbúnaður væri uppspretta allra raunverulegra verðmæta, en seinni tíma fylgjendur stefnunnar útvíkkuðu hana þannig að áherslan er á vöruframleiðsluna sem hina raunverulega uppsprettu verðmæta í hagkerfinu. Áhrif marxisma á þróun þessarar hugmyndar er því greinileg.

Nútímahagfræði byggir að meginstofni á tveimur kenningum. Annars vegar kenningum Adams Smith frá seinni hluta átjándu aldar sem í riti sínu Auðlegð þjóðanna lagði áherslu á að efnahagsstarfsemi væri samfelld keðja þar sem hlekkir keðjunnar mótuðust af verkaskiptingu í efnahagsstarfseminni. Enginn hlekkur væri í raun mikilvægari en annar. Hins vegar á kenningum Alfreds Marshall (og reyndar fleiri) frá seinustu árum nítjándu aldar um verðmyndun vöru og þjónustu, þar sem framboð og eftirspurn eftir vöru og þjónustu á jaðrinum ákvarðar viðskiptaverð. Þessar kenningar gera engan greinarmun á efnahagsstarfsemi hvort sem hún er framleiðsla á vörum eða veiting þjónustu: hvort tveggja er nauðsynlegur hlekkur í efnahagsstarfseminni og verð beggja ákvarðast með sama hætti. Sömu efnahagslögmál gilda um rekstur, laun og arðsemi fyrirtækja óháð því hvort um er að ræða framleiðslu á vörum eða þjónustu.

Engin hlutlæg rök liggja því til grundvallar fullyrðinga um að ein tiltekin efnahagsstarfsemi skapi raunveruleg verðmæti en aðrar ekki. Þannig er verslun sem selur aðföng til vöruframleiðslu, þjónustufyrirtækja eða neytenda mikilvægur hlekkur í efnahagsstarfseminni og veitir raunverulega þjónustu. Eins er um lánastofnun sem veitir lán til fjárfestingar eða rekstrar. Sama gildir um tryggingafélag sem tryggir rekstur og eignir fyrirtækja og heimila. Sama gildir um aðra fjármálaþjónustu og þjónustu á sviði rannsókna, mennta, heilbrigðismála og löggæslu svo fleiri dæmi séu tekin.

Fjármálafyrirtæki veita fyrirtækjum og heimilum margvíslega þjónustu. Grunnþættir í starfsemi þeirra eru þrír: greiðslumiðlun, miðlun á sparnaði og dreifing áhættu. Hagræði af greiðslumiðlun bæði innanlands og milli landa er oft vanmetið. Eilítil umhugsun ætti þó að leiða í ljós hvílíkur tímasparnaður nútíma greiðslumiðlun er fyrir fyrirtæki og heimili. Aðilar sem ætla að skiptast á greiðslum þurfa ekki að hittast á sama stað og sama tíma til að inna af hendi greiðslu og ekki að burðast með reiðufé. Gildi hinna ýmsu tegunda fjármálafyrirtækja við söfnun sparnaðar og miðlun fjármagns heimila og fyrirtækja og dreifingu áhættu er hins vegar augljósara og þekktara.

# Svo margir efnilegir en…

**Hin hliðin**
**Martha Árnadóttir,**
framkvæmdastjóri
Dokkunnar

Tilhugsunin um að ná snilldartökum á einhverju, sem skiptir okkur miklu máli, er hrikalega góð – ekki satt?

Daniel Pink segir, að rótina að snilldartökum megi finna í fyrirbæri sem hann kallar „flæði“ en flæði verður til í kjöraðstæðum þar sem áskoranir koma heim og saman við hæfileika okkar. Í flæðinu verða markmiðin kristaltær og skilin milli viðfangsefnis og okkar sjálfra verða óskýr – við rennum saman við það sem við erum að gera. Pink segir jafnframt að þótt snilldartökum verði ekki náð án flæðis, tryggi flæði á engan hátt að snilldartökum verði náð. Flæði getur orðið til í augnablikinu eða deginum en það tekur mánuði eða ár, jafnvel áratugi, að ná snilldartökum á einhverju.



### Kynda undir ástríðunni

Mikilvægast er að geta séð hæfni sína í því ljósi að hana megi endalaust þroska og efla. Í þessu samhengi verða framfarir umfram allt eftirsóknarverðar. Markmiðin eru lærdómstengd, mistök ekki alvarlegt mál og fyrirhöfnin sjálfsögð.

Að vera tilbúin til að leggja það á sig sem þarf, þrautseigja og úthugsuð framkvæmd. Að þola mótsagnir, óvissu og sveiflur, sem til skiptis valda gremju eða kynda undir ástríðunni. Að skilja að þetta hvort tveggja er tímabundið og að sveiflan er viðvarandi er mikilvægt. Ef allt gengur á afturfótunum þá vitum við að það gengur yfir og það sama gildir um velgengnina, hún gengur líka yfir.

### Fáir útvaldir

Ég held það séu engar ýkjur þegar sagt er að það taki allt að tíu ár að ná snilldartökum á einhverju og þrautseigja sé sá eiginleiki sem ráði úrslitum – en skilgreina má þrautseigju sem ástríðu og úthald til að ná langtímamarkmiðum. Í ljósi þess er það engin tilviljun að margt bendir til að við ráðningar hafi þrautseigja náð forystusætinu af greindarvísitölu (IQ), sem besta forspárgildi um frammistöðu í starfi.

Þetta bendir líka til að meðfæddir eiginleikar séu lítils virði ef ástríðu og úthald skortir til að ná þeim snilldartökum sem við sækjumst eftir – útskýrir líka af hverju svo margir eru efnilegir en fáir útvaldir.

SHARP SJÓÐVÉLAR
40 ÁR Á ÍSLANDI

ÖRUGGAR OG ENDINGARGÓÐAR



XE-A147B

8 Vöruflokkar · 200 PLU númer · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · Rafrænn innri strimill · Mjög auðveld í notkun
**Verð kr. 49.900**



XE-A207B

99 vöruflokkar · Allt að 2000 PLU númer · Rafrænn innri strimill 9000 línur · Stór LCD skjár · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · íslenskur strimill· Mjög auðveld í notkun
**Verð kr. 74.900**



XE-A307

99 vöruflokkar · Allt að 10,000 PLU númer · SD kortarauf – hægt að flytja gögn yfir á PC · Sjálfvirk dagsetning og tími · Hitaprentun · íslenskur strimill · Mjög auðveld í forritun
**Verð kr. 89.900**

ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800 · ORMSSON.IS

# MARKHÓPADREIFÐUR FJÖLPÓSTUR
## HVAÐ ER ÞAÐ?

*Fyrir jólin!*

**Brúar bilið á milli fjölpósts og markpósts og sameinar því kosti beggja leiða sem ódýr og markviss leið til að ná í rétta hópinn.**

- Nýtir dreifingargrunn Póstdreifingar til að flokka hverfi niður eftir hinum ýmsu breytum.
- Gefur möguleika á að ná til rétta hópsins samkvæmt staðfestri tölfræði varðandi búsetuform og mögulegri kaupgetu.

– Til dæmis er Ingimundur forstjóri líklegri til þess að kaupa demantsskreytta velúrinniskó en Jobbi á verkstæðinu... ekki satt?

22%
Versla auglýsta vöru úr fjölpósti *



* Samkvæmt könnun Gallup lesa 61% fjölpóst, af þeim kaupa 22% auglýstan hlut/þjónustu.

Í fyrsta sinn er í boði þjónusta sem sameinar kosti bæði fjölpósts og markpósts þar sem hnitmiðuð skilaboð og hagkvæmt verð er lykillinn að árangri! :)




61%
Skoða fjölpóst

29%
Skoða sjaldan fjölpóst

10%
Skoða aldrei fjölpóst

Pantið tímanlega dreifingu fyrir jólin ♡

**Póst dreifing**

Póstdreifing ehf | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | S. 585 8300
**www.postdreifing.is | sala@postdreifing.is**

MARKAÐURINN
Netfang **ritstjorn@markadurinn.is** Sími **512 5000** Fax 512 5301
Netfang auglýsingadeildar **auglysingar@markadurinn.is** Veffang **visir.is**

**Gengi gjaldmiðla**

| | | | |
|---|---|---|---|
| USD 122,48 | DKK 20,607 | NOK 17,99 | CHF 127,26 |
| GBP 195,99 | EUR 153,4 | SEK 16,57 | JPY 1,08 |

**FTSE**
6.453,97 +34,00 (0,52%)

**Viðskiptavefur Vísis**
**@VisirVidskipti**

## 8 MILLJÓNA GRÓÐI

**Uppgjör ALDA sjóða**

Hagnaður rekstrarfélags ALDA sjóða hf. nam 8,4 milljónum króna á síðasta ári samkvæmt ársreikningi. Eigið fé félagsins í árslok nam 143 milljónum króna og eiginfjárhlutfall var 46,4 prósent. Lágmarkshlutfallið er átta prósent. Félagið rekur tvo verðbréfasjóði, tvo fagfjárfestasjóði og einn fjárfestingasjóð. Hrein eign þeirra nam 1.227 milljónum króna í lok síðasta árs. Stærsti eigandi ALDA sjóða er Alecia ehf., sem er í eigu Þórarins Sveinssonar.

**1.11.14**

„Ég vil reyna að komast upp úr þeirri umræðu sem hefur einkennst af neikvæðni. Við viljum draga að greininni ungt fólk og nýta endalausa möguleika sem felast í íslenskum sjávarútvegi.“

*Jens Garðar Helgason,*
*formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.*



## 1.711 MILLJÓNA FRAMLEGÐ

**Vodafone birtir uppgjör þriðja fjórðungs**

Vodafone á Íslandi birtir uppgjör sitt í dag og mun halda kynningarfund í fyrramálið. Í afkomuspá gerir IFS ráð fyrir að framlegð af rekstri félagsins verði 1.711 milljónir króna sem er vöxtur um 4,8 prósent.
Þá er gert ráð fyrir að EBITDA-hlutfall fyrir ársfjórðunginn verði 27 prósent samanborið við 28,9 prósent á þriðja ársfjórðungi 2014.

## STJÓRNARMAÐURINN

### Trúnaður og gagnsæi

Þær fréttir bárust nú fyrir helgi að Qlik hefði keypt Datamarket fyrir ríflega 1,4 milljarða króna. Það er gaman að sjá hversu mikil verðmæti hugmyndaríkt og drífandi fólk getur skapað. Datamarket var stofnað í lítilli skrifstofu í Skipholtinu árið 2008 og gerir það árangurinn sérstaklega eftirtektarverðan.

**Í KJÖLFARIÐ** þakkaði Hjálmar Gíslason, forstjóri Datamarket, ráðgjöfum og samstarfsaðilum sérstaklega fyrir þagmælskuna. Hátt í 100 manns vissu af þessum yfirvofandi viðskiptum svo mánuðum skipti, en héldu upplýsingunum fyrir sig þangað til samningar voru undirritaðir á föstudaginn.

**EKKI ER ÓALGENGT** að viðskipti sem þessi eigi sér langan aðdraganda. Trúnaður innherja meðan á ferlinu stendur er gríðarlega mikilvægur, enda getur orðrómur um viðskiptin skapað óvissu hjá starfsfólki og viðskiptavinum. Auk þess er Qlik skráð félag á NASDAQ. Á skilvirkum markaði sitja allir við sama borð og hafa jafnan aðgang að upplýsingum. Óraunhæft er að gera markaðnum grein fyrir svo stórum og flóknum viðskiptum í rauntíma og því mikilvægt að um þau gildi fullkominn trúnaður þangað til þau ganga í gegn. Þannig var komið í veg fyrir óeðlilega verðmyndun á bréfum Qlik.

**ALMENNT SÉÐ** ættu stjórnendur skráðra félaga þó að temja sér gagnsæi við markaðinn, eftir því sem frekast er kostur. Það hefðu stjórnendur Marels mátt hafa í huga er þeir birtu ársfjórðungsuppgjör sitt á dögunum. Bréf í Marel hækkuðu um rúmlega 14% þann daginn í viðskiptum sem námu meira en fjórföldum dagsviðskiptum. Tveimur dögum síðar var hækkunin orðin tæp 20%. Enda uppgjörið óvenju gott.

Stjórnarmanninum þykir óeðlilegt að upplýsingaflæði frá einu stærsta fyrirtæki markaðarins sé svo ábótavant að verðmæti bréfa í fyrirtækinu geti sveiflast jafnákaflega og raun ber vitni. Marel hafði ekki sent út tilkynningu til fjárfesta síðan 23. júlí, en þá birti félagið einmitt afkomutölur fyrir annan ársfjórðung.

**STARFSHÆTTIR** á mörkuðum ytra eru með öðru móti. Stjórnendur skráðra fyrirtækja halda símafundi með sérfræðingum greiningardeilda og öðrum sem áhuga hafa, þar sem farið er yfir það helsta sem snýr að tekju- og afkomuhlið fyrirtækjanna. Slík upplýsingagjöf dregur úr óvæntum verðsveiflum sem geta rýrt traust, fækkað þátttakendum og dregið úr viðskiptum.

Við megum ekki við því að umgjörð íslensks hlutabréfamarkaðar sé ófullnægjandi. Nú þegar greiningardeildir eru skugginn af sjálfum sér myndi aukin upplýsingagjöf fyrirtækja vera stórt skref í átt að skilvirkari markaði.

@stjornarmadur





BÍLL DAGSINS

Bíll dagsins kr. 2.550.000

PEUGEOT 208 NAVI

Nýskráður 11/2014, reynsluakstursbíll frá umboði, bensín, 5 gírar. Með íslensku leiðsögukerfi.



HONDA

TRX 400 FA Fourtrax

Nýskráður 9/2006, ekinn 8 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 550.000



HONDA

Jazz 1,4 LS

Nýskráður 5/2008, ekinn 103 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.540.000



TOYOTA

RAV4 GX

Nýskráður 9/2006, ekinn 163 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.590.000



PEUGEOT

5008 Premium

Nýskráður 2/2012, ekinn 143 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.790.000



PEUGEOT

1007

Nýskráður 8/2006, ekinn 129 þús.km., bensín, 5 gírar.

Verð kr. 670.000



HONDA

CR-V Executive

Nýskráður 1/2012, ekinn 18 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 4.990.000



HYUNDAI

Santa Fe dísil

Nýskráður 4/2006, ekinn 142 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.790.000



PEUGEOT

807 - 7 manna

Nýskráður 7/2004, ekinn 144 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 1.050.000

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga milli kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD

NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


STÓRA BÍLASALAN



Subaru Outback Lux Dísel Árgerð 2014. Ekinn 26þ.km. Sjálfskiptur. Leður, o.m.fl.. Glæsilegt eintak sem er á staðnum. Verð 6.090.000kr. Raðnr 156741. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

ÍSBAND.IS BÍLAINNFLUTNINGUR



**NÝ A-LINER SOFA BED**

ÚTSALA, A-liner Classic Sofa Bed, Ísskápur, Truma, álfelgur, hár og flottur vagn, ATH aðeins 2 stk í boði, Verð 2.690.000kr , Er á staðnum hjá okkur,

**Íslensk-Bandaríska ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbæ**
**Sími: 534 4433**
**Opið virka daga 10-18.00 og lau 11-15**
**http://www.isband.is**

HEKLA REYKJANESBÆ



SKODA Octavia combi ambition 1.6 tdi 4x4. Árgerð 2014, ekinn 24 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 4.350.000. Rnr.101048.

**Hekla Söluumboð**
**Njarðarbraut 13, 260 Reykjanesbæ**
**Sími: 420 3040**
**www.heklarnb.is**

100bílar.is bílasala



TOYOTA Land Cruiser 100VX 38". Árg 1/2002, ek 195 Þ.KM, dísel, sjálfsk, Leður, Lúga, 38" breyttur, Topp eintak, vel búinn og lítur mjög vel út, Ásett verð 4.490.000. Rnr.118932. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00, Lau 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



WV póló árg 05 ek 104 þús beinsk vetrardekk topp bíll gsm 8927852



Póló árg 02 ek 151 þús beinsk 3 dyra sk 15 heilsársdekk toppbíll verð aðeins 395 þúsund gsm 8688565



**SPARIBAUKUR!**

Daihatsu Cuore árg 2009, ek. 50 þús, 5 gíra beinsk.gott eintak, sumar og vetrardekk. TILBOÐ 990.000,- Uppl. í s. 843 4384.



Til sölu, Gullmoli BMW X5, 3D árg. ,06, ekinn 88 þús. km. Verð 3.900, þús. Sími 898 9081.

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST**
**Á 25–250 ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Vörubílar

**VÖRUBÍLASTÖÐ HAFNARFJARÐAR**
Getum útvegað sand og önnur fyllingarefni og fjarlægt efni úr lóðum. Höfum trailera, kranabíla og vörubíla. Getum útvegað gröfur.
**Upplýsingar veittar í síma 555 0055**

## Fjórhjól



Kymco 700 700EXI hjólin fást hjá VDO. Öflug götuskráð fjórhjól hlaðin aukabúnaði. Frábær í leik eða starf. VDO. Borgartún 36. S: 588 9747 www.vdo.is

## Bílaþjónusta




## Varahlutir

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra og nýja varahluta í margar gerðir bíla. Tökum einnig að okkur viðgerðir. Upplýsingar á Smápartar.is eða í síma 5675040-7785040

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Par á meðal pústviðgerðir, bremsur og allar viðgerðir. Uppl. s. 555 6020.

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, mmc carisma, kangoo. Renni diska og skálar. Sérgrein bremsuviðgerðir. S. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**VY-ÞRIF EHF.**

Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 866 9767

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

**SENDIBILL.IS**

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðaflutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

# TÖLVULISTINN tl.is AFMÆLISHÁTÍÐ

## 100 ÓTRÚLEG AFMÆLISTILBOÐ • AÐEINS NOKKRIR DAGAR !




-15.000

## 17,3" INTEL FARTÖLVA

ASU-F751MATY042H

Sérstaklega gott afmælisverð fyrir þá sem vilja fartölvur með stærri skjá til að njóta myndefnisins betur. Intel örgjörvi og Intel HD Graphics skjákort.

**74.990**

FULLT VERÐ 89.990




-245.000

EPS-EB1410WI

EPSON

## GAGVIRKUR SKJÁVARPI !

245.000 króna afmælisafsláttur af skjávarpa sem getur birt allt að 100" mynd úr aðeins 60cm fjarlægð. Gagnvirkir pennar fylgja til að skrifa á flötinn eins og tússtöflu.

**329.990**

FULLT VERÐ 574.990

### 480GB SSD PRO




-10.000

Sandisk Extreme Pro SSD. Vandaðri og hraðvirkari SSD diskur frá einum virtasta minnisframleiðanda heims.
10 ára ábyrgð.

SanDisk

SDI-SDSSDXPS480G

**49.990**

FULLT VERÐ 59.990

### GALIN VERÐLÆKKUN !



-25.000

Shuttle XPC ITX vél með socket 1150 og stuðning við Intel Haswell örgjörva með 38% afmælisafslætti.

Shuttle

SHU-SH87R6

**39.990**

FULLT VERÐ 64.990

### AFMÆLISPAKKI !




-7.000

Uppfærslupakki fyrir þá sem vilja hressa upp á gamlar turntölvur. Vandað Asus móðurborð, AMD A6 örgjörvi og 4GB Corsair minni.

ASUS COOLER MASTER

CM AFM UPP1

**34.990**

FULLT VERÐ 41.990

### 3TB USB FLAKKARI




3TB

-3.000

Traustur og stilhreinn 3TB USB 3.0 flakkari frá Intenso. Nett hýsing og mikið gagnamagn fyrir lágt verð.

(Intenso)®

INT-MEMORYBOX3TB

**15.990**

FULLT VERÐ 19.990

### BLUETOOTH LYKLABORÐ



-25%

Örþunnt og stílhreint Bluetooth lyklaborð með stálramma. Þarfnast ekki sérstaks móttakara heldur tengist beint við önnur Bluetooth tæki, eins og síma og spjaldtölvur.

rapoo

RAP-E6100

**5.990**

FULLT VERÐ 7.990

### ÞRÁÐLAUS AÐGANGSPUNKTUR

Sérstaklega öflugur þráðlaus aðgangspunktur til þess að styrkja netsambandið. Tveir sendar og tveir mótttakarar. RADIUS og VLAN stuðningur.



-10.000

ZyXEL

ZYX-NWA1100N

**29.990**

FULLT VERÐ 19.990

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 | Sími 414 1750 |



![2] | KL. 20:05
**Heimsókn**
Sindri Sindrason heimsækir hönnuðinn Gretu Engilberts sem hefur tekið húsið sitt í gegn frá A til Ö.

# Frábært miðvikudagskvöld

![2] | KL. 20:30
**A To Z**
Rómantískir gamanþættir þar sem við fylgjumst með Andrew og Zeldu og þeirra undarlega og skemmtilega ástarsambandi.




![2] | KL. 22:30
**Bones**
Níunda þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum þar sem fylgst er með störfum Dr. Brennan réttarmeinafræðings.




![2] | KL. 23:15
**Getting On**
Stórskemmtilegir nýir gamanþættir sem gerast á gömlu sjúkrahúsi og þar getur nú allt gerst.




| KL. 22:00
**Cloud Atlas**
Mögnuð mynd með einvalaliði leikara á borð við Tom Hanks, Halle Berry og Hugh Grant.



3 | KL. 21:20
**Arrow**
Ungur milljónamæringur og glaumgosi snýr aftur eftir að hafa verið strandaglópur á eyðieyju í fimm ár og talinn af.



Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | | | 8 | | | | 5 |
| | 6 | 8 | 3 | | | | | |
| 1 | 4 | | 6 | | | | | |
| | | 1 | | | 3 | 5 | 6 | 2 |
| 5 | 9 | | | | 1 | 7 | | |
| | | | 4 | 2 | | | 1 | 8 |
| 7 | | 6 | | | | | 5 | |
| | | | 9 | | 7 | 2 | 4 | |
| | 2 | | | | | 1 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | | | 1 | | 8 | 2 |
| | 7 | 9 | | | | 3 | 1 | 6 |
| 8 | | 2 | 9 | | | 7 | | |
| 7 | | 5 | | 4 | | | 3 | |
| | | | 3 | | | | | |
| | 9 | 6 | | | 7 | | | 4 |
| 6 | 2 | | | 8 | | 1 | | |
| | | | | 6 | | | | |
| | | 4 | | | | 5 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | | 3 | 1 | | | | 9 | |
| 9 | 1 | | | | 5 | | | |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | 1 |
| | 6 | | | 5 | 7 | | | |
| | | | | 1 | 4 | | | |
| | | | | 6 | | | 8 | 3 |
| | | | 4 | | 8 | | 7 | |
| | | | | | | 6 | | 9 |
| 1 | | 5 | | | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 4 | 3 | 9 |
| 9 | 2 | 7 | 8 | 3 | 4 | 1 | 5 | 6 |
| 4 | 3 | 6 | 5 | 9 | 1 | 2 | 8 | 7 |
| 5 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 | 1 |
| 2 | 6 | 1 | 3 | 4 | 9 | 5 | 7 | 8 |
| 3 | 7 | 9 | 1 | 5 | 8 | 6 | 2 | 4 |
| 1 | 5 | 4 | 9 | 8 | 3 | 7 | 6 | 2 |
| 6 | 9 | 3 | 2 | 1 | 7 | 8 | 4 | 5 |
| 7 | 8 | 2 | 4 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 |
| 6 | 4 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 | 7 | 9 |
| 7 | 8 | 3 | 9 | 5 | 6 | 4 | 1 | 2 |
| 5 | 9 | 6 | 8 | 2 | 4 | 7 | 3 | 1 |
| 8 | 1 | 4 | 5 | 3 | 7 | 9 | 2 | 6 |
| 2 | 3 | 7 | 1 | 6 | 9 | 8 | 4 | 5 |
| 3 | 2 | 5 | 7 | 9 | 8 | 1 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 8 | 2 | 1 | 5 | 3 | 9 | 7 |
| 1 | 7 | 9 | 6 | 4 | 3 | 2 | 5 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 5 | 9 | 3 | 8 |
| 2 | 3 | 8 | 4 | 7 | 9 | 1 | 5 | 6 |
| 6 | 9 | 5 | 1 | 8 | 3 | 7 | 2 | 4 |
| 3 | 7 | 1 | 5 | 9 | 8 | 6 | 4 | 2 |
| 4 | 8 | 9 | 6 | 1 | 2 | 3 | 7 | 5 |
| 5 | 6 | 2 | 7 | 3 | 4 | 8 | 1 | 9 |
| 7 | 5 | 3 | 8 | 4 | 6 | 2 | 9 | 1 |
| 8 | 1 | 4 | 9 | 2 | 7 | 5 | 6 | 3 |
| 9 | 2 | 6 | 3 | 5 | 1 | 4 | 8 | 7 |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




**SPAKMÆLI DAGSINS**

*„Látið stúlku fá réttu skóna og hún getur sigrað heiminn."*
*Marilyn Monroe.*



**KROSSGÁTA**

**LÁRÉTT**
**2.** hljóðfæri, **6.** klukka, **8.** þvottur, **9.** skyggni, **11.** tveir eins, **12.** óróleg, **14.** rófa, **16.** pot, **17.** af, **18.** óðagot, **20.** persónufornafn, **21.** þjappaði.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt, **3.** stefna, **4.** trjátegund, **5.** eyrir, **7.** starfræksla, **10.** kusk, **13.** skarð, **15.** rótartauga, **16.** tíðum, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** túba, **6.** úr, **8.** tau, **9.** dér, **11.** rr, **12.** ókyrr, **14.** skott, **16.** ot, **17.** frá, **18.** fum, **20.** ég, **21.** tróð.
**LÓÐRÉTT: 1.** júdó, **3.** út, **4.** barrtré, **5.** aur, **7.** rekstur, **10.** ryk, **13.** rof, **15.** tága, **16.** oft, **19.** mó.

**SKÁK**
**Gunnar Björnsson**

**Nökkvi Sverrisson (2.083), Taflfélagi Vestmannaeyja, hafði svart gegn Davíð Kjartanssyni (2.364), Víkingaklúbbnum, á Íslandsmóti skákfélaga.**
**Svartur á leik:**



**24. ... Hxf3! 25. gxf3 Hg5+ 26. Kf1 Bc5 27. Dd2 Dxh2 28. He3 Bxe3?** (missir af hinum baneitraða 28. ... Hg2! sem vinnur strax) **29. Dxe3 Hg1+ 28. Ke2 Hxc1 29. Dxc1 Dc7.** Svartur er með betra en náði ekki að knýja fram vinning.
**www.skak.is** Minningarmót um Petrosjan.

# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP SMÁRALIND
## AFGREITT FRÁ KL. 14-18*

* ALLA DAGA NEMA MÁNUDAGA OG SUNNUDAGA
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

## LOKADAGUR
## FÖSTUDAGINN 7. NÓVEMBER

| | |
|---|---|
| Heilslátur 5 ferskt | 5.199 kr/pk |
| Heilslátur 3 ferskt | 3.399 kr/pk |
| Heilslátur 5 ferskt án blóðs | 4.999 kr/pk |
| Heilslátur 3 án blóðs | 3.199 kr/pk |
| Þindar | 349 kr/kg |
| Eistu | 499 kr/kg |
| Blóð 1 L | 159 kr/pk |
| Mör | 129 kr/kg |
| Próteinkeppir 10 stk | 1.199 kr/pk |
| Sviðahausar hreinsaðir | 599 kr/kg |
| Sláturnælur 10 stk | 379 kr/pk |




FERSK LAMBAHJÖRTU
297 kr/kg
verð áður 369




FERSK LAMBALIFUR
297 kr/kg
verð áður 359




Pottarnir fást aðeins í Smáralind.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla




ICELAND AIRWAVES '14
FOUNDING SPONSOR ICELANDAIR NOV 05-09

Icelandair verður með „off-venue“ á Slippbarnum á Iceland Airwaves. Þar verður hægt að upplifa allt það besta sem Iceland Airwaves hefur að bjóða. Rétt eins og í flugvélum Icelandair flytjum við eingöngu íslenska tónlist. Icelandair er aðalstyrktaraðili Iceland Airwaves frá upphafi.




+ icelandairwaves.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 70229 11/14

## Spjallað um veðrið

BÆKUR ★★★★☆

**Vinur minn vindurinn**
Bergrún Íris Sævarsdóttir
**BÓKABEITAN**




Vinur minn, vindurinn eftir Bergrúnu Írisi Sævarsdóttur kom nýlega út hjá Bókabeitunni. Um er að ræða ríkulega myndskreytta barnabók sem fræðir unga lesendur um veðrið – ja, eða vindinn, nánar tiltekið.

Eins og titillinn bendir til er vindurinn persónugerður í bókinni, og lesandinn fylgir honum í leik á hverri opnu. Hann leikur sér á ólíkan máta, enda er hann ekki alltaf í sama skapi. Höfundur ræðir um ólíkar birtingarmyndir vindsins og mismunandi nöfn sem eiga við hverju sinni. Lesandinn er ávarpaður og tilfinningin er dálítið eins og kennslustund, en blessunarlega laus við allt yfirlæti. Sagan verður nálæg lesandanum þegar hann er ávarpaður, en það er gert á ýmsa vegu. Sums staðar spyr sögumaður spurninga, annars staðar biður hann lesandann um að gera lítil verkefni eins og að blása eins og vindurinn, og á enn öðrum stöðum vísar hann í athafnir barnanna, svo sem baðferðir og pollahopp. Textinn er bæði einfaldur og leikandi; skemmtilegur í upplestri.

Myndirnar eru líka skemmtilegar, en þar fylgjumst við með eldhressum ketti njóta lífsins úti í guðsgrænni náttúrunni og veðráttan hefur vitaskuld áhrif á hvað hann tekur sér fyrir hendur. Þannig eru myndirnar aukalag ofan á söguna, myndasaga um þennan ónefnda kött sem aldrei kemur fyrir í textanum.

Þó að bókin fjalli aðallega um vindinn minnist höfundur einnig á önnur veðurfræðileg fyrirbrigði eins og rigningu og sólskinsveður. Í lok bókarinnar er svo opna þar sem upp eru talin átján orð sem nota má til að lýsa ólíku veðri.

Hvað útlit bókarinnar varðar er það nokkuð vel heppnað. Brotið er fallegt og blaðsíðurnar þykkar og mattar. Leturval á texta dregur heildarmyndina aðeins niður en það stingur örlítið í stúf við annars vel úthugsaða uppsetningu opnanna.

Halla Þórlaug Óskarsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Fjörug og lærdómsrík bók, lifandi og fallegar myndir. Sögumaður fræðir og spjallar við lesendur um veðrið með virðingu.

## Ófeigur og Heiðrún kynna bækur sínar í Gunnarshúsi

Lesið verður úr skáldsögunum Öræfi og Leið.

Fjórða Höfundakvöld Gunnarshúss verður haldið annað kvöld klukkan 20. Þá mæta þau Ófeigur Sigurðsson og Heiðrún Ólafsdóttir, lesa upp úr nýútkomnum skáldsögum sínum, Öræfum og Leið, og svara spurningum Páls Valssonar um þær. Allir velkomnir á meðan stólar leyfa.


**ÖNNUR TVEGGJA** Heiðrún Ólafsdóttir er annar höfundanna sem koma fram í Gunnarshúsi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


**NELSON GOERNER** „Túlkunin var litrík og spennandi, og tæknin var óaðfinnanleg.“
NORDICPHOTOS/GETTY

## Fallegt, en stundum kraftlaust

TÓNLIST ★★★☆☆

**Heimspíanistar í Hörpu**
Nelson Goerner
**TÓNLEIKAR Í HÖRPU SUNNUDAGINN 2. NÓVEMBER.**

Heimspíanistar í Hörpu er tónleikaröð með frábærum píanóleikurum. Oftar en ekki hafa þeir unnið til verðlauna í alþjóðlegri keppni. Urmull er af fínum píanistum; keppni er þar af leiðandi hugsuð til að veita þeim tækifæri til að hasla sér völl í tónlistarheiminum.

Þetta virðist vera á undanhaldi. Hér áður fyrr komust sigurvegararnir á forsíður stórblaðanna. Nú þykir það ekkert merkilegt lengur. Í dag þarf fólk því að beita öðrum ráðum til að vekja á sér athygli. Mestanpartinn er það frumleikinn á YouTube sem ræður. Helst verður það að vera eitthvað fáránlegt. Ef manni tækist að syngja lag eftir Schubert með endaþarminum væri það stórfrétt. Maður yrði frægur á svipstundu og þyrfti enga keppni.

Að þessu sinni var það Nelson Goerner sem lék á flygilinn í Norðurljósum í Hörpu. Hann var sigurvegarinn í Franz Lisztkeppninni á sínum tíma, og líka í píanókeppninni í Genf. Svo er hann auðvitað á YouTube, en þar eru mörg frábær myndskeið með honum. Þó er þar engin viðundrasýning.

Tónleikarnir byrjuðu á sónötu K 282 eftir Mozart. Upphafið var rólegt og Goerner lék af unaðslegri mýkt. Hljómurinn í slaghörpunni var dásamlegur. Hraðari kaflar á eftir komu samt ekki eins vel út, hvernig sem á því stóð. Sum tónahlaupin liðu fyrir ónákvæmni og rytminn hefði mátt vera markvissari.

Betra var næsta verk á efnisskránni, Kreisleriana eftir Schumann. Þar var leikur Goerners andríkur, allar andstæðurnar í tónlistinni voru skemmtilega útfærðar. Það var gott flæði í tónlistinni, en þó vantaði aðeins upp á kraftinn. Hljómurinn í flyglinum hefði mátt vera öflugri. Magnaðir hápunktar eiga að koma fyrir í verkinu, en þeir misstu stundum marks á tónleikunum.

Eftir hlé voru prelúdíur Chopins á dagskrá. Þær eru 24 talsins, yfirleitt mjög stuttar, hálfgerð örverk. Þarna var Goerner í essinu sínu. Túlkunin var litrík og spennandi, og tæknin var óaðfinnanleg. Ef hægt er að gagnrýna eitthvað, þá er það helst pedalnotkunin. Hún var dálítið mikil. Sérstaklega í sextándu prelúdíunni, sem fyrir bragðið var ekki nógu spennandi. Bassinn var of gruggugur. En yfirleitt var leikur Goerners flottur.

Aukalögin voru skemmtileg. Hið fyrra var fjórða prelúdían úr bók I eftir Debussy. Þar voru litbrigðin mögnuð. Seinna aukalagið var hin sjaldheyrða Schulz-Evler-útsetning á Dónárvalsinum eftir Strauss. Píanistinn hristi hana fram úr erminni eins og ekkert væri. Það var svo sannarlega flugeldasýning.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Fagur tónn, margbrotin, innileg túlkun en hefði að ósekju mátt vera snarpari.

LYFJA
– Lífið heil

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



Hugum að húðinni

Þegar veturinn gengur í garð er mikilvægt að sjá til þess að húðin sé vel undir kuldann búin. **DermaSpray** og **Zeoderm** eru nærandi húðvörur sem vinna gegn ýmsum húðkvillum s.s. exemi, psoriasis, kláða, húðbólgu og útbrotum. **Topida** virkar gegn sveppasýkingu í slímhúð og hefur kælandi og kláðastillandi áhrif. **Salcura Antiac** er öflugt í baráttunni við bólurnar – hreinsar og róar húðina.

20% afsláttur

Gildir til 14. nóvember.


**TVÍSTIRNI** Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Gunnlaugur Björnsson gítarleikari koma fram á tónleikum í Háteigskirkju í kvöld.
MYND ÚR EINKASAFNI

## Hafdís og Gunnlaugur saman í fyrsta sinn

Flauta og gítar hljóma á tónleikum í Háteigskirkju í kvöld þar sem tveir ungir tónlistarmenn leika.

Hafdís Vigfúsdóttir flautuleikari og Gunnlaugur Björnsson gítarleikari koma fram á tónleikum í Háteigskirkju í kvöld klukkan 20. Þetta er í fyrsta sinn sem þau koma fram saman en þau eiga ýmislegt sameiginlegt, bæði luku ung framhaldsprófi frá Tónlistarskóla Kópavogs, hlutu viðurkenningu frá Kópavogsbæ sem framúrskarandi listnemar og stunduðu í framhaldinu tónlistarnám erlendis.

Á efnisskránni í kvöld eru meðal annars C-dúr-sónata J.S. Bach, franskar perlur og Saga tangósins eftir Piazzolla. Að ógleymdu tónverki eftir Gunnlaug sjálfan, Temperamental Suite, en þetta er í fyrsta sinn sem verkið er flutt á Íslandi.

- fsb

www.toyotakletthalsi.is

**Notaðir bílar Kletthálsi**

# Þetta eru #1 Hertz bílar

## Komdu á Klettháls og veldu þér einn



**VW Polo Trendline**
6/2013 Ekinn 53 þ.km
1200 Bensín. 5 gíra
Verð 1.930.000 kr. Rn. 240958



**Toyota Auris Live**
5/2013. Ekinn 47 þ.km
1300 Bensín. 6 Gíra
Verð 2.790.000 kr. Rn. 181937



**Toyota Avensis Sedan**
6/2010. Ekinn 93 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 2.790.000 kr. Rn. 240970



**Toyota Avensis Wagon Active**
4/2012. Ekinn 53 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 3.790.000 kr. Rn. 181947



**Toyota Avensis Wagon Active**
5/2013. Ekinn 49 þ.km
1800 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 4.260.000 kr. Rn. 204256



**Toyota AYGO**
5/2013. Ekinn 55 þ.km
1000 Bensín. 5 gíra
Verð 1.590.000 kr. Rn. 204258



**Toyota Auris live Eco**
5/2012. Ekinn 53 þ.km
1400 Dísel. 6 gíra
Verð 2.560.000 kr. Rn. 181950



**Toyota Auris Live**
5/2012. Ekinn 68 þ.km
1330 Bensín. 6 Gíra
Verð 2.270.000 kr. **Tilboð 2.050.000 kr.**
Rn 181954



**Toyota Rav4 VX**
4/2014. Ekinn 38 þ.km
2.200 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 6.590.000 kr. Rn. 142344



**Toyota Auris Wagon Live**
2/2014. Ekinn 29 þ.km
1400 Dísel. 6 Gíra
Verð 3.450.000 kr. Rn. 204249



**Skoda Citigo Active**
5/2013. Ekinn 47 Þ.KM
1000 Bensín. 5 Gíra
Verð 1.520.000 kr. Rn. 240925



**Toyota Landcruiser 150 GX 7 manna**
5/2013. Ekinn 48 þ.km
3000 Dísel. Sjálfskiptur
Verð 8.950.000 kr. Rn. 181938



**Toyota Yaris Active**
2/2014. Ekinn 28 þ.km
1300 Bensín. Sjálfskiptur
Verð 2.690.000 kr. Rn. 181927



**Suzuki Swift**
4/2014. Ekinn 33 þ.km
1200 Bensín. 5 Gíra
Verð 2.690.000 kr. Rn. 204260



**Toyota Yaris Live**
5/2013. Ekinn 46 þ.km
1000 Bensín. 5 Gíra
Verð 2.290.000 kr. Rn. 204248



**Toyota Rav4 X**
6/2012. Ekinn 76 þ.km
2000 Bensín. 6 Gíra
Verð 4.090.000 kr. **Tilboð 3.290.000 kr.**
Rn. 204382

### Hvað er #1 Hertz bíll?

Bílar hjá Hertz bílaleigu hafa hlotið fyrsta flokks þjónustu og farið í gegnum margar smur- og þjónustuskoðanir. Þeir bílar sem eru til sölu hafa verið sérstaklega valdir úr útleiguflota okkar. Þeir eru vandlega yfirfarnir og hafa staðist allar þær kröfur sem við gerum til #1 Hertz bíla.

Akstri Hertz bíla er haldið í lágmarki og meðalakstur þeirra er með því lægsta sem þekkist í okkar atvinnugrein. Flest allir bílar eru ennþá í verksmiðjuábyrgð og eknir á bilinu 15.000 til 65.000. Bestu ár þeirra eru enn eftir.

Hertz leggur metnað í að bjóða uppá vel útbúna bíla sem allir hafa verið keyptir af innlendum bílaumboðum eins og Toyota á Íslandi.

Með kaupum á #1 Hertz bíl geturðu verið sannfærð/ur um að þú hafir keypt réttan notaðan bíl.

**Toyota Kletthálsi**
**Kletthálsi 2**
**Sími: 570 5220**
**Opið mán-fös kl. 09.00-18.00**
**og lau kl. 12.00 - 16.00**
kletthals@toyota.is - www.toyotakletthalsi.is

birt með fyrirvara um innsláttarvillur.

Hertz

**Notaðir bílar Kletthálsi** TOYOTA

LAUGARÁSBÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| JOHN WICK | 8, 10:30(P) | 16 |
| GRAFIR & BEIN | 6, 8 | 16 |
| FURY | 10:10 | 16 |
| BORGRÍKI 2 | 5:50, 10:10 | 16 |
| KASSATRÖLLINN 2D | 5:50 | L |

SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 6:40 - 8 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 |
| JOHN WICK VIP | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 9 |
| KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D: | KL. 5:50 |
| ANNABELLE | KL. 10:20 |
| AFINN | KL. 5:40 - 8 |
| IF I STAY | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 8 |
| JOHN WICK | KL. 5:40 |
| JOHN WICK 4K | KL. 8 - 10:20 |
| THE REWRITE | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 10 |
| ALEXANDER | KL. 6 - 8 |
| DRACULA UNTOLD | KL. 10:20 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | |
|---|---|
| CARMEN ÓPERA ENDURFLUTT | KL. 6 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 |
| THE REWRITE | KL. 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 8 - 10:20 |
| AFINN | KL. 8 |
| THE HUNDRED-FOOT JOURNEY | KL. 5:20 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 8 |
| GRAFIR OG BEIN | KL. 10:20 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:10 |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | |
|---|---|
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 - 8 |
| THE REWRITE | KL. 10:20 |
| THE JUDGE | KL. 10:20 |
| ALEXANDER | KL. 6 |
| AFINN | KL. 8 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAFIR OG BEIN | KL 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN LÚXUS | KL 5.30 - 8 - 10.15 | 16 |
| FURY | KL 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| BORGRÍKI | KL 8 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 8 | 16 |
| THE MAZE RUNNER | KL 5.30 | 12 |
| KASSATRÖLLIN ÍSL TAL 2D | KL 3.30 - 5.45 | L |
| SMÁHEIMAR 2D | KL 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| GRAFIR OG BEIN | KL 8 - 10.15 | 16 |
| FURY | KL 9 | 16 |
| HEMMA | KL 5.45 | L |
| BORGRÍKI | KL 8 - 10.10 | 16 |
| GONE GIRL | KL 5.45 - 9 | 16 |
| BOYHOOD | KL 5.30 | L |
| PARÍS NORÐURSINS | KL 5.45 | 12 |


# Týnd mynd verður útgefin

Kvikmyndafyrirtækið Royal Road Entertainment hefur keypt réttindin að hinni týndu kvikmynd **Orson Welles**, The Other Side of the Wind, sem hefur verið kölluð „frægasta óútgefna mynd allra tíma“. Myndin verður frumsýnd á næsta ári.



Welles lést árið 1985 og náði því ekki að klára myndina sem hann hafði unnið að í langan tíma en það voru aðallega fjárhagsleg vandamál sem komu í veg fyrir það. Royal Road mun klippa myndina úr upprunalegu filmunni.

Svo skemmtilega vill til að myndin fjallar einmitt um leikstjóra sem berst við að klára meistaraverkið sitt á meðan kerfið í Hollywood þrengir að.

- þij

# Miðstéttarplebbi með verðtryggð lán

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Aldrei fór ég niður á Austurvöll og barði í pott eftir hrunið. Kveikti ekki í jólatré og braut enga rúðu. Ég var áhorfandi, fylgdist með búsáhaldabyltingunni úr fjarlægð og geymdi pottana inni í skáp. Ekki það að ég hafi verið svo yfir mig ánægð með stjórnina sem ríkti þá og taumlausa græðgina sem keyrði okkur öll á kaf, alls ekki. Ég fann fyrir skellinum. En ég fann mig ekki í látunum, gat ekki sleppt fram af mér beislinu og öskrað mig hása með hinum. Horfði á fréttirnar af bálköstum og barsmíðum með fiðring í maganum, það var eitthvað merkilegt að gerast, en ég gerði ekkert. Ég er meðaljón, miðstéttarplebbi með verðtryggð lán.

**ÉG** fjasaði þó heil ósköp yfir ástandinu, maður minn hvað ég gat fjasað. Var mikið niðri fyrir, heitt í hamsi og tuðaði upp á hvern dag yfir kaffibollum og í heitum pottum. Þetta náði ekki nokkurri átt, svo ósanngjarnt, hvers átti fólk að gjalda? Sérstaklega meðaljónar eins og ég!

**SVO** dvínaði reiðin, það verður að viðurkennast, enda er reiði óskaplega lýjandi ástand. Hversdagslegt amstur tók yfir og það fennti yfir hasarinn, enda líðu ár. Ég hætti að tuða. Missti móðinn og mallaði þetta áfram í öðrum gír. Lífið komst í ákveðið jafnvægi eða kannski stakk ég bara höfðinu í sandinn.

**SVO** fór að aftur tók að draga til tíðinda, þessir endemis ráðamenn. Ég fann fyrir ólgunni, því verður ekki neitað. Samskiptamiðlarnir hafa logað frá því fyrir kosningar og allt í einu virtist ætla að sjóða upp úr. Ég þreif upp skápana og fálmaði eftir skaftpottinum, stálpotti sem glymur í…

**ÉG** fór ekkert niður á Austurvöll. Barði ekki í pott né öskraði mig hása með hinum. Ekki það að ég sé yfir mig ánægð með ríkjandi stjórn, aldeilis ekki. En ég er meðaljón, finn mig ekki í látunum, miðstéttarplebbinn með verðtryggðu lánin og innsenda umsókn um leiðréttingu.

**HÖFÐINU** stakk ég í sandinn og pottinum inn í skáp.

# Hvað er hægt að sjá frítt á Airwaves?

Heill hellingur af „off-venue“-viðburðum er í boði á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves sem hefst í dag. Samanlagt getur fólk valið úr 675 tónleikum.

Iceland Airwaves-tónleikahátíðin gengur í garð á morgun og verður því mikið um að vera í bænum. Passar á hátíðina seldust upp í byrjun október en tónlistaráhugamenn sem nældu sér ekki í passa í tæka tíð þurfa ekki að örvænta þar sem hægt verður að sjá 675 utandagskrár-tónleika víðs vegar um borgina, þar sem ekkert kostar inn. (Þess skal þó getið að hægt verður að kaupa miða á lokatónleika hátíðarinnar með Flaming Lips og War on Drugs í takmörkuðu upplagi.) Fréttablaðið tók saman nokkra áhugaverða utandagskrár-viðburði fyrir þá sem voru svo óheppnir að missa af miðum.



**BLANDAÐ** Icelandic Airwaves/föstudagur og laugardagur/Arnþór/Sinead O'Connor og fleiri.
AIRWAVES 2011 STEMMINGSMYNDIR

## EKKI MISSA AF



**ÚTVARPSSTÖÐIN** KEXP frá Seattle í Bandaríkjunum verður með beina útsendingu og tónleika á Kexi Hosteli frá miðvikudegi til laugardags. Útvarpsstöðin hefur sýnt hátíðinni mikinn áhuga undanfarin ár. Í dag verður hægt að sjá Kiasmos, Sóleyju, Unu Stefson, Oyama og Mugison troða upp.



**HÓPURINN STELPUR ROKKA!** sem hefur haldið úti rokksumarbúðum fyrir stelpur verður með sérstaka utan dagskrár tónleika á Lofti Hosteli á fimmtudaginn. Þar koma fram Kælan mikla, Rachel Sermanni frá Skotlandi, Adda, Margrét Arnar og Boogie Trouble.



**NORDIC PLAYLIST** er vinsæl síða sem fær fræga norræna tónlistarmenn til að gera lagalista með skandinavískri tónlist. Frá föstudegi til sunnudags verður síðan með sérstakan „pop-up“-bar að Laugavegi 91. Þar verður meðal annars hægt að sjá tónlistarmennina Jakko Eino Kalevi frá Finnlandi, Kasper Björke frá Danmörku og sveitina BYRTA frá Færeyjum.



**SÝNINGIN HORFÐU Í LJÓSIÐ:** Augnablik frá Iceland Airwaves verður opin á Kexi Hosteli yfir hátíðina. Sýningin samanstendur af ljósmyndum af mögnuðum Airwaves-augnablikum eftir helstu tónleikaljósmyndara Reykjavíkur.




Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is | stilling@stilling.is


Velkomin í heiminn
Egils
Egils
MALT
OG
APPELSÍN

## Hafnaði tilboði frá Åtvidaberg



**FÓTBOLTI** Ingvar Jónsson, markvörður Stjörnunnar, hefur hafnað tilboði frá sænska úrvalsdeildarfélaginu Åtvidaberg en hann æfði með liðinu fyrir skömmu. Aðalmarkvörður félagsins, Henrik Gustavsson, er orðinn 38 ára gamall og var vilji hjá forráðamönnum liðsins til að semja við Ingvar.

„Ingvar stóð sig mjög vel á æfingu með liðinu en tilboðið var þess eðlis að við ákváðum að hafna því,“ sagði Hafþór Hafliðason, umboðsmaður hans, við Fréttablaðið. „En við erum enn í sambandi við félagið og gefum þeim vikuna til að koma með nýtt og betra tilboð.“

Ingvar var valinn besti leikmaður Pepsi-deildar karla af leikmönnum deildarinnar í haust og var í lykilhlutverki í Íslandsmeistaraliði Stjörnunnar. Hann er 25 ára Njarðvíkingur en skipti yfir í Stjörnuna árið 2011. **- esá**

## Neyðist til þess að spila áfram með KR

**FÓTBOLTI** Samninganefnd KSÍ hefur úrskurðað í máli Emils Atlasonar og knattspyrnudeildar KR vegna ágreinings um ákvæði í samningi hans við deildina.

Emil skrifaði undir tveggja ára samning við KR í febrúar árið 2012 sem rann út í síðasta mánuði. KR ákvað hins vegar að virkja ákvæði í samningnum um framlengingu til eins árs. Samninganefnd komst að þeirri niðurstöðu að KR hefði verið í fullum rétti og er því samningurinn gildur.

„Það er alveg klárt mál að mínu mati að samningurinn er runninn út. KR-ingarnir vilja meina að þeir hafi átt rétt á að framlengja samninginn án þess að ég hefði neitt um það að segja. Þetta var aldrei útskýrt þannig fyrir mér,“ sagði Emil í samtali við Morgunblaðið þann 23. október og sagðist hann vilja losna frá KR.

„Þetta eru auðvitað ekki ákjósanlegar aðstæður en hann er ungur og óharðnaður leikmaður. Við setjumst nú niður og ákveðum framhaldið,“ segir Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, sem sagði að afstaða KR í málinu hefði verið skýr frá fyrsta degi.

„En nú er búið að úrskurða að þetta hafi allt saman verið rétt, eins og við töldum ávallt.“

Ekki náðist í Emil í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. **- esá**



**EMIL ATLASON.**

# Erum dálítið að sofna á verðinum

**„Ungu strákarnir hafa fengið að spila allt of lítið í þessum stóru og mikilvægu leikjum,“ segir Valdimar Grímsson en hann og Bjarki Sigurðsson hafa báðir áhyggjur af háum meðalaldri íslenska landsliðsins. Bjarki nefnir B-landslið sem mögulega útungunarstöð liðsins.**

**HANDBOLTI** Valdimar Grímsson og Bjarki Sigurðsson upplifðu kynslóðaskiptin í landsliðinu fyrir 24 árum. Þeir hafa báðir áhyggjur af því að meðalaldur íslenska liðsins sé farinn að nálgast 31 ár.

„Við þurfum að girða okkur í brók og hefja undirbúning fyrir þá drengi sem eru efnilegir og góðir. Eftir að liðinu tókst ekki að komast á stórmót núna í janúar hefði þurft að búa eitthvað til fyrir þá til að þeir séu tilbúnir í verkefnið þegar kemur að því,“ segir Bjarki Sigurðsson og nefnir sérstaklega 1990-árganginn sem vann silfur á HM 19 ára árið 2009.

Bjarki vill sjá B-landslið. „Það kemur að því að þessir leikmenn í dag lenda á endastöð og það styttist óðfluga í það. Þá þarf að koma nýjum leikmönnum inn. Það er til fullt af ungum og efnilegum drengjum en það þarf bara að fara að gefa þeim tækifærið,“ segir Bjarki.

„Tímarnir eru breyttir en engu að síður eru þetta mjög alvarlegir hlutir sem eru að gerast. Þegar meðaldur liðsins er farinn að nálgast 31 ár eru hlutir sem við þurfum að huga að og passa upp á. Það er ekkert sjálfgefið að vera þarna sem við erum,“ segir Valdimar Grímsson sem telur að við höfum gleymt okkur í velgengni síðustu ára.

„Samkeppnin er alltaf að verða meiri og meiri og við erum dálítið að sofna á verðinum. Á næsta áratug getur brugðið til beggja vona. Ef að þú dettur út þá er gríðarlega erfitt að komast aftur inn. Við sjáum dæmi um það hjá Svíum. Svíar voru alltaf þjóð sem við litum upp til sem bestu handboltaþjóðar í heimi. Núna er hún bara horfin og ekki einu sinni með. Þeir komast ekki inn. Ef við dettum út þá getum við séð langt skeið þar sem við sjáum ekki íslenska landsliðið á stórmótum,“ segir Valdimar.

Valdimar segir reynslu mikilvæga en hann vill sjá yngri mennina fá að spila þegar allt er undir. „Við erum með gríðarlega skemmtilega unga stráka inn á milli og þeir hafa fengið að spila allt of lítið í þessum stóru og mikilvægu leikjum,“ segir Valdimar og nefnir sem dæmi vinstri hornastöðu liðsins.

### Vill sjá Guðjón Val sitja meira

„Ef við tökum sem dæmi Guðjón Val (Sigurðsson) sem er frábær leikmaður. Við erum með tvo frábæra hornamenn á eftir honum en þeir eru ekki ennþá búnir að fá að spila leik sem skiptir máli þar sem Guðjón er bara á bekknum og kemur bara inn ef þeir eru að klikka. Í staðinn fyrir að fara hina leiðina og leyfa þeim bara að taka konfektið þegar það er búið að klára leikinn. Ég veit að Guðjón Valur er það mikill keppnismaður að hann vill aldrei sitja eins og ég var í gamla daga. Maður vill aldrei sitja en við skiljum þetta alveg samt. Það þarf að rækta upp menn. Ég veit að hann móðgast ekki og þarna erum við með okkar efnilegustu leikmenn í einmitt þessari stöðu í dag,“ sagði Valdimar. **ooj@frettabladid.is**



**ÞURFUM AÐ HORFA FRAM Á VEGINN** Guðjón Valur Sigurðsson og Arnór Atlason. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÍBÚASAMTÖKIN BETRA BREIÐHOLT

**Aðalfundur í Gerðubergi**

**Miðvikudaginn 12. nóvember kl. 20:00**

➔ *Gengið inn að neðanverðu.*

*Dagur B Eggertsson borgarstjóri verður gestur fundarins og fer yfir málefni hverfisins.*

Fundarstjóri verður
*Óskar Dýrmundur Ólafsson hverfisstjóri hverfisins.*

*Stjórn ÍBB*

LYFJA
– Lífið heil

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju



**Now D-vítamín**

Rannsóknir sýna að D-vítamín spilar mikilvægt hlutverk í virkni ónæmiskerfisins og sem vörn gegn flensu. Hágæða D3-vítamín í olíubasa sem tryggir hámarks nýtingu.

**20% afsláttur**

*Gildir til 17. nóvember.*

# Spennandi tímabil

**Dominos-deild kvenna í körfubolta fer vel af stað.**

**KÖRFUBOLTI** Úrslit leikja í kvennakörfunni hafa oft verið fyrirsjáanleg í gegnum tíðina en það er allt annað upp á teningnum í vetur og útlit fyrir æsispennandi baráttu um fjögur efstu sætin sem skila farseðli í úrslitakeppnina í vor.

Nú munar aðeins tveimur stigum á efsta liðinu (Keflavík) og liðinu í fimmta sæti (Valur), öll lið deildarinnar hafa tapað leik og til að ítreka lítinn mun á efstu liðunum vann Keflavík leik liðanna í síðustu umferð eftir framlengingu. Þetta var þriðji sigur Keflavíkurliðsins í röð en á undan unnu Keflavíkurkonur Íslandsmeistara Snæfells sannfærandi á útivelli. Keflavík var spáð yfirburðasigri í spá fyrir mót og þar er allt til alls til að bæta fleiri titlum við myndarlegt titlasafn liðsins.

Spútniklið fyrstu fimm umferðanna eru án vafa Haukakonur, sem misstu marga lykilmenn frá því í fyrra og töpuðu síðan fyrir Íslandsmeisturunum í fyrsta leik. Síðan þá hefur þetta unga lið unnið alla sína leiki og stimplað sig fyrir alvöru inn í toppbaráttuna þar sem fáir bjuggust við að sjá þær í vetur.

Íslandsmeistarar Snæfells mæta með nokkuð breytt lið en hafa samt unnið fjóra af fyrstu fimmleikjum sínum þrátt fyrir að allir nema einn hafi verið á móti efstu fimm liðum deildarinnar. Snæfell fær heimaleik gegn Hamri í kvöld.

Grindavík og Valur hafa bæði tapað tveimur leikjum en á meðan bæði töp Valsliðsins hafa verið naum töp á útivelli á móti liðum í efstu þremur sætunum hafa Grindavíkurkonur tapað tveimur heimaleikjum í röð. Grindavík og Valur eiga bæði eftir að vinna lið í efstu fimm sætunum en fá tækifæri til að breyta því í kvöld þegar Valur tekur á móti Haukum og Grindavík heimsækir Keflavík.

Breiðablik, Hamar og KR hafa ekki fengið stig á móti efstu fimm liðunum í vetur og KR-konur eiga enn eftir að vinna leik. Þessi lið eru ekki líkleg til að berjast um sæti í úrslitakeppninni en keppast öll við að sleppa við fall. KR tekur á móti nýliðum Breiðabliks í kvöld.

Bandarískir leikmenn liðanna eru eins og áður í stórum hlutverkum og skipa sér í sjö efstu sætin á listanum yfir hæsta framlag til síns liðs. Það vekur hins vegar athygli að þær stelpur sem eru með hæsta framlag af íslensku leikmönnunum eru allar að spila inni í eða í kringum teiginn.

Salbjörg Ragna Sævarsdóttir hjá Hamri, Valskonurnar Ragnheiður Benónísdóttir og Ragna Margrét Brynjarsdóttir og María Ben Erlingsdóttir úr Grindavík hafa skilað mestu til sinna liða í upphafi móts af íslenskum leikmönnum deildarinnar. Keflavík, KR og Breiðablik eru líka með íslenska miðherja eða stóra framherja inni á topp tuttugu í framlagi. Stóru stelpurnar okkar eru því að standa sig í spennandi deild. **- óój**



**ÖFLUG** Hin 18 ára gamla Sara Rún Hinriksdóttir fer fyrir liði Keflavíkur í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## ÚRSLITIN Í GÆR

### MEISTARADEILD EVRÓPU

**A-RIÐILL**

**MALMÖ - ATLETICO MADRID 0-2**
0-1 Koke (30.), 0-2 Raul Garcia (78.)

**JUVENTUS - OLYMPIACOS 3-2**
1-0 Andre Pirlo (21.), 1-1 Alberto Botía (24.), 1-2 Delvin Ndinga (60.), Roberto, sjm (65.), 3-2 Paul Pogba (66.)

**Staðan:** Atletico 9 stig, Juventus 6, Olympiakos 6, Malmö 3.

**B-RIÐILL**

**BASEL - LUDOGORETS 4-0**
1-0 Breel Embolo (34.), 2-0 Derlis Gonzalez (41.), 3-0 Shkelzen Gashi (59.), 4-0 Marek Suchy (65.)

**REAL MADRID - LIVERPOOL 1-0**
1-0 Karim Benzema (27.)

**Staðan:** Real 11 stig, Basel 6. Ludogorets 3, Liverpool 3.

**C-RIÐILL**

**ZENIT - BAYER LEVERKUSEN 1-2**
0-1 Son Heung-Min (68.), 0-2 Son Heung-Min (73.), 1-2 Salomon Rondon (89.).

**BENFICA - MONACO 1-0**
1-0 Anderson Talisca (82.).

**Staðan:** Leverkusen 9 stig, Monaco 5, Zenit 4, Benfica 4.

**D-RIÐILL**

**ARSENAL - ANDERLECHT 3-3**
1-0 Mikel Arteta, víti (25.), 2-0 Alexis Sanchez (29.), 3-0 Alex Oxlade-Chamberlain (58.), 3-1 Anthony Vanden Borre (61.), 3-2 Anthonu Vanden Borre, víti (73.), 3-3 Aleksandar Mitrovic (90.).

**DORTMUND - GALATASARAY 4-1**
1-0 Marco Reus (39.), 2-0 Sokratis Papastathopoulos (55.), 2-1 Hakan Balta (70.), 3-1 Ciro Immobile (74.), 4-1 Semih Kaya, sjm (85.).

**Staðan:** Dortmund 12 stig, Arsenal 7, Anderlecht 2, Galatasaray 1.

**visir.is**

Meira um leiki gærkvöldsins



**HRESS** Benzema fagnar marki sínu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY


ALLT ÚRVALIÐ Í 40 ÁR
ALLT ÚRVALIÐ
OG NÚ ENN MEIRA TIL
NIKE OPNAR VERSLUN
MEÐ KVENFATNAÐ Í ÚTILÍFI KRINGLUNNI
FIMMTUDAGINN 6. NÓVEMBER
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is
ÁRNASYNIR

# DAGSKRÁ

## Stöð 2 kl. 20.05
### Heimsókn



Sjónvarpsstjarnan Sindri Sindrason lítur inn hjá íslenskum fagurkerum, bæði hér heima og erlendis, og fær að forvitnast um heimilin sem þeir halda.

## Í KVÖLD



### Meet The Middletons

**STÖÐ 2 KL. 20.55** Heimildarmynd um Kate Middleton og uppruna hennar en Kate varð heimsfræg á svipstundu þegar hún kynntist Vilhjálmi Bretaprins.



### Ajax - Barcelona

**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30** Bein útsending frá leik Ajax og Barcelona í Meistaradeild Evrópu en í fyrri leiknum fór Barcelona með sigur af hólmi, 3-1.



### Kiljan

**RÚV KL. 21.15** Egill Helgason fjallar um allar nýjustu bækurnar og fær í heimsókn til sín góða gesti sem rýna í þær.

## Bylgjan kl. 10.00
### Ívar Guðmunds



Útvarpsmaðurinn knái spilar alla heitustu tónlistina í bland við gamla slagara og fær einnig góða gesti í heimsókn.






## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **Wonder Years** *(9:23)*
**08.30** **I Hate My Teenage Daughter**
**08.55** **Mindy Project** *(1:24)*
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **Doctors** *(76:175)*
**10.15** **Spurningabomban** *(3:6)*
**11.00** **Mad Men** *(1:13)*
**11.50** **Grey's Anatomy** *(14:24)*
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Dallas** *(7:10)*
**13.45** **Gossip Girl** *(7:10)*
**14.35** **Smash** *(16:17)*
**15.25** **Victorious**
**15.50** **Grallararnir**
**16.15** **New Girl** *(12:25)*
**16.40** **Hello Ladies** *(2:8)*
**17.10** **Bold and the Beautiful**
**17.32** **Simpson-fjölskyldan**
**17.58** **Nágrannar**
**18.23** **Veður**
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**18.47** **Íþróttir**
**18.54** **Ísland í dag**
**19.11** **Veður**
**19.20** **Bad Teacher** *(9:13)*
**19.40** **The Middle** *(1:24)* Fjórða þáttaröðin af þessum stórskemmtilegu þáttum um hið sanna líf millistéttarfólksins.
**20.05** **Heimsókn** *(7:28)*
**20.30** **A to Z** *(5:13)*
**20.55** **Meet The Middletons**
**21.45** **Forever** *(6:13)*
**22.30** **Bones** *(1:24)*
**23.15** **Getting on** *(1:6)*
**23.45** **NCIS** *(12:24)*
**00.30** **The Blacklist** *(6:22)*
**01.15** **Person of Interest** *(5:22)*
**02.00** **Rumor Has It**
**03.35** **The Pursuit of Happyness**
**05.30** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Meistarad. - Meistaramörk**
**07.45** **Meistarad. - Meistaramörk**
**08.30** **Meistarad. - Meistaramörk**
**11.05** **Zenit - Bayer Leverkusen**
**12.45** **Malmö - Atletico Madrid**
**14.25** **Arsenal - Anderlecht**
**16.05** **Real Madrid - Liverpool**
**17.45** **Meistarad. - Meistaramörk**
**18.30** **Spænsku mörkin 14/15**
**19.00** **Meistaradeildin - upphitun**
**19.30** **Ajax - Barcelona** BEINT
**21.45** **Meistarad. - Meistaramörk**
**22.30** **Man. City - CSKA Moscow**
**00.20** **Bayern München - Roma**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**12.00** **Aston Villa - Tottenham**
**13.45** **Football League Show**
**14.15** **Norwich - Bolton**
**16.00** **Everton - Swansea**
**17.45** **Messan**
**19.00** **Premier League World**
**19.30** **Man. City - Man. Utd.**
**21.15** **Ensku mörkin - úrvalsdeild**
**22.10** **Stoke - West Ham**
**23.50** **Hull - Southampton**

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

## STÖÐ 3

**18.15** **Last Man Standing** *(13:18)*
**18.40** **Guys With Kids** *(17:17)*
**19.00** **Hart of Dixie** *(14:22)*
**19.45** **Jamie's 30 Minute Meals**
**20.10** **Baby Daddy** *(9:21)*
**20.35** **Flash** *(4:13)* Hörkuspennandi þættir sem byggðir eru á teiknimyndaseríunni Flash Gordon.
**21.20** **Arrow** *(3:23)*
**22.00** **Sleepy Hollow** *(3:18)*
**22.45** **Wilfred** *(5:13)*
**23.10** **Originals** *(12:22)*
**23.55** **Supernatural** *(17:22)*
**00.35** **Hart of Dixie** *(14:22)*
**01.20** **Jamie's 30 Minute Meals**
**01.45** **Baby Daddy** *(9:21)*
**02.05** **Flash** *(4:13)*
**02.50** **Arrow** *(3:23)*
**03.30** **Sleepy Hollow** *(3:18)*
**04.15** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Elías **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Lína Langsokkur **08.43** Ævintýraferðin **08.56** Tommi og Jenni **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Latibær **09.47** Hvellur keppnisbíll **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Elías **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Lína Langsokkur **12.43** Ævintýraferðin **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Latibær **13.47** Hvellur keppnisbíll **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.59** Áfram Diego, áfram! **15.23** Svampur Sveinsson **15.44** Elías **15.54** UKI **15.59** Brunabílarnir **16.21** Lína Langsokkur **16.42** Ævintýraferðin **16.55** Tommi og Jenni **16.59** Ævintýri Tinna **17.24** Latibær **17.46** Hvellur keppnisbíll **17.57** Könnuðurinn Dóra **18.21** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.42** Doddi litli og Eyrnastór **18.52** Rasmus Klumpur og félagar **18.57** Lukku-Láki **20.22** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55** **Strákarnir**
**18.25** **Friends** *(14:24)*
**18.50** **Arrested Development 3** *(4:13)*
**19.15** **Modern Family** *(1:24)*
**19.35** **Two and a Half Men** *(21:22)*
**20:00** **Örlagadagurinn** *(27:30)*
**20.35** **Heimsókn**
**21.00** **The Mentalist** *(11:22)*
**21.40** **Cold Case** *(5:23)*
**22.25** **Chuck** *(19:22)*
**23.10** **E.R.** *(14:22)*
**23.55** **The Untold History of The United States** *(1:10)*
**00.55** **Örlagadagurinn** *(27:30)*
**01.30** **Heimsókn**
**01.50** **The Mentalist** *(11:22)*
**02.35** **Cold Case** *(5:23)*
**03.15** **Chuck** *(19:22)*
**04.00** **Tónlistarmyndbönd frá Bravó**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.45** **Butter**
**13.15** **We Bought a Zoo**
**15.15** **Thunderstruck**
**16.50** **Butter**
**18.25** **We Bought a Zoo**
**20.25** **Thunderstruck**
**22.00** **Cloud Atlas**
**00.50** **Snitch**
**02.40** **Bad Ass**
**04.10** **Cloud Atlas**

## RÚV

**16.25** **Frankie** *(5:6)*
**17.20** **Disneystundin** *(40:52)*
**17.21** **Finnbogi og Felix** *(13:13)*
**17.43** **Sígildar teiknimyndir** *(10:30)*
**17.50** **Nýi skólinn keisarans** *(19:19)*
**18.15** **Táknmálsfréttir** *(66)*
**18.25** **Eldað með Niklas Ekstedt**
**18.54** **Víkingalottó** *(10:52)*
**19.00** **Fréttir**
**19.20** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Kastljós**
**19.55** **Óskalögin 1964 - 1973** *(4:5)*
**20.00** **Neyðarvaktin** *(4:22)*
**20.45** **Hæpið** *(4:8)* #hæpið #gæði #netturþáttur #djammið #vaggogvelta 1337@unistefson og @katrinasmunds. Textað á síðu 888 í Textavarpi.
**21.15** **Kiljan** *(7)*
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Verðlaunahafar Norðurlandaráðs 2014**
**23.20** **Höllin** *(5:10)*
**00.20** **Kastljós**
**00.40** **Fréttir**
**00.55** **Dagskrárlok** *(64:365)*

## SKJÁREINN

**06.00** **Pepsi MAX tónlist**
**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr.Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.40** **Pepsi MAX tónlist**
**15.00** **Parks & Recreation** *(21:22)*
**15.25** **The Royal Family** *(8:10)*
**15.50** **Welcome to Sweden** *(8:10)*
**16.15** **Parenthood** *(7:22)*
**17.00** **Extant** *(9:13)*
**17.45** **Dr.Phil**
**18.30** **The Tonight Show**
**19.10** **The Talk** Skemmtilegir og líflegir spjallþættir þar sem fimm konur skiptast á að taka á móti góðum gestum.
**19.50** **30 Rock** *(7:13)*
**20.10** **Survivor** *(5:15)* Það er komið að 26. þáttaröðinni af Survivor með kynninn Jeff Probst í fararbroddi og í þetta sinn er stefnan tekin á Caramoan á Filippseyjum. Nú eru það tíu eldheitir aðdáendur þáttanna sem fá að spreyta sig gegn tíu vinsælum keppendum úr fyrri Survivor-seríum.
**21.00** **Madam Secretary - NÝTT** *(1:13)*
**21.45** **Unforgettable** *(7:13)*
**22.30** **The Tonight Show**
**23.15** **Fargo** *(6:10)*
**00.05** **Under the Dome** *(7:13)*
**00.45** **Madam Secretary** *(1:13)*
**01.30** **Unforgettable** *(7:13)*
**02.15** **The Tonight Show**
**03.05** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** **European Tour 2014**
**13.10** **Golfing World 2014**
**14.00** **Inside the PGA Tour 2014**
**14.25** **PGA Tour 2014**
**18.45** **Golfing World 2014**
**19.35** **PGA Tour Latinoamerica**
**20.00** **PGA Tour Highlights**
**20.55** **Champions Tour 2014**
**21.50** **Golfing World 2014**
**22.40** **PGA Tour Latinoamerica**
**23.05** **Champions Tour 2014**
**03.00** **World Golf Championship 20**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**Heillandi sýning fyrir alla fjölskylduna**

# Hnotubrjóturinn

*St. Petersburg Festival Ballet*
*ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands*

Hrífandi jólaævintýri við tónlist eftir Tchaikovsky



## Sýnt í Eldborg

**21. nóvember**
**kl. 19:30**
Frumsýning

**22. nóvember**
**kl. 13:00** 2. sýning
**kl. 17:00** 3. sýning

**23. nóvember**
**kl. 13:00** 4. sýning
**kl. 17:00** 5. sýning

*Helmingsafsláttur fyrir 12 ára og yngri*

Nánari upplýsingar í síma 528 5050, á midi.is og harpa.is

**www.harpa.is/hbr**

Icelandair Arion banki Center Hotels 365

## BESTI SKYNDIBITINN



**„Sushi. Það er án vafa besti skyndibitinn hjá öllum í fjölskyldunni.“**

Guðrún Tinna Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Ígló & Indí.

# Spaugstofan hætt á Stöð 2 og komin í pásu

Grallararnir eru hættir á Stöð 2 eftir fjögurra ára starf og eru að íhuga næstu skref. Leikhús kemur til greina.

Í fyrsta sinn síðan í byrjun síðasta áratugar er Spaugstofan ekki á dagskrá í sjónvarpi.

„Það voru gerðar heilmiklar breytingar á Stöð 2, bæði áherslubreytingar og mannabreytingar. Þetta var eitt af því sem kom út úr því,“ segir Karl Ágúst Úlfsson, spurður út í stöðu mála hjá þeim félögum. „Þetta kom okkur á óvart en þetta er ekkert sem við nennum að vera ergilegir yfir.“

Alls eru 25 ár liðin síðan Spaugstofan byrjaði með fasta þætti í Ríkissjónvarpinu. Fyrir fjórum árum söðluðu þeir félagar um og fluttu sig yfir á Stöð 2 en núna er það tímabil á enda runnið.

Á þessum 25 árum hefur Spaugstofan tvívegis tekið pásur frá sjónvarpsþáttagerð og þannig er staðan einnig núna. „Við erum enn að vinna saman og erum að skoða hvað við gerum næst,“ segir Karl Ágúst.

**→ Á næsta ári verða 30 ár liðin síðan Spaugstofan var stofnuð.**

Spurður hvort þeir séu í viðræðum við aðra sjónvarpsstöð segir hann málið snúast um hvað þeim sjálfum þyki mest spennandi.

„Við erum að skoða alla möguleika og alla miðla, þannig séð. En við höfum alltaf verið veikir fyrir leiksviðinu og erum að velta því fyrir okkur kannski að skella okkur á svið.“ - fb



**SPAUGSTOFAN** Karl Ágúst Úlfsson, Örn Árnason, Sigurður Sigurjónsson og Pálmi Gestsson hafa ekki sungið sitt síðasta.

# Oddi fargaði þrjú þúsund eintökum

Prentsmiðjan Oddi varð að prenta nýtt upplag af ævisögu Luis Suarez því hann vildi laga handritið.

Farga varð fyrsta upplagi af íslenskri útgáfu sjálfsævisögu knattspyrnuhetjunnar Luis Suarez úr Barselóna, eða þrjú þúsund eintökum.

Þrátt fyrir það kemur bókin út á Íslandi 6. nóvember, eins og áætlað var í upphafi, á sama tíma og í Englandi, Hollandi og föðurlandi kappans, Úrúgvæ.

Þýðandi bókarinnar, Arnar Matthíasson, lagði nótt við nýtan dag eftir að hann fékk handritið í hendur nú í sumar og því tókst að senda bókina í prentun á tilsettum tíma.

Í lok síðustu viku, eftir að Prentsmiðjan Oddi hafði prentað og bundið stórt upplag af ævisögunni, fékk Veröld, útgefandi bókarinnar, hins vegar þau skilaboð að Suarez vildi gera ákveðnar breytingar á verkinu. „Að sjálfsögðu brugðum við skjótt við, hentum fyrsta upplaginu og löguðum handritið eins og Suarez vildi. Í góðu samstarfi við vini okkar í Odda náum við síðan að koma bókinni til íslenskra lesenda þann sjötta nóvember, eins og til stóð,“ segir Pétur Már Ólafsson, útgefandi hjá Veröld.

Í bókinni fjallar Suarez til dæmis ítarlega um hina dramatísku atburði sem gerðust á heimsmeistaramótinu í Brasilíu í sumar. - fb

> **Að sjálfsögðu brugðum við skjótt við, hentum fyrsta upplaginu og löguðum handritið eins og Suarez vildi.**
>
> *Pétur Már Ólafsson*



**PÉTUR MÁR ÓLAFSSON** Segist hafa fargað fyrsta upplaginu í góðu samstarfi við prentsmiðjuna Odda.

**LUIS SUAREZ**

# Ljósmyndir frá Ástu í hinu indverska Vogue

Tíu ljósmyndir sem Ásta Kristjánsdóttir tók á Íslandi í sumar hafa birst í Vogue India. Hún vonast til að myndirnar opni dyr fyrir hana að enn stærri verkefnum.

Tíu ljósmyndir sem Ásta Kristjánsdóttir tók á Íslandi í sumar hafa birst í indverskri útgáfu tímaritsins heimsfræga, Vogue.

„Ég fór á fund með þeim í Mumbai á Indlandi og bar upp þá hugmynd um að mynda á Íslandi. Þeir skoðuðu möppuna mína og lögðu þetta fyrir ritstjórann og stjórnina og svo var það samþykkt,“ segir Ásta,“ spurð út í verkefnið.

Myndatakan stóð yfir í tvo daga og fór m.a. fram við Jökulsárlón og á Suðurnesjum. „Þetta var rosalega mikil vinna. Undirbúningurinn snerist um að finna rétta tökustaði, réttu fyrirsætuna og svo mátti veðrið ekki klikka. Svo finnst mér flott hjá Icelandair að styrkja verkefnið,“ segir hún. „Þetta er ofsalega mikil landkynning fyrir Ísland. Vogue India er lesið í milljónum eintaka og ég reikna með að fólk eigi eftir að reka upp stór augu þegar það sér landslagið og vilji koma hingað.“

Ásta er fyrsti Íslendingurinn sem á ljósmyndir í Vogue India og viðurkennir að það sé mikill heiður. „Maður er búinn að lesa Vogue síðan maður var lítill. Þetta er bara óskaplega gaman,“ segir hún og vonast til að myndirnar opni stærri dyr fyrir hana að ljósmyndamarkaðnum erlendis. „Þetta eru ekki best launuðu verkefnin en þau opna kannski dyr að öðrum verkefnum sem borga meira.“

Ásta hefur á þessu ári haldið sýningu fyrir Amnesty International, auk þess sem hún er að undirbúa aðra fyrir Barnaheill. Hún segir umhverfið vera að breytast fyrir íslenskar konur í ljósmyndun. „Það er ótrúlegt hvað það hafa verið fáar konur í þessu en ég held að það sé að breytast. Við erum að ryðja okkur leiðina inn.“

freyr@frettabladid.is



**VIÐ BLÁA LÓNIÐ** Fyrirsætan Angela Jonsson í nágrenni Bláa lónsins á einni af myndunum sem birtust í Vogue India.

MYND/ÁSTA KRISTJÁNSDÓTTIR



**AÐ STÖRFUM** Ásta við tökur á myndinni við Bláa lónið, sem birtist hér að ofan.

**→ Tólf manns tóku þátt í tökunum, þar á meðal Ísak Freyr, fyrirsætan Angela Jonsson, stílistinn Lorna McGee, Theódóra Mjöll Skúladóttir Jack og þau Jón Guðmundsson og Ellen Inga.**





VIÐ ÞÖKKUM FRUMSÝNINGARGESTUM OKKAR FYRIR ÓLÝSANLEGAR VIÐTÖKUR !
Matti Matt
Friðrik Ómar
Jógvan Hansen
TÖFRAR
RIGG
ON THE AIR
TOM JONES
-SJÓÐHEITIR Í AUSTURBÆ
ÖLL BESTU LÖG TOM JONES Í BLAND VIÐ FRÁBÆRA SKEMMTUN
DRENGIRNIR FARA HREINLEGA Á KOSTUM AUK 11 MANNA HLJÓMSVEITAR
"ÉG VISSI ALVEG AÐ ÞEIR GÆTU SUNGIÐ VEL EN ÞVÍLÍKIR SKEMMTIKRAFTAR SEM ÞESSIR DRENGIR ERU. GÆSAHÚÐ, HLÁTUR OG SVEI MÉR ÞÁ EF ÉG TÁRAÐIST EKKI Í NOKKRUM LÖGUM"
ATLI SIGURÐSSON
SÝNINGARGESTUR
"UMGJÖRÐIN OG FAGMENNSKAN VAR EINS OG BEST GERIST ERLENDIS. ENN OG AFTUR NÁ RIGG VIÐBURÐIR AÐ TOPPA SIG. ÞVÍLÍK VEISLA."
SIGRÚN GÍSLADÓTTIR
SÝNINGARGESTUR
MÆLI 100% MEÐ SÝNINGUNNI. HELD AÐ ÞETTA SÉ Í FYRSTA SKIPTI ÞEGAR AÐ SÝNINGU LÝKUR SEM ÉG SEGI "OH ER ÞETTA BÚIÐ?"
LÍSA MARÍA KARLSDÓTTIR
SÝNINGARGESTUR
"ÞETTA VAR ALGJÖRLEGA ÓGLEYMANLEGT KVÖLD! STEMNINGIN Í SALNUM VAR EINS OG Á LANDSLEIK Í HANDBOLTA OG ÍSLAND MEÐ YFIRHÖNDINA! HEF EKKI UPPLIFAÐ SVONA KVÖLD Í HÁA HERRANS TÍÐ!"
GUÐBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR
SÝNINGARGESTUR
MIÐASALA Í FULLUM GANGI! Miðaverð 5990.-
midi.is
"VIÐ FÓRUM SAMAN VINKONURNAR OG HÖFUM SJALDAN HLEGIÐ EINS MIKIÐ Á ÆVINNI. ÉG ÆTLA AFTUR!"
ALDÍS BRYNJARSDÓTTIR
SÝNINGARGESTUR
NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SÉRKJÖR FYRIR HÓPA OG FYRIRTÆKI Í SÍMA 571-5900 ALLA DAGA MILLI 14-17
NÆSTU SÝNINGAR:
14. NÓVEMBER KL. 20:00
15. NÓVEMBER KL. 20:00
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA HÉR:
facebook /TOFRARTOMJONES
SÝNINGIN ER TVISVAR 50 MÍNÚTUR AUK 20 MÍNÚTNA HLÉS. DRYKKIR LEYFÐIR INN Í SAL!
FRAMLEIÐANDI: RIGG VIÐBURÐIR
RÁS 2
AUSTURBÆR
Snorrabraut 37
Coca-Cola
RIGG
EXTON
NÆRUR TIL SÖLU Á STAÐNUM Á AÐEINS 250.-

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ
LOFORÐ WOW


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Mæla með íslenskum Airwaves-sveitum

Breska tónlistartímaritið The 405 hefur tekið saman það sem ritstjórn blaðsins telur vera mest spennandi íslensku tónlistarmennina á Iceland Airwaves-tónleikahátíðinni, sem hefst opinberlega í dag. Efst á listanum er **dj. flugvél og geimskip** en auk hennar er mælt með Berndsen, M-Band, Nolo, Oyama, Just Another Snake Cult, Kippa Kanínus, Samaris, Ghostigital, Grísalappalísu og síðast en ekki síst Jóhanni Jóhannssyni og Sinfóníu Reykjavíkur. The 405 heldur síðan kvöld í Gamla bíói á föstudeginum ásamt því að sýna heimildarmyndina Tónlist í Bíói Paradís yfir hátíðina.



- þij

### Bók Bjarna gefin út í Bretlandi

Samningar tókust um útgáfu á nýjustu skáldsögu **Bjarna Bjarnasonar,** Hálfsnert stúlka, í Bretlandi eftir bókamessuna miklu í Frankfurt í október. Það er útgáfufyrirtækið Red Hand Books sem gefur bókina út. Hrifning erlenda útgefandans af þessari nýju skáldsögu Bjarna var það mikil að ekki var beðið eftir því að bókin kæmi út á íslensku. Red Hand Books hefur áður gefið út skáldsöguna Endurkoma Maríu eftir Bjarna. Sú bók var á sínum tíma tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna.



- jhh

## Mest lesið Vísir

1. Stundar vændi á meðan barnið sefur og maðurinn er í eldhúsinu
2. Telur sér stýrt af djöflinum en fær enga hjálp heima við
3. Dramatískasta stundin í bandarískum íþróttum á árinu | Myndband
4. Stjórn ekki upplýst um kaup á tíu milljóna króna Benz
5. Freyja Haraldsdóttir við Karl Garðarsson: „Þú nennir ekki að skilja fólk sem er ekki eins og þú“


**Næsta bylgja sjónvarpa er komin**

innovation + you



með Android PHILIPS

Heimilistæki
ht.is



HEY WOW!

# PÁSKAFRÍ Á SPÁNI?




**VIÐ ÁBYRGJUMST LÆGSTA HÓTELVERÐIÐ**

Í gegnum samstarfsaðila bjóðum við

**3.078** gistirými í **Alicante** og **681** í **Tenerife**.

**BÓKAÐU ALLT Á WOWAIR.IS**

WOW MOMENT

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 WOWAIR.IS WOWAIR@WOWAIR.IS

Verð miðast við flug aðra leið með sköttum, bókunar- og töskugjald ekki innifalið.